



48

BLÁSÍÐ HÁR OG BIBLIÚTILVÍSANIR

Of mikið fótósjopp og allt of mikil litagleði? Óræð og ógnvekjandi augnatillit frambjóðenda eða opnir kristilegir fadmar sem bjóða þér að koma heim? Spekingar spjalla um auglýsingar stjórnmalaflokkanna.

HERRAFATAVERBLUN
MEÐ MEIRU

WWW.BLAZE.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. maí 2007 – 121. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Moss-æðið magnast

Fjöldi manns beið í ofvæni fyrir utan höfuðstöðvar Top Shop í Oxford Street eftir fatalínu fyrir-sætunnar Kate Moss.



TÍSKA 66

Fyrrum feimin kórstelpa

Emilíana Torrini syngur með gamla kórnum sínum í Salnum í Kópavogi.



MENNING 64

Rokkarinn nýtir sér tæknina

Eiríkur Hauksson bryddar upp á nýjungum í herferð sinni fyrir Eurovision.



FÓLK 82

Allt of stórt tap

Íslenska 17 ára liðið tapaði 0-3 fyrir Hollandi í úrslitakeppni EM í Belgíu í gær. Strákarnir eiga enn möguleika á að komast á HM í Suður-Kóreu.

ÍPRÓTTIR 78

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTA SYÐRA - í dag verður austan eða norðaustan 10-18 m/s við suður- og vesturströndina, annars hægari. Rigning eða skúrir syðra en bjart með köflum á Norður- og Austurlandi. Hiti 2-10 stig að deginum, mildast sunnan til.



STEIKUNUM STAFLAÐ Hvalveiðar í atvinnuskyni hófust í gær þegar hrefnuveiðibáturinn Njörður KÓ 7 náði fyrstu hrefnunni af þeim 29 dýrum sem eftir eru af kvóta fiskveiðisins. Ólafur Haraldsson bátsverji staflaði hrefnusteikum í gríð og erg þegar ljósmyndari átti leið um Kópavogshöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hvalkjötið ómengað

Niðurstöður úr sýnum úr langreyðunum sjö sem veiddar voru í fyrra sýna að kjötið er ómengað. Hrefnuveiðimenn hófu hvalveiðar í atvinnuskyni í gær.

SIÁVARÚTVEGUR Fyrirliggjandi niðurstöður allra rannsókna á sýnum sem tekin voru úr þeim sjö langreyðum sem veiddust í fyrrahaust eru langt undir eitrunarmörkum. Hvalveiðar í atvinnuskyni hófust í gær þegar hrefnuveiðibáturinn Njörður KÓ 7 kom með fyrstu hrefnuna á þessari vertíð að landi. Veidar á langreyði hefjast ekki að nýju á þessari vertíð nema viðbótarkvóti verði gefinn út. Sjávarútvegsráðherra segir að ákvörðun um frekari hvalveiðar verði tekin þegar sölu á fyrirliggjandi hvalaafurðum er lokið.

Kristján Loftsson, forstjóri Hvals, segir að allar niðurstöður rannsókna á sýnum sem tekin voru úr langreyðunum sjö, sem

veiddar voru í fyrrahaust og beðið hefur verið eftir síðan í janúar, komi allar vel út. „Við erum loksins komnir með hluta af niðurstöðunum og þær eru langt undir öllum mörkum. Þetta eru um 5.000 sýni og er leitað að mörgum efnum í kjötinu. Sumt er klárt en annað ætla þeir að skoða betur.“ Kristján segir að Hvalur 9 verði ekki sendur á veiðar að nýju fyrr en skýrst hefur hvort gefinn verði úr viðbótarkvóti. Tvær langreyðar eru eftir af níu dýra kvóta fiskveiðisins.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að ákvörðun um viðbótarkvóta hafi ekki verið tekin. „Þegar salan á hvalaafurðunum hefur farið fram, sem skýr-

ist fljótlega, verður tekin ákvörðun um framhaldið.“

Fyrstu hrefnunni af 29 dýra kvóta sem heimilt er að veiða í atvinnuskyni var landað í Kópavogshöfn í gær. Það var hrefnuveiðibáturinn Njörður sem náði dýrinu með lítilli fyrirhöfn að sögn Guðmundar Haraldssonar skipstjóra.

Gunnar Bergmann, formaður Félags hrefnuveiðimanna, segir að veiðarnar hefjist svo óvenju snemma vegna þess að kjöt frá því í fyrra sé uppuríð. „Ég hef spurnir af því að mikið sé af hrefnu á miðunum sem er ekki óvenjulegt en einnig hefur sést langreyður inni á Steingrímsfirði sem er óvenjulegt svona snemma.“ - shá

Íslensk stjórnvöld eru treg til að styrkja Live Earth tónleika á Íslandi:

Óvissa um stórtónleika í Reykjavík

MENNING Þann 7. júlí næstkomandi verða haldnir tónleikar undir nafninu Live Earth í nokkrum helstu borgum heims. Reykjavík kemur til greina sem einn tónleikastaðanna og óskað hefur verið eftir fjárstyrk frá íslenska ríkinu vegna verkefnisins.

„Ég sendi erindi til forsætisráðuneytisins í byrjun janúar þar sem ég óskaði eftir styrk en ég hef ekki fengið svör,“ segir Kári Sturluson, „sendiherra“ Live Earth á Íslandi. Reiknað er með að tveir millj-

arðar fylgist með tónleikunum í beinni útsendingu en markmið þeirra er að vekja fólk til umhugsunar um umhverfismál. Kári segir að hróður íslenskra tónlistarmanna, íslensk náttúra og þekking Íslendinga á umhverfissvænni orku hafi vakið áhuga forsvarsmanna Live Earth. Skipuleggjendur eru að hluta til þeir sömu og sáu um Live 8 tónleikana árið 2005.

Áætlaður kostnaður við tónleikana er um 80 milljónir króna. Upphaflega hljóðaði styrkbeiðnin upp

á 25 milljónir króna en nú óskar Kári eftir 15 milljónum í styrk.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra, segir að það sé alla jafna ekki í verkahring stjórnvalda að halda tónleika. „Við höfum alls ekki tekið afstöðu gegn málefnum og styrkbeiðnin er enn til umfjöllunar,“ segir Ragnheiður.

Andri Snær Magnason rithöfundur gerir tónleikana að umræðuefni í grein sinni í Fréttablaðinu í dag. - þo / sjá síðu 30

Ferjuhöfn í Bakkafjöru:

Dregur úr fólksfækkun í Eyjum

SAMGÖNGUR Ferjuhöfn í Bakkafjöru á Suðurlandi mun hafa verulega jákvæð áhrif í för með sér fyrir Vestmannaeyjar.



GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON

Sérstaklega mun ferðaþjónusta njóta góðs af en einnig annað atvinnulíf. Gera má ráð fyrir að það dragi úr fólksfækkun í Eyjum verði ferjuhöfn að veruleika og að

fasteignaverð hækki. Þetta kemur fram í skýrslu sem Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Bifröst hefur unnið fyrir stýrihóp á vegum samgönguráðuneytisins.

Dr. Grétar Þór Eypórsson, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Bifröst, segir meginniðurstöður skýrslunnar sýna að áhrif ferjuhafnar yrðu að langmestu leyti jákvæð fyrir íbúa Vestmannaeyja. „Við teljum að ferjuhöfn verði til þess að það dragi úr þeirri hægfara fólksfækkun sem verið hefur í Eyjum undanfarnin ár.“ - sþs / sjá síðu 16

Nokia Siemens í Finnlandi:

Segja upp þúsundum manna

FINNLAND Stefnt er að því að fækka starfsmönnum hjá Nokia Siemens um níu þúsund næstu þrjú árin. Uppsagnirnar koma einkum við starfsmenn í Finnlandi og Þýskalandi, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat. Gert er ráð fyrir að meira en 1.500 af tíu þúsund Finnum verði sagt upp og að sjö hundruð hætti strax á þessu ári.

Um sextíu þúsund manns vinna hjá Nokia Siemens um allan heim, og er búist við að starfsmönnum um fækki um tíu til fimmtán prósent til ársins 2010. Uppsagnirnar teljast til hagræðingaraðgerða hjá sameinuðu fyrirtæki Nokia og Siemens. Starfsmennirnir endu til mótmælaaðgerða í Finnlandi í gær. - ghs

DELTA LIGHT



Rafkaup
Ármúla 24 • Sí: 585 2800


OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

FISKIDAGUR
FRJÁLSLYNDU FLOKKSINS
Sægreifanum í dag kl.15.00. Allir velkomnir.

www.xf.is



Frjálslýndi flokkurinn



Aukablað fylgir á morgun í tilefni Megrunarlausadagsins



SPURNING DAGSINS



Manuela, ef einhver kýlir á þetta verður þá kjóllinn sleginn?

„Já, og viðkomandi ætti að verða kápan úr því klæðinu.“

Manuela Ósk Harðardóttir og Karen Lind Tómasdóttir standa fyrir uppboði til styrktar Forma-samtökunum. Manuela útilokar ekki á kjóllinn sem hnefaleikakappinn Mike Tyson gaf henni um árið sé falur fyrir rétt verð.



NAGLANA BURT Ökumenn áttu að taka nagladekkin undan 15. apríl.

Sektað fyrir nagladekkin:

Kæruleysi kostar 20 þúsund

UMFERÐIN Tæpar þrjár vikur eru síðan bifreiðaeigendur áttu að vera búnir að taka nagladekkin undan bílum sínum. Sekt fyrir þá sem enn aka á nagladekkjum nemur 5.000 krónum á hvern hjólbarða eða 20.000 krónum ef öll dekk bílsins eru negld.

Hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fengust þær upplýsingar að ekki væri hafið sérstakt átak gegn nagladekkjunum en einhverjir hefðu þó verið sektaðir. Fjölmargir ökumenn hafa fengið þau tilmæli að skipta yfir á sumardekkin en í næstu viku má búast við að tekið verði harðar á málum.

Falspóstar í nafni Vodafone:

Lögreglan vill fá svikapóstinn

LÖGREGLUMÁL Fjöldi fyrirspurna barst til Vodafone í gær vegna tölvupósts sem er í dreifingu, þar sem móttakendum var tilkynnt að þeir hefðu unnið stórfé í páska-leik Vodafone í Hollandi. Fyrirtækið hefur tilkynnt lögreglu um þessar póstsendingar, að sögn Hrannars Péturssonar, forstöðumanns almannatengsla fyrirtækisins, enda um gabb að ræða.

Hrannar varar fólk við að svara umræddum tölvupósti, enda sé hann augljóslega tilraun óprúttinna aðila til að misnota trúverðugleika Vodafone. Lögreglan hvetur þá sem fá tölvupóst af þessu tagi til að tilkynna það á netfangið he@rls.is.

Einn fornfrægasti veitingastaður Íslands tekur óðum á sig nýja mynd:

Kantónskur matur í Naustið

MIDBORGIN Kantónskur veitingastaður opnar síðar í mánuðinum þar sem veitingastaðurinn Naustið var áður til húsa. Á föstudag var unnið að því að festa kínverskum skrautsúlur og fleira á húsið.

Hafist var handa fyrr í vetur við að hreinsa út úr Naustinu og hefur síðan verið unnið hörðum höndum að breytingunum. Meðal annars hefur eigandi hússins, Karl Steingrímsson, látið fjarlægja kýraugu sem áður voru á Naustinu og komið fyrir gluggum eins og þeir munu hafa verið upprunalega. Erlent fyrirtæki leigir húsið undir nýja kínverska veitingastaðinn sem sagður er mun verða í háum gæðaflokki.



SÚLURNAR Á SINN STAÐ Austurlenskir iðnaðarmenn leggja lokahönd á skreytingar utanhúss á kínverska veitingastaðnum sem senn verður opnaður í Naustinu sem eitt sinn var. Kýraugur eru horfin af veggjum hússins.

Sprautufíklarnir eru bæði fleiri og yngri

Fleiri unglingar hafa leitað til Foreldrahúss vegna vímuefnavanda á þessu ári en venjulega hefur verið. Starfsmenn segja sprautufíkla verða yngri og efast um að dregið hafi úr fíkniefnaneyslu þótt rannsóknir hafi sýnt vísbendingar um það.

HEILBRIGÐISMÁL Yngsti sprautufíkillinn sem leitað hefur á náðir Foreldrahúss á þessu ári var stúlka sem var nýorðin fjórtán ára gömul. Þetta segir Dána Ósk Óskarsdóttir, áfengis- og vímuefnaráðgjafi hjá Foreldrahúsi. Hún segir sprautufíkla yngri og fleiri nú en hún hefur áður séð í starfi sínu.

„Í janúar sögðum við að það virtist sem einhver toppur í þessum málum væri. Við biðum eftir því að hann myndi réna. Það hefur ekki enn gerst,“ segir Dána.

Nýleg könnun Rannsókna og greiningar benti til þess að dregið hefði úr fíkniefnaneyslu unglunga. Dána segir varhugavert að draga miklar ályktanir af útkomu einnar rannsóknar. Hennar reynsla sé allt önnur en að vímuefnaneysla sé í rénum meðal ungs fólks, þvert á móti. „Ég hef haft afskipti af töluvert fleiri ungum sprautufíklum á þessu ári heldur en áður hefur verið. Þessir krakkar mæta oft mjög lítið í skóla eða eru hreinlega hættir að mæta; rannsóknin nær því ekki til þeirra. Þar fyrir utan segja krakkararnir oft að þeir geri sér að leik að ljúga til í svörum,“ segir Dána. Hún bendir þó á að þar sem For-



UNGLINGAR Starfsmenn Foreldrahúss segja hafa séð mun fleiri unga sprautufíkla nú en verið hefur. Yfirlæknir SÁÁ segir eftirspurn eftir meðferðarplássi hjá fólki undir tvítugu að aukast.

eldrahúsið sé grasrótarsamtök hafi ekki verið veitt fjármunum í rannsóknir á þróuninni. Starfsmennirnir þar geti þó allir vitnað um að vímuefnaneysla virðist vera orðin algengari meðal krakka. Úrræði vanti fyrir fjölda unglunga og fjölskyldur þeirra, þau sem þegar séu í boði séu yfirfull eins og biðlistar á BUGL og Stuðla sýni. „Við reynum að veita fjölskyldum ungra fíkla aðstoð rétt eins og börnunum. Oft þurfa fjölskyldurnar ekki síður hjálp auk þess sem fólk áttar sig oft ekki

á því hvað foreldrar verða fyrir miklu áfalli við að komast að því að barnið þeirra neytir vímuefna. Þó verðum við að vísa erfiðustu tilfellunum frá okkur í frekari meðferð, þótt við fylgjum öllum málum eftir,“ segir Dána.

Þóririnn Tyrffingsson, yfirlæknir SÁÁ, segir að venjulega séu þeir unglingar sem þangað leita heldur eldri en þeir sem Foreldrahús leiðbeinir. „Það virðist sem eftirspurn eftir meðferðarplássi hjá okkur, fyrir fólk undir tvítugu, sé að aukast,“ segir Þóririnn. Hann segist ekki hafa orðið vitni af því að dregið hafi úr neyslu unglunga en bendir á að árgangar séu mjög mismunandi hvað þetta varðar.

karen@frettabladid.is



DÁNA ÓSK ÓSKARS-DÓTTIR



ÞÓRIRINN TYRFFINGSSON

Hlutafélagið Keilir stofnað: Fræðamiðstöð á vellinum

MENNTAMÁL Stofnað hefur verið hlutafélag um miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs á Keflavíkurflugvelli. Markmið félagsins, sem hefur hlotið nafnið Keilir, er að byggja upp háskólasamfélag í gömlu herstöðinni. Starfsemi hefst eftir helgi. Um er að ræða stærstu fjárfestingu einkaaðila í menntamálum frá upphafi en heildarhlutafélagið nemur 300 milljónum króna.

Starfsemi Keilis verður af ýmsum toga og alþjóðleg samskipti verða mikil. Í samvinnu við Háskóla Íslands verður unnið að þróun háskólanáms á ýmsum sviðum.

- þo

Kári Stefánsson:

Með áhrifamestu mönnum heims

VÍSINDI Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, er í hópi hundrað áhrifamestu manna heims samkvæmt nýjasta hefti tímaritsins Time. Áhrifafólkinu er skipt í hópa og er Kári nefndur í hópi vísindamanna og hugsuða. Með honum á lista þar eru menn eins og Paul Allen, stofnandi Microsoft, og Al Gore, fyrrverandi varforseti Bandaríkjanna. Í umsögninni um Kára segir að hann hafi nýtt sér einsleitni íslensku þjóðarinnar til þess að rannsaka arfgengi sjúkdóma. Þar segir að fyrirtæki Kára hafi gert merkar og mikilvægar uppgötvunir.



KÁRI STEFÁNSSON

- þo

Alþjóðlegur dagur ljósmæðra:

Minna á mikilvægi starfsins

HEILBRIGÐISMÁL Alþjóðlegur dagur ljósmæðra er haldinn hátíðlegur víða um heim í dag. Kristbjörg Magnúsdóttir, gjaldkeri Ljósmæðrafélags Íslands, segir að markmiðið með deginum sé að fagna því sem ljósmæður standa fyrir og vekja athygli á störfum ljósmæðra um allan heim.

„Við verðum ekki með neina sérstaka dagskrá. Yfirskrift dagsins í ár er sú að ljósmæður vilji ná til kvenna hvar sem þær eru staddar,“ segir Kristbjörg.

Stór hópur íslenskra ljósmæðra er staddur í Finnlandi á norðurlandaráðstefnu ljósmæðra sem haldin er í tilefni dagsins. Þar halda íslenskar ljósmæður fyrirlestra fyrir starfssystur sínar á Norðurlöndum og deila reynslu sinni.

- þo

Royal varar við ofbeldi og óeirðum ef Sarkozy verður forseti í Frakklandi:

Fylgi Sarkozys hefur aukist

FRAKKLAND, AP Segolene Royal, forsetaframbjóðandi franskra sósíalista, varaði í gær við því að ofbeldi og uppbot gætu aukist í Frakklandi ef móttframbjóðandi hennar, hægrimaðurinn Nicolas Sarkozy, sigrar í forsetakosningunum á morgun.

„Það er hættulegt að kjósa Sarkozy. Ég vil ekki að Frakkland stefni í áttina að kerfishrottaskap,“ sagði hún í sjónvarpi í gærmorgun.

Stuðningsmenn Sarkozy sögðu þetta síðasta útspil hennar ekki viðeigandi.

Hins vegar býr franska lögreglan sig nú undir óeirðir í fátækrahverfum Parísar á sunnudagskvöldið, fari svo að Sarkozy beri sigur úr býtum.

Sarkozy er fyrrverandi lögregluforingur og síðar innanríkisráðherra. Hann aflaði sér tölu-

verðra óvinsælda meðal þeldökkra og arabískra ungmenna árið 2005 þegar hann, þá innanríkisráðherra, kallaði þá sem átt höfðu í útistöðum við lögreglu í fátækrahverfunum „úrþvætti“ og hét því að hreinsa þá burt með vatni úr háþrýstidælum.

Þá um sumarið brutust út óeirðir í fátækrahverfum Parísar sem stóðu í þrjár vikur.

Margir Frakkar eru á hinn bóginn mjög hrifnir af því hve Sarkozy tók á glæpum af mikilli hörku eftir að hann varð innanríkisráðherra árið 2002.

Samkvæmt síðustu skoðanakönnunum fyrir kosningar, sem birtust í gær, hefur fylgi við Sarkozy vaxið á síðustu dögum og stefnir því allt í að hann verði næsti forseti Frakklands. Nýr forseti á að taka við fyrir 17. maí. - gb



NICOLAS SARKOZY Veifar til fylgismanna sinna á útifundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BÍLL DAGSINS HONDA HR-V

Nýskr. 04.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 25 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Grasáburður
499
5 kg

Turbokalk
799
12,5 kg

Grasfræ
699 1 kg

Úrvals gróðurmold
249 10 ltr

Gegn mosa í grasinu

Sýpris
í útikerin
799

Svona gerum við

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni
2. Berum grasáburð á grasflötina
3. Berum garðakalk á grasflötina
4. Sáum grasfræi í sárin
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur


blómaval
heillandi heimur

Skútuvegur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	63,59	63,89
Sterlingspund	126,32	126,94
Evra	86,21	86,69
Dönsk króna	11,568	11,636
Norsk króna	10,606	10,668
Sænsk króna	9,416	9,472
Japanskt jen	0,5279	0,5309

SDR	96,62	97,20
-----	-------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
116,8998
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Saksóknari kærir til Hæstaréttar frávísun héraðsdóms á hluta Baugsmálsins:

Kærir allt sem kæránlegt er

BAUGSMÁL Settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu kærði í gær til Hæstaréttar frávísun Héraðsdóms Reykjavíkur á 10 ákæruliðum af 19 í Baugsmálinu, auk þess sem frávísun á þætti Jóns Gerald Sullenberger var einnig kærð. „Ég kærði allt sem kæránlegt er,“ segir Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari. Hæstiréttur þarf nú að taka afstöðu til þess hvort frávísun héraðsdóms var eðlileg. Ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að svo hafi ekki verið getur hann lagt það fyrir héraðsdóm að fjalla aftur um þá ákæruliði sem vísað var frá. Engar breytingar má gera á ákæruliðunum áður en Hæstiréttur fær málið til meðferðar.

Sigurður Tómas hafnar því alfarið að refsheimildir í hlutafélagalögum séu ekki nægilega skýrar, eins og segir í dómsorði, og segir rétt að láta reyna á það fyrir Hæstarétti. Hann segist ekki hafa tekið ákvörðun um það hvort ákærvaldið muni áfrýja þeim ákæruliðum sem fengu efnislega meðferð dómsins. Lík-



SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON

legt er að það verði ekki gert fyrr en Hæstiréttur hefur tekið afstöðu til frávísunarmálsins. Tryggvi Jónsson var sakfelldur í fjórum ákæruliðum og Jón Ásgeir Jóhannesson í einum, en sýknað var í fjórum liðum. Bæði Jón Ásgeir og Tryggvi hafa þegar lýst því yfir að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

- bj / sjá síður 12-13

Náttúrufræðistofnun Íslands:

Auglýst eftir nýju húsnæði

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin ákvað í gær að auglýsa eftir nýju húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ráðherrum umhverfis og fjármála var falin umsjón málsins en stofnunin heyrir undir umhverfisráðuneytið.

Leitað er húsnæðis til að hýsa skrifstofur, vísinda- og sýnasafn Náttúrufræðistofnunar en ekki er ráðgert að Náttúrugripasafn Íslands, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið, flytji með.

Húsnæðismál Náttúrufræðistofnunar hafa lengi verið í ólestri, ekki síst geymslur gripa og sýna.

- bps



EKKI Í LEIT AÐ BJARGVÆTTI Calin Popescu Tariceanu, forsætisráðherra Rúmeníu.

Rúmeníuþing: Herstöðvasamningar staðfestir

RÚMENÍA, AP Rúmeníuþing samþykkti á miðvikudag með yfirgnæfandi meirihluta samninga um að heimila Bandaríkjaher afnot af fjórum herstöðvum í Rúmeníu til næstu tíu ára og að hafa þar allt að 3.000 hermenn.

Calin Popescu Tariceanu forsætisráðherra bar lof á samningana, sem undirritaðir voru í desember 2005. Hann sagði að í áratugi eftir árið 1945 hefðu margir Rúmenar „aðeins haft eina von: að bandarískir hermenn kæmu og frelsuðu okkur undan kommúnisma.“ Nú sé Rúmenía hins vegar „ekki lengur fórnarlamb í leit að bjargvætti, heldur bandamaður Bandaríkjanna í baráttunni gegn hryðjuverkum.“

Gert er ráð fyrir að Bandaríkjamenn taki við Mihail Kogalniceanu-herflugvælinum nærri Constanta síðar á árinu. - aa

LÖGREGLUFRÉTTIR

Grímuklæddur innbrotspjófur

Tveir karlmennt á þrítugsaldri voru handteknir í austurborginni aðfaranótt föstudags grunaðir um innbrot í tvo bíla. Annar maðinn var grímuklæddur, sá kvaðst vera steinaáhugaður og sagðist hafa verið að skoða steina á bílplaninu. Báðir mennirnir voru færðir í fangageymslur.

Jarðarbúar hafa ráð á að stöðva hlýnun

Í þriðja hluta loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna eru tilgreindar þær leiðir sem fara þarf til að draga úr hlýnun jarðar. Hvorki skortir fjármagn né tækni.

TAÍLAND, AP Jarðarbúar þurfa að draga verulega úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda til þess að hægja á hlýnun jarðarinnar. Í þriðja hluta skýrslu Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna eru helstu leiðirnar að þessu marki sagðar vera þær að gera orkunotkun í byggingum og farartækjum hagkvæmari, nota endurnýjanlega orkugjafa í staðinn fyrir jarðefnaeldsneyti og gera verulegar umbætur á sviði skógræktar og landbúnaðs.

Um tvö þúsund vísindamenn hafa setið á fundum í Bangkok í Taílandi undanfarna viku við að ganga frá lokatexta þriðja hluta nýjustu Loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna.

Í þessum þriðja hluta skýrslunnar er athyglinni beint að því hvaða leiðir eru færar til að draga úr hlýnun loftslags á jörðinni. Í fyrsta hlutanum, sem kom út í byrjun febrúar, var fjallað um hvaða þátt mannkynið á í hlýnun jarðarinnar, en í öðrum hlutanum, sem kom út í síðasta mánuði, var fjallað um áhrif hlýnunar á jarðrikið verði ekkert að gert. „Ef við höldum áfram því sem við erum að gera núna, þá erum við í miklum vanda staddir,“ sagði Ogunlade Davidson, annar tveggja formanna vísindahópsins sem vann að lokagerð skýrslunnar.

Í skýrslunni er skýrt tekið fram að mannkynið hefur yfir að ráða bæði nægu fjármagni og allri þeirri tækni sem þarf til að snúa þróuninni við. Verði ekkert að gert má hins vegar búast við að hiti hækki hratt með skelfilegum afleiðingum, fjölmargar dýrategundir muni útrýmast,



MEÐ GRÍMU FYRIR VITUM SÉR Öryggisvörður í Bangkok, þar sem vísindamenn hafa unnið að lokagerð þriðja hluta loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna, var með grímu fyrir vitum sér vegna mengunar í borginni.

yfirborð sjávar hækka, efnahagslífið væri í uppnámi og sums staðar yrðu þurrkar en annars staðar flóð.

Vísindamennirnir gera það að tillögu sinni að árið 2015 verði útblástur gróðurhúsalofttegunda orðinn stöðugur og haldist í styrkleikahlutfallinu 445 ppm. Þannig megi koma í veg fyrir að hitinn

hækki meira en tvær gráður að meðaltali.

Ráðamenn margra Evrópuríkja fögnuðu skýrslunni í gær. Talsmaður þýsku ríkisstjórnarinnar, sem fer með formennsku bæði í Evrópusambandinu og G-8 ríkjahópnum, sagði skýrsluna sýna að „metnaðarfull umhverfisvernd sé efnahagslega framkvæmleg,“ og bætti því við að það væri uppörvandi.

Fyrstu viðbrögð frá bandarískum stjórnvöldum voru hins vegar þau, að markmiðin sem sett eru í skýrslunni muni „auðvitað valda alþjóðlegri efnahagskreppu, sem við væntanlega viljum forðast.“

gudstein@frettabladid.is

„Ef við höldum áfram því sem við erum að gera núna, þá erum við í miklum vanda staddir.“

OGUNLADE DAVIDSON VÍSDAMADUR



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur


VÆTUSAMT SUÐURLAND

Nokkur lægðagangur er nú sunnan við land og er fylgiskur þess rigningartíð á landinu sunnanverðu. Þessu fylgir nokkur vindur en hann verður þó áberandi mestur á annesjum við suðurströndina en nokkuð hægari til landsins. Þá eru horfur á allhvössum vindi við Breiðafjörðinn. Smám saman lægir í dag og á morgun léttir nokkuð til á landinu sunnanverðu.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG
Austan 5-10 m/s.
Rigning eða skúrir. Hiti 6-9 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	19°C heiðskirt	London	19°C heiðskirt	Alicante	22°C heiðskirt
Billund	19°C heiðskirt	Paris	19°C hálfskýjað	Mallorca	23°C skúrir
Oslo	22°C alskýjað	Frankfurt	21°C léttskýjað	Basel	14°C rigning
Stokkhólmur	12°C skúrir	Friedrichshafen	14°C skúrir	Eindhoven	22°C alskýjað
Gautaborg	17°C hálfskýjað	Berlin	22°C hálfskýjað	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Forsætisráðherra Finna:

Rússar brjóta kurteisisreglur

FINNLAND Finnski forsætisráðherrann Matti Vanhanen hefur lýst yfir stuðningi við eistnesk stjórnvöld í ágreiningnum við

Rússa um styttna í Tallinn og telur þá kröfu Rússa fráleita að eistneska ríkisstjórnin segi af sér. Vanhanen telur rússnesku stjórnmalámenninga hafa með þessari kröfu brotið alþjóðlegar kurteisisreglur stjórnmalámenninga sem eru í heimsókn í landi með lýðræðislega kjörna ríkisstjórn.

Óeirðir komu nýlega upp í Tallinn eftir að eistnesk stjórnvöld ákváðu að færa styttna af sovéskum hermanni frá torgi í miðborginni í kirkjugarð hermanna.



MATTI VANHANEN

Sjómenn á Bjarna BA-326:

Hafa enn ekki fengið launin

VINNUMARKAÐUR Sjómennirnir pólsku sem hafa búið verklausir í báti við Grandabryggju síðan í janúar hafa enn ekki fengið launatryggingu greidda.

Hólmgeir Jónsson hjá Sjómannasambandinu telur þó að stytst í úrlausn málsins: „Við erum búnir að semja um lausnina en það tók lengri tíma í kerfinu en við reiknuðum með. Ég hef alla trú á að málið sé búið.“

Til stóð að greiða mönnum fyrir viku síðan, en Hólmgeir tekur fram að útgerðarmanninum, Nielsi Ársælssyni, verði ekki beinlínis kennt um tafnir. „Kerfið verður að hafa sinn gang. Ég vona að þessu ljúki á mánuðaginn.“

- kóp

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

KJÓSUM GRÆNA FRAMTÍÐ!

XV



LANDSBANKA HLAUPIÐ



Í DAG

um allt land



Landsbankahlaupið er fyrir 10–13 ára krakka. Hlaupið fer fram um allt land í dag og hefst kl. 11.00. Skráðir þátttakendur þurfa að mæta tímanlega fyrir upphitun eða um kl. 10.00.

Öllum er frjálst að mæta á svæðið til að fylgjast með hlaupinu og taka þátt í skemmtilegri fjölskylduhátíð að hlaupi loknu.



Sameiginlegt hlaup fyrir höfuðborgarsvæðið er á Laugardalsvellingum í Reykjavík

- Felix Bergsson og Þóra Margrét Jónsdóttir stjórna upphitun
- Bjarni töframaður sér um jójó og hakkísakk-leiki



Hlaupið verður við 21 útibú bankans um landið, sjá nánar á Klassi.is Fjölskylduhátíð um allt land að hlaupi loknu

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum aldurshópi drengja og stúlkna

- Allir þátttakendur fá verðlaunapening
- Allir þátttakendur fá Klassa-vatnsbrúsa
- Allir þátttakendur fá Klassa-boli



Allar nánari upplýsingar um hlaupið á Klassi.is



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár



Áttir þú von á þessari niðurstöðu úr Baugsmálinu?

Já	38,4%
Nei	61,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti að leggja niður samræmd próf í 10. bekk?

Segðu skoðun þína á visir.is



Tap breska Verkamannaflokksins ekki jafn mikið og spáð var fyrirfram:

Sigur skoskra þjóðernissinna

BRETLAND. AP Skoski þjóðernisflokkurinn SNP hrósaði sigri í Skotlandi og leiðtogi hans, Alex Salmond, gæti sem hægst orðið forsætisráðherra í nýrri stjórn skoska heimastjórnarþingsins.

„Ég held að nú sé nýr dagur að rísa, ekki bara í Skotlandi heldur út um allt land,“ sagði Salmond ánægður með sigurinn. Hann vill efna til sjálfstæðiskosninga árið 2010.

Hvorki SNP né aðrir flokkar náðu þó hreinum meirihluta í Skotlandi. SNP fékk 47 þingsæti, aðeins einu fleira en Verkamannaflokkurinn sem fékk 46 þingsæti. Íhaldsflokkurinn kom í þriðja sæti með 17 þingsæti og síðan Frjálsir demó-



TALNING ATKVÆÐA Í WINDSOR Miklar tafir urðu á talningu atkvæða víða í Bretlandi og allt að hundrað þúsund atkvæði voru úrskurðuð ógild. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

kratar með 16 af alls 129 þingmönnum á þinginu.

Í meira en hálfa öld hefur Verkamannaflokkurinn fengið flest

atkvæði í öllum kosningum í Skotlandi, þannig að úrslitin þar eru nokkurt áfall fyrir flokkinn.

Verkamannaflokkurinn tapaði sömuleiðis fylgi í Wales, þar sem einnig var kosið til heimastjórnarþings. Enn fremur varð tap Verkamannaflokksins í sveitarstjórnarkosningum um allt Bretland töluvert mikið, eins og búist var við.

Tony Blair forsætisráðherra sagði úrslitin þó ekki jafn slæm fyrir Verkamannaflokkinn og spáð hafði verið fyrirfram. „Allir sögðu að við myndum fá mikið högg, þetta myndi verða algjör ósigur, en það fór ekki svo,“ sagði hann. -gb

Samið um influensulyf:

Tryggja 300 þúsund skammta

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisráðuneytið samdi í gær við lyfjafyrirtækið GlaxoSmithKline um að Íslendingum verði tryggðir 300 þúsund skammtar af bóluefni gegn heimfaraldri influensu til ársins 2011. Sív Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra undirritaði samninginn fyrir hönd ráðuneytisins í gær.

Kostnaður íslenskra stjórnvalda við samninginn er 19,5 milljónir í ár og sama upphæð á næsta ári, sem jafngildir því að greiddar séu um 130 krónur á hvern skammt, að því er fram kemur í tilkynningu. Einnig var samið um fast verð á hvern skammt, um 600 krónur. -bj

Launadeila fangavaraða leyst:

Undirrita samninga bráðlega

VINNUMARKAÐUR Samkomulag hefur náðst í launadeilu fangavaraða og ríkisins, og er reiknað með því að skrifað verði undir



VALTÝR SIGURÐSSON

nýjan stofnana-samning á næstu dögum, segir Valtýr Sigurðsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar.

Hann segir deiluaðila hafa náð samkomulagi um 10 prósentu launahækkun frá 1. maí síðastliðnum, og 5,5 prósentu hækkun um næstu áramót.

Aukið fjármagn fékkst til þess að ná lendingu í málinu í kjölfar úttekta fjármálaráðuneytisins, sem sýndi að laun fangavaraða hefðu ekki fylgt almennri launþróun í landinu, segir Valtýr. -bj

UMFERÐ

Sægarðar lokaðir

Vegna framkvæmda við veitulagnir verða Sægarðar lokaðir við gatnamót að Sæbraut og að Vatnagördum frá 5. maí til 26. maí. Umferðarljós blikka á gulu ljósi. Á Sæbraut til norðvesturs verður aðeins ein akbraut á 50 metra kafla. Aðkoma frá Sæbraut að fyrir-tækjum á hafnarvæðinu verður um Holtaveg og Sundagarða.

ALPINGISKOSNINGARNAR

Rafræn kjörskrá

Borgarbúar geta aflað sér upplýsinga um hvoru Reykjavíkurborgardæmanna þeir tilheyra og hvar þeir eiga að kjósa á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is. Hafi fólk athugasemdir við kjörskrá getur það komið þeim á framfæri við skrifstofu borgarstjórnar í síma 411 3501 og á kosningar@hus.reykjavik.is.

Persónuvernd hefur Alcoa til skoðunar

Eyðublöð fyrir starfsmenn Alcoa-Fjarðaáls eru til skoðunar hjá Persónuvernd. Meðal annars er óskað eftir ítarlegum upplýsingum um heilsufarssögu fjölskyldu starfsmanna. Upplýsingarnar eru geymdar í gagnagrunni hjá fyrirtækinu InPro.

VINNUMÁL Persónuvernd hefur til skoðunar hvort Alcoa-Fjarðaál kunni að ganga of langt, og hugsanlega brjóta lög, með því að láta starfsmenn fylla út ítarleg eyðublöð um heilsufar sitt og félagslíf, auk ítarlegra upplýsinga um heilsufar fjölskyldu viðkomandi.

Dórður Sveinsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd, staðfesti að umsóknareyðublöð þar sem ítarleg upplýsinga er krafist væru til skoðunar hjá stofnuninni en hún væri ekki langt komin.

Meðal annars er spurt ítarlega úti í sjúkdóma- og veikindasögu fjölskyldu starfsmanna. Spurt er um hvort hátt kólesteról sé vandamál hjá fjölskyldumeðlimum, blóðleysi, astmi, áfengissýki, offita og aðrir alvarlegri sjúkdómar, til dæmis hjartaáföll og krabbamein.

Ítarlega er spurt út í félagslega sögu starfsmanna. Undir liðnum áfengisnotkun eru umsækjendur spurðir hvort þeim hafi „liðið illa eða verið með samviskubít vegna notkunar áfengis eða vímuefna“ og einnig hvort viðkomandi hafi „orðið pirraður á einhverjum sem gagnrýnir“ hann fyrir notkun áfengis eða vímuefna.

Umsækjendur er vinsamlegast beðinn um að veita sem „ítarlegastar upplýsingar“.


Tekið er fram að upplýsingarnar séu ekki veittar þriðja aðila nema „lögleg krafa eða heimild leyfi það“. Einnig kemur fram að upplýsingunum sé ætlað að veita bakgrunn fyrir heilsufarsskrá starfsmanna og vera lækni til hljóðsónar við heilsufarsskoðun. Stjórnendur fá ekki aðgang að upplýsingunum samkvæmt því er fram kemur á umsóknareyðubláinu.

Erna Indriðadóttir, upplýsinga-fulltrúi Alcoa-Fjarðaáls, segir



FYRSTA ÁLIÐ AFHENT Starfsmenn Alcoa-Fjarðaáls við afhendinguna á fyrsta álinu frá álverinu fyrr á árinu.

EYÐUBLÖÐIN Hér til hliðar sjást dæmi um umsóknareyðublöð þar sem spurt er um heilsufarssögu starfsmanna og fjölskyldna þeirra, auk upplýsingablaðs á borð við það sem InPro notar til að geyma upplýsingar fyrir Alcoa-Fjarðaál.



fyrirtækið vera með þessu að tryggja að öryggi og heilsa starfsmanna sé í algjörum forgangi hjá fyrirtækinu, því hægt sé að taka tillit til heilsufars starfsmanna þegar fundið er starf fyrir þá. Heilsufarsupplýsingarnar eru

geymdar hjá fyrirtækinu InPro sem veitir Alcoa-Fjarðaál ráðgjöf um hvernig best sé að tryggja öryggi starfsmanna fyrirtækisins, með tilliti til upplýsinganna sem eru í gagnagrunninum. magnush@frettabladid.is

VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD



METNAÐARFULLT, FRAMSÆKIÐ OG HAGNÝTT NÁM

6 námsleiðir

- BA í hagfræði
- BS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
- BS í hagfræði
- BS í reikningshaldi
- BS í fjármálum
- BS í stjórnun og forystu

Umsóknarfestur er til 5. júní. Árleg skráningargjöld eru 45.000 kr.

Styrktu stöðu þína og sæktu um. Rafræn skráning og upplýsingar um námið eru á vef viðskipta- og hagfræðideildar, www.vidskipti.hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is



AFNEMUM STIMPIL-GJÖLDIN

Góð hugmynd um betri framtíð

Greiddi karlmanni fjórðungi hærri laun en konu í sambærilegu starfi: Sýslumaður braut jafnréttislög

JAFNRÉTTISMÁL Kærunefnd jafnréttismála telur sýslumanninn á Húsavík hafa brotið gegn ákvæðum jafnréttislaga þegar hann setti nýráðinn karlkyns lögfræðing í mun hærri launaflokk en Ragnheiði Jónsdóttur, sem hafði starfað sem lögfræðingur hjá embættinu í tvö ár.

Karlinn mun fá greidd mánaðarlega um fjórðungi hærri laun en konan. Kærunefndin segir að sýslumanni hafi ekki tekist að sýna fram á hlutlægar og málefnalegar ástæður fyrir þessu.

Ragnheiður hafði samband við stéttarfélag sitt í ágústmánuði og



RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR

félagið kærði embættið þann 9. nóvember. Niðurstaða kærunefndar fékkst loks þann 16. mars. Allan þann tíma starfaði Ragnheiður og starfar enn á skrifstofunni við hlið sýslumanns.

Samkvæmt upplýsingum frá kærunefndinni er miðað við að málsmeðferð taki ekki lengri

tíma en þrjá mánuði. Í þessu tilfelli hafi hún verið jafn löng og raun ber vitni vegna þess að langan tíma hafi tekið að afla gagna og báðir aðilar hafi nýtt sér andmælarétt sinn til fullnustu.

Álit nefndarinnar felur í sér tilmæli til sýslumannsembættisins um að það bæti úr launamisréttinu. Álitid er þó ekki bindandi og fari sýslumaður ekki eftir því þarf kærandi að leita til dómstóla.

Ekki náðist í Halldór Kristinsson, sýslumann og Ragnheiður Jónsdóttir vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið í gær. -kóf

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2007

Ómetanlegur gripur. Fæst hvorki í Epal né Saltfélaginu.

Stærri fyrirmyndarfyrirtæki:

- | | |
|---------------------------------------|-----------------------------------|
| 1. Applicon | 11. Össur |
| 2. Fjarhitun | 12. Háskólinn í Reykjavík |
| 3. Daníel Ólafsson | 13. Íslandspóstur |
| 4. CCP | 14. Vistor |
| 5. Icepharma | 15. PricewaterhouseCoopers |
| 6. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen | 16. Bifreiðar og landbúnaðarvélur |
| 7. Línuhönnun | 17. Mamma |
| 8. Íslensk-ameríska verslunarfélagið | 18. Opin kerfi |
| 9. VGK-Hönnun | 19. Deloitte |
| 10. Fosshótel | 20. Raftækning |

Til hamingju!

Rúmlega ellefu þúsund starfsmenn á vinnumarkaði tóku þátt í könnun VR á **Fyrirtæki ársins 2007**. Fjörutíu fyrirtæki fengu nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki 2007**. Við færum þeim okkar bestu hamingjuóskir og minnum á að ánægja starfsfólks er eilífðarverkefni. Finndu þinn vinnustað og niðurstöðurnar á www.vr.is.

Ánægt starfsfólk er lykillinn að velgengi fyrirtækisins.

Minni fyrirmyndarfyrirtæki:

- | | |
|-----------------------|---------------------------------|
| 1. Vélfang | 11. Eðal (Katla) |
| 2. Fastus | 12. Sameinaði lífeyrissjóðurinn |
| 3. Sensa | 13. Miðbaugur |
| 4. JKE Design | 14. Hvíta húsið |
| 5. Hagvangur | 15. Vinnuföt |
| 6. Himnesk hollusta | 16. Tandur |
| 7. Birtingahúsið | 17. Microsoft Íslandi |
| 8. Beiersdorf | 18. Dynjandi |
| 9. Skattur og bókhald | 19. Inn |
| 10. Föt og skór | 20. Ferðapjónusta bænda |



1. Hvað heitir unnusta sonar umhverfisráðherra sem mikið hefur verið til umræðu eftir að ríkisborgararéttur hennar var afgreiddur?
2. Hvaða hárgreiðslumaður sér um rauðan makka Eiríks Haukssonar á Eurovision?
3. Hvað heitir körfuboltaþjálfarinn sem nýlega lét af störfum hjá Njarðvík?

SVÖRIN ERU Á BLS. 82

Sameiginlegt uppboð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hjá Vöku á morgun:

Fjögur hundruð hjól á uppboði

LÖGREGLUMÁL Um fjögur hundruð reiðhjól verða boðin upp í Vöku á Eldshöfða í dag.

Að sögn Halldórs Halldórssonar, framkvæmdastjóra hjá lögreglunni, eru í fyrsta sinn boðin upp óskilahjól af öllu höfuðborgarsvæðinu í sameiginlegu uppboði. Af þeim sökum sé magnið meira en nokkru sinni fyrr og þess vegna verði eingöngu reiðhjól á uppboðinu en ekki aðrir lausamunir eins og venja sé. Þeir bíði sérstaks uppboðs í haust.

„Það er alltaf mikið af fólki og mikill hamagangur,“ segir Halldór um stemninguna á reiðhjólauppboðunum. Halldór segir að hvert



HALLDÓR HALLDÓRSSON Heilt haf af reiðhjólum verður boðið upp klukkan hálf tvö í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hjólið verði boðið upp á fætur öðru og að bjóðendum gefist ekki kostur á að skoða hvert hjól nákvæmlega.

„Fólk verður bara að meta hjólin

eins og það sér þau. En við erum búin að vinna úr það sem er ónýtt. Við erum ekki að selja köttinn í sekknum og fólk er að gera góð kaup,“ segir Halldór.

Peningarnir sem fást á uppboðinu renna í sérstakan sjóð sem fjármagnar meðal annars sjúkrasjóð og ýmis félags- og íþróttamál lögreglumanna. Halldór segir að eigendur glataðra reiðhjóna mættu vera duglegri að leita til lögreglunnar til að athuga hvort þau séu í óskilum þar. „Hjólin gætu alltaf verið komin til okkar,“ segir hann.


Uppboðið hefst í Eldshöfða 4 klukkan hálf tvö. -gar

Fríður á Norður-Írlandi:

Herská samtök boða afvopnun

NORÐUR-ÍRLAND, AP Ólögleg samtök herskára sambandsinna á Norður-Írlandi, Ulster Volunteer Force (UVF), sem um áratuga skeið stóðu að árásum á kaþólska, lýstu því yfir á fimmtudag að þau væru hætt vopnaðri baráttu og myndu afvopnast.

Gusty Spence, sem 73 ára að aldri er einn helsti talsmaður UVF, sagði á blaðamannafundi að samtökin myndu formlega hætta að vera til sem ólögleg baráttusamtök frá og með miðnætti á fimmtudag. Hin óvænta tilkynning kom fimm dögum áður en til stendur að mynda nýja samstjórn sambandsinna og kaþólskra. -aa



ÍSLENSK FYRIRTÆKI TIL SAMSTARFS VIÐ MIT HÁSKÓLANN

Vill þitt fyrirtæki vera með?

Opunarráðstefna 7. maí 2007 í Háskólanum í Reykjavík

- 14:30 Ávarp**
Gunnar Guðni Tómasson, verðandi deildarforseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík opnar ráðstefnuna
- 14:40 Multi-disciplinary energy research at MIT**
Jeff W. Tester, prófessor í efnaverkfræði við Rannsóknastofnun MIT í orku- og umhverfismálum
- 15:00 Structure of MIT**
Jeff Tester prófessor og Tony Knopp Senior Industrial Liaison Officer
- 15:20 The Industrial Liaison Programme at MIT**
Why and how does MIT interact with industry?
Tony Knopp, Senior Industrial Liaison Officer
- 15:40 Kaffihlé**
- 15:50 Hvert er gildi samstarfs við MIT fyrir íslenskt atvinnulíf?**
Ingi Bogi Bogason, sviðsstjóri Samtökum iðnaðarins
Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands
- 16:10 Hverjar eru væntingar íslenskra fyrirtækja til samstarfsins?**
Fulltrúar frá nokkrum aðildarfyrirtækjum
- 16:40 Aðild að ICIC, samstarfi íslenskra fyrirtækja við MIT**
Aðalheiður Jónsdóttir, verkefnastjóri Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík
- 16:50 Léttar veitingar og ráðstefnulok**

Fundarstjóri: Gunnar Guðni Tómasson

Fulltrúum íslenskra fyrirtækja, sem hafa áhuga á að gerast aðilar að samstarfinu, bjóðast viðtalsfundir með Tony Knopp tengilið samstarfsins hjá MIT til að fara yfir markmið, þarfir og væntingar íslenskra fyrirtækja. Fundirnir fara fram á þriðjudeginum 8. maí. Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður Jónsdóttir hjá Háskólanum í Reykjavík, alla@ru.is.

Aðgangur er ókeypis en skráning á opunarráðstefnuna og viðtalsfundi fer fram í síma 599 6261 eða í netfangi alla@ru.is



STJÓRNSTÖÐ Björgunaraðgerðir eru skipulagðar og þeim stýrt úr björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Með nýja kerfinu munu starfsmenn geta talað beint við alla sem koma að aðgerðinni og séð hvar viðkomandi er á korti. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Nýtt neyðarkerfi bætir viðbragðstíma

Lögregla og björgunarsveitir tóku nýtt neyðarfjarskiptakerfi í notkun í gær. Ísland er fyrsta þjóðin sem tekur í notkun eitt samhæft kerfi fyrir allt landið.

LÖGREGLUMÁL Nýtt neyðarfjarskiptakerfi var tekið í notkun í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð í gær. Með því geta allir sem koma að almannavörnum haft samskipti í einu fjarskiptakerfi, nánast hvar sem er á landinu.

Kerfið byggir á TETRA-fjarskiptakerfinu sem hefur verið notað hér á landi af lögreglu og öðrum björgunaraðilum síðan um aldamótin. Settir hafa verið upp um áttatíu sendar víðs vegar um landið en þeir verða alls 150 þegar kerfið verður fullbúið á næsta ári.

„Í björgunarsörfum eru leitar- og fjarskiptakerfi mjög mikilvægur þáttur svo hægt sé að kalla út og stjórna þeim mannskap sem þarf.“

BJÖRN BJARNASON
DÓMSMÁLARÁÐHERRA

Við kynninguna í gær var sett á svið björgun þar sem maður hringdi í Neyðarlínuna og kvaðst vera í vanda staddur á Lyngdalsheiði. Lögreglu- og sjúkrabílar voru sendir á staðinn og mátti sjá nákvæmlega hvar þeir voru á á korti, enda er staðsetningartæki í hverjum síma. Starfsmaður björgunarmiðstöðvarinnar fylgdist með ferðum allra sem tóku

þátt í leitinni þar til maðurinn fannst.

Verkefnið hófst í lok september á seinasta ári þegar tekin var ákvörðun um að efla innlendan viðbúnað. Síðan þá hefur verið samið við Landsbjörgu um að björgunarsveitir landsins noti kerfið. Orkuvirkkerfi, Flugmála- og fleiri opinberir þjónustuaðilar munu einnig geta notað kerfið þegar þörf krefur.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, sem var við kynningu kerfisins í gær, segir það hafa fyrst og fremst í för með sér stórbætta viðbragðsgetu. Allir sem koma að málinu geti nú unnið saman í einu kerfi um allt landið.

„Í björgunarsörfum eru leitar- og fjarskiptakerfi mjög mikilvægur þáttur svo hægt sé að kalla út og stjórna þeim mannskap sem þarf. Með þessu kerfi verður öryggi og öll þjónusta stóraukin.“

Hann segir Ísland eitt fyrsta landið í heiminum sem tekur í notkun eitt neyðarfjarskiptakerfi fyrir allt landið. „Allar þjóðir stefna að því að taka upp svona kerfi en vegna stjórnkerfa og stærðar hefur engum tekist að samþæfa neyðarsamskipti yfir allt landið nema okkur.“

Aðspurður segir Björn kostnaðinn við verkefnið vera nokkur hundruð milljónir króna.

salvar@frettabladid.is

Hvað er að vera ég?

64 ungskáld takast á við stóra spurningu. Hugmyndaauði, sköpunarkraftur og hæfni nemenda til þess að tjá sig í rituðu máli birtist nú á mjólkurfernum landsins.

Kíktu á öll verkin á www.ms.is.

Mjólk, andleg næring á fernum!

Samskipti við umdeilda þjóðstjórn reifuð á ríkisstjórnarfundum í gær:

Ekki samstaða um Palestínu

UTANRÍKISMÁL „Ég reifaði málið á ríkisstjórnarfundum í dag. Það er ekki samstaða um málið þannig að það verður ekki um stefnubreytingu að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar að svo stöddu,“ segir Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra.

Aðspurð hvort ekki séu vonbrigði fyrir ráðherra að hafa ekki nægileg áhrif á stefnu síns málaflokks til að geta breytt henni, segir Valgerður óvíst hvað framtíðin beri í skauti sér. Í svo stórum málum sé almenn samstaða innan ríkisstjórnarinnar skilyrði fyrir stefnubreytingu.

Almennt séð fari þó hver ráð-

herra með sinn málaflokk. Mikill meirihluti Palestínumanna studdi þjóðstjórnina í kosningum, en Ísraelmenn vilja ekki að hún sé viðurkennd, vegna aðildar Hamas-samtakanna.

Þrátt fyrir það komu Norðmenn á eðlilegum samskiptum við Palestínustjórn í mars síðastliðnum, fyrstir Evrópuþjóða. Allir leiðtogar íslenskra stjórnmalaflokka hafa lýst yfir vilja sínum til að fara að fordæmi Norðmanna, nema Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins.

Hvorki náðist í forsætisráðherra í gær, né í aðstoðarmann hans.

- kóp



GEIR HAARDE OG VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR Ekki er full samstaða innan ríkisstjórnarinnar um málefni Mið-Austurlanda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kosningaloforð um samráð sögð svikin

Íbúasamtök eru ósátt við nýtt deiliskipulag á reitnum við Einholt/Pverholt. Það sé lítt breytt frá skipulagi R-lista, sem Sjálfstæðisflokkur hafi gagnrýnt. Sjaldan verið haft meira samráð við íbúa en í málinu, að sögn formanns skipulagsráðs.

BORGARSKIPULAG „Ég get því miður ekki lesið það öðruvísi en sem svikin kosningaloforð þegar þeir gera andstætt við það sem þeir sögðust ætla að gera fyrir kosningar,“ segir Hilmar Sigurðsson, formaður Íbúasamtaka 3. hverfis.

„Alveg eins og við stóðum í stappi við fyrrverandi meirihluta, stöndum við nú í stappi við núverandi meirihluta. Það hefur ekkert breyst,“ segir hann. Hilmar harmar að það virðist sama hverjir séu við völd í borginni, þeir tali æ annað tungumál en íbúarnir.

„Það er ekki samráð þegar annar aðilinn segir hinum hvernig hlutirnir eiga að vera. Að því leyti hefur ekkert breyst með nýjum meirihluta.“ Hilmar segir athugasemdir íbúa við fyrra skipulag hafi verið gerðar ómerkar, skipulaginu breytt lítillega og síðan auglýst á sama hátt og áður. Hins vegar hafi í dreifibréfi frá Hverfafélaga sjálfstæðismanna í Holt- og Hlíðahverfi verið lokað að deiliskipulagið yrði sett í „nýtt samráðsferli“.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, er þessu ósammála. „Það hefur sjaldan



EINHOLT Hér stendur til að reisa um 400 íbúðir á fimm hæðum. Íbúasamtök hverfisins eru ósátt og segja engu skipta hver ráði borginni hvað samráð við íbúa varðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

verið haft meira samráð við íbúa vegna nokkurs deiliskipulags, bæði með formlegum og óformlegum hætti, auk þess sem komið var til móts við kröfur íbúa og frestur til að skila inn athugasemdum lengdur.“ Hanna rifjar upp að í tvígang hafi verið haldnir fundir með íbúunum og tekið tillit til athugasemda þeirra.

Skipulagsráð samþykkti deiliskipulagið á þriðjudag. Eftir því

verða byggðar tæplega 400 íbúðir við Einholt og Pverholt í 105 Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum frá Íbúasamtökunum er þar nýtingarhlutfall aukið frá því sem R-listinn hafði samþykkt. Úr 2,83 í 2,85. Hilmar segir þetta „með allra hæsta hlutfalli og fáheyrta í gömlu og grónu hverfi“.

Hanna Birna segir meginkvörtun íbúa hafa snúið að hæð húsanna og skorti á bílastæðum. „Nýtingarhlutfall segir ekki allt. Bílastæðum hefur verið fjölgað verulega og það hefur til dæmis áhrif á nýtingarhlutfall. Hæð húsanna var helsta áhyggjuefni íbúanna og við höfum lækkað hús úr sex hæðum í fjórar, með fimmtu hæðinni inn-dreginni. Við breyttum þeim einnig þannig að þær eru að miklum hluta einstaklingsíbúðir og að mestu fyrir námsmenn.“

klemens@frettabladid.is

TIL ÍBÚA Í HOLTAHVERFI!

„Nái D-listi Sjálfstæðisflokks meirihluta í komandi borgarstjórnarkosningum, munu borgarfulltrúar hans hefja nýtt samráðsferli í málinu og gefa þannig íbúum hverfisins kost á að kynna sér hugmyndir um breytta uppbyggingu á reitnum og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nái núverandi R-lista flokkar meirihluta

að nýju, má hins vegar búast við að stórfelld uppbygging hefjist við Einholt-Pverholt innan skamms, án samráðs við íbúa.“

—Úr dreifibréfi Hverfafélags sjálfstæðismanna í Holt- og Hlíðahverfi, sem dreift var stuttu fyrir kosningar.

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

Vorsýning
Kvöldskóla Kópavogs
2007

verður sunnudaginn 6. maí
kl. 13 til 17
í Snælandsskóla v/ Furugrund

Bókband	Skrautritun
Glerbrennsla	Lopapeysuprjón
Bútasamur	Silfursmíði
Fatabreytingar	Trésmíði
Fatasamur	Útskurður
Þjóðbúningagerð	Baldering
Fristundamálun	Skattering

Allir velkomnir!

www.17juni.is



Skemmtiatriði á 17. júní

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Dagskráin fer fram í miðborg Reykjavíkur og stendur hún frá morgni til kvölds. Gert er ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum.

Auk hefðbundinna skemmtiatriða er áhugi á hópatriðum og sýningum og er leitað að leik-, tónlistar-, dans- og öðrum listhópum til að troða upp á útisviðum og á götunni. Einnig er óskað eftir hópum, félagasamtökum og öðrum sem vilja standa fyrir eigin dagskrá á sviðum eða í samkomutjöldum í samráði við þjóðhátíðarnefnd.

Umsóknir um flutning atriða, uppákomur og viðburði er hægt að fylla út á vefnum www.17juni.is en einnig er hægt að skila þeim í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík, á eyðublöðum sem þar fást.

Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 7. maí.



Hitt Húsið Sími: 411 5500 17juni@hitthusid.is 17juni.is

LÉTT
BYLGJAN
967

- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!

www.framsokn.is/reykjavik

Létt spjall

Framsókn í Reykjavík býður þér í létt spjall í dag laugardag kl. 11.00 - 13.00 á kosningaskrifstofunni Skógarhlíð 20 (Ýmishúsið).

Páll Pétursson bakar vöflur fyrir gesti. Líttu við og hittu frambjóðendur.

Allir velkomnir!



Kosningaskrifstofa í Reykjavík, Skógarhlíð 20, 105 Reykjavík, sími: 582 9499, reykjavik@framsokn.is

Framsókn



EUROVISION 2007

FRAM AÐ UNÐANKEPPNINNI 10. MAÍ
NK. GETA LANDSMENN HVATT EIRÍK
TIL DÁÐA MEÐ STUÐNINGSKVEÐJU Á
SPRON.IS OG TEKIÐ UM LEIÐ ÞÁTT Í
LÉTTUM LEIK.

VIÐ HEITUM Á EIRÍK!

SPRON heitir á Eirík og aðra í Eurovision-hópnum 500.000 kr. ef Valentine Lost kemst áfram upp úr undankeppninni 10. maí. Ef lagið lendir síðan ofar en í 16. sæti í úrslitakeppninni bætast 500.000 kr. við.

Auk þess veitir SPRON hópnum grunnstyrk að upphæð 1.500.000 kr.

**10 MILLJÓNIR
TIL GÓÐS MÁLEFNIS!**

Sigri Eiríkur keppnina mun
SPRON láta 10.000.000 kr.
renna til góðgerðarmála
sem Eiríkur velur.

STYDDU EIRÍK ALLA LEIÐ – SENDU HONUM STUÐNINGSKVEÐJU Á SPRON.IS

Einn heppinn þátttakandi mun vinna glæsilegt 42" LCD-sjónvarp og daglega verður dreginn út Eurovision-varningur.

Eiríkur mun fylgjast með kveðjunum á Netinu og virkja kraftinn þaðan í keppninni.

Hægt er að fara daglega á spron.is og senda stuðningskveðju og auka þannig í leiðinni vinningslíkur sínar.

Spron styður Eirík – hvað með þig?

75 ára



KÓPAVOGSDAGAR

5.-11. maí 2007

Setningarhátíð í Smáralind í dag kl. 14

Ljósmyndasýning og menningaratriði frá ungum listamönnum.

Gerðarsafn kl. 15. Opnun sýningar á barnamyndum eftir Barböru og Magnús Á. Arnason og glergluggum Gerðar Helgadóttur úr Melanchton kirkjunni. Enginn aðgangseyrir.

Salurinn kl. 16 og 20. Tíbráttónleikar skólakórs Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Sérstakur gestur tónleikanna er **Emiliana Torrini**, fyrrverandi kórfélagi.

Sólkerfisganga • myndlistarsýningar • fuglaskoðun

Kynnið ykkur dagskrána nánar á kopavogur.is



Frábært vöruúrval opið til 22:00 öll kvöld!

BOKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 1B



Kosning utan kjörfundar

- Utankjörfundarskrifstofa Framsóknarflokksins að Hverfisgötu 33 er opin frá kl. 9-22 alla virka daga og frá kl. 12-20 um helgar.
- Kosning fer fram hjá sýslumönnum um land allt og hjá sendiráðum og ræðismönnum erlendis. Utankjörfundarkosning í Reykjavík fer fram í Laugardalshöll alla daga 10-22.
- Framsóknarfólk!
Látið okkur vita um stuðningsmenn sem ekki verða heima á kjördag, þá sem búa annars staðar en getið er um á kjörskrá og vini og ættingja sem búsettir eru erlendis.
- Nánari upplýsingar um kosningu utan kjörfundar er að finna á framsokn.is undir viðkomandi kjördæmi. Ef óskað er frekari upplýsinga er hægt að hafa samband við aðalskrifstofu Framsóknarflokksins í síma: 540-4300 eða á netfangið ainar@framsokn.is
- Nánari upplýsingar um hvar kjósa má erlendis er að finna á vefslóðinni: www.utanrikisraduneyti.is/sendir-og-raedisskrifstofur

framsokn.is

Framsókn



2007

DÓMUR HÉRAÐSDÓMS Í BAUGSMÁLINU

Frávísun vegna óský

Átta ákæruliðum af átján í Baugsmálinu var vísað frá þar sem heimild til að refs einstaklingum í lögum þykir óskýr. Tveimur ákæruliðum var vísað frá þar sem ákæran þótti óskýr eða að þar væru ekki nægilegar upplýsingar.

BAUGSMÁL Rökstuðningur Héraðsdóms Reykjavíkur fyrir frávísun á flestum þeim ákæruliðum í Baugsmálinu sem vísað var frá á fimmtudag var afar líkur niðurstöðu dómstóla í máli olíuforstjóranna þriggja, og þótti dómnum refsíabyrgð einstaklinga ekki skýr í lagaákvæðum sem ákæran vísaði til.

Eins og greint var frá í gær voru þeir Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, dæmdir í þriggja og níu mánaða fangelsi, skilorðsbundið. Þeim ákærulið sem sneri að Jóni Gerald Sullenberger, framkvæmdastjóra Nordica í Bandaríkjunum, var vísað frá.



DÓMSUPPSAGA Verjendur ákærðu, þeir Jakob R. Möller, Gestur Jónsson og Brynjar Nielsson, kynntu sér dóminn eftir að hann féll á fimmtudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NIÐURSTÖÐUR HÉRAÐSDÓMS REYKJAVÍKUR Í ÖÐRUM HLUTA BAUGSMÁLSINS

Liður	Ákærufni	Niðurstaða dómsins
2-9	Jóni Ásgeiri gefnar að sök ólögmaðar lánveitingar til Gaums, Fjárfars og Kristínar Jóhannesdóttur.	Vísað frá dómi þar sem dómurinn telur heimild til að refs einstaklingum ekki skýra í 104. grein hlutafélagalaga.
10	Jón Ásgeir ákærður fyrir bókhaldsbrot með því að hafa látið færa í bókhaldi Baugs sölu á hlutabréfum í Baugi.net til Fjárfars.	Vísað frá dómi þar sem ætluðu broti er ekki lýst í ákæru heldur viðskiptum sem ekki gengu eftir og voru bakfærð. Ákæruliðurinn er þar með ekki í samræmi við þau lagaákvæði sem gilda um útgáfu ákæru.
11	Jón Ásgeir og Tryggvi ákærðir fyrir bókhaldsbrot með því að rangfæra sem tekjur í bókhaldi Baugs eign á viðskiptareikningi Kaupþings. Jón Ásgeir jafnframt ákærður fyrir rangar tilkynningar til verðbréfabings.	Sýknað þar sem ekki þykir sannað að Tryggvi hafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi látið búa til rangt fylgiskjal. Einnig þykir ósannað að Jón Ásgeir hafi vitað um skjólin sem urðu til í samskiptum Tryggva við fjármálastjóra Baugs eða færslu þeirra í bókhaldið.
12	Jón Ásgeir og Tryggvi voru sakaðir um bókhaldsbrot með því að færa kröfu á Kaupþing sem tekjur í bókhaldi Baugs.	Sýknað þar sem sannað var að Baugur taldi sig eiga kröfu á Kaupþing. Krafan var vegna þóknunar fyrir sölu forsvarsmanna Baugs á hlutabréfum.
13	Jón Ásgeir og Tryggvi ákærðir fyrir bókhaldsbrot með því að búa til gögn um viðskipti sem ekki áttu sér stað við 10-11 verslanakeðjuna. Jón Ásgeir jafnframt ákærður fyrir rangar tilkynningar til verðbréfabings.	Sýknað þar sem ósannað er að viðskiptin hafi ekki átt sér stað eins og ákærvaldið heldur fram. Þar með er ekki hægt að fullyrða annað en að færslur sem byggðust á þeim viðskiptum hafi verið réttmætar.
14	Jóni Ásgeiri og Tryggva gefið að sök bókhaldsbrot með því að færa þrjár rangar færslur í bókhald Baugs vegna viðskipta með bréf í Arcadia. Jón Ásgeir jafnframt ákærður fyrir rangar tilkynningar til verðbréfabings.	Tryggvi sakfelldur þar sem sannað þykir að hann hafi fært rangar upplýsingar í bókhald Baugs sem gáfu því ranga mynd af viðskiptum. Jón Ásgeir sýknaður þar sem ósannað er að hann hafi komið að færslunum.
15	Jón Ásgeir og Tryggvi sakaðir um bókhaldsbrot með því að færa tilhæfulausan kreditreikning frá Nordica sem tekjur í bókhaldi Baugs. Jón Ásgeir jafnframt ákærður fyrir rangar tilkynningar til verðbréfabings. Jón Gerald ákærður fyrir að útbúa reikninginn.	Jón Ásgeir og Tryggvi sakfelldir. Dóminum þykir að báðum hafi mátt vera ljóst að kreditreikningurinn var rangur og tilhæfulaus og færsla hans í bókhald hafi haft áhrif á árschlutauppgjör Baugs. Ákæru á hendur Jóni Gerald vísað frá þar sem hann hafði ekki stöðu sakbornings við rannsókn málsins.
16	Jón Ásgeir og Tryggvi sakaðir um bókhaldsbrot með því að færa kredit yfirlýsingu frá fyrirtækinu SMS í Færeyjum sem tekjur í bókhald Baugs. Jón Ásgeir jafnframt ákærður fyrir rangar tilkynningar til Verðbréfabings.	Tryggvi sakfelldur, en hann játaði að engin viðskipti hafi legið á bak við færsluna. Jón Ásgeir sýknaður þar sem ekki er sannað að færslan hafi verið gerð með vilja hans og vitneskju.
17	Jón Ásgeir og Tryggvi sakaðir um bókhaldsbrot með því að færa sem sölu á eigin hlutabréfum Baugs bréf sem hafi í raun ekki verið seld heldur afhent Kaupþingi í Lúxemborg til varðveislus.	Tryggvi sakfelldur fyrir að gefa fyriræmi um rangar færslur sem gáfu ranga mynd af viðskiptunum. Jón Ásgeir sýknaður þar sem ósannað er að færslurnar hafi verið gerðar með vitneskju hans og vilja.
18	Jóni Ásgeiri og Tryggva gefinn að sök fjárdráttur úr Baugi til Gaums til að fjármagna hlut Gaums í skemmtibátinum Thee Viking á Flórída.	Sýkna þar sem peningarnir runnu ekki til Gaums eins og stóð í ákæru heldur til Nordica, félags Jóns Gerald, sem er ekki í samræmi við ákæru.
19	Tryggvi ákærður fyrir fjárdrátt fyrir að láta Baug greiða einkanothun á American Express greiðslukorti.	Vísað frá dómi þar sem kortgreiðslurnar voru ekki sundurliðaðar og dómnum því ekki gert kleift að taka afstöðu til hvers atviks fyrir sig.

KÝST ÞÚ GRAENT?

X GRAENT
ATKVÆÐI



VILJUM VIÐ LÁTA NÁTTÚRUNA NJÓTA VAFANS NÆSTU 4 ÁR?

OKKAR FÓLK

Í FRAMBOÐI TIL ALÞINGISKOSNINGA 2007



REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI – NORÐUR

1. Katrín Jakobsdóttir 2. Árni Þór Sigurðsson 3. Paul Nikolov 4. Steinunn Þóra Árnadóttir 5. Kristín Tómasdóttir 6. Þróstur Brynjarsson 7. Lísa Kristjánsdóttir 8. Kári Páll Óskarsson 9. Sjöfn Ingólfssdóttir 10. Alexander Stefánsson 11. Bergljót Stefánsdóttir 12. Birna Þórðardóttir 13. Steinar Harðarson 14. Ásdís Benediktsdóttir 15. Hrefna Sigurjónsdóttir 16. Rúnar Sveinbjörnsson 17. Reynir Jónasson 18. Ingibjörg Ýr Pálmadóttir 19. Halldór Halldórsson 20. Einar Már Guðmundsson 21. Lena M. Rist 22. Hjörleifur Guttormsson



REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI – SUÐUR

1. Kolbrún Halldórsdóttir 2. Álfheiður Ingadóttir 3. Auður Lilja Erlingsdóttir 4. Guðmundur Magnússon 5. Jóhann Björnsson 6. Halldóra Björt Ewen 7. Elin Sigurðardóttir 8. Árni Stefán Jónsson 9. Ásta Arnadóttir 10. Ársæll Másson 11. Guðrún Yrsa Ómarsdóttir 12. Friðrik Atlason 13. Sveinn Rúnar Hauksson 14. Drífa Snædal 15. Ósk Uzondu Ukachi Anuforo 16. Sigríður Kristinsdóttir 17. Víkingur Kristjánsson 18. Elías Halldór Ágústsson 19. Jón Viktor Gunnarsson 20. Halldóra H. Kristjánsdóttir 21. Einar Laxness 22. Margrét Guðnadóttir



SUÐVESTURKJÖRDÆMI

1. Ögmundur Jónasson 2. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir 3. Gestur Svavarsson 4. Mireya Samper 5. Andrea Ólafsdóttir 6. Karl Tómasson 7. Svala Heiðberg 8. Thelma Ásdísardóttir 9. Emil Hjörvar Petersen 10. Wojciech Szweczyk 11. Ásdís Bragadóttir 12. Hafdís Hannesdóttir 13. Þórir Steingrímsson 14. Birgitta Jónsdóttir 15. Þorleifur Friðriksson 16. Erlendur Jónsson 17. Þóra Elfa Björnsson 18. Sigurður Flosason 19. Sveinbjörn Markús Njálsson 20. Jóhanna B. Magnúsdóttir 21. Anna Þorsteinsdóttir 22. Höskuldur Þráinsson 23. Kristín Halldórsdóttir 24. Benedikt Davíðsson



ALLT ANNAD LÍF

- með vinstri grænum



Ákæran var í 19 liðum, en þeim fyrsta hafði áður verið vísað frá, svo að eftir stóðu liðir 2-19. Héraðsdómur vísaði svo tíu liðum til viðbótar frá og sýknaði í fjórum. Tryggvi var sakfelldur í fjórum ákæruliðum og Jón Ásgeir í einum.

Í ákæruliðum 2-9 var Jón Ásgeir sakaður um að veita ólögleg lán úr Baugi til tengdra aðila. Brotið var talið varða við 104. grein hlutafélagalaga sem leggur bann við lánveitingum til stjórnmenda eða tengdra aðila, með undantekningum þó.

Héraðsdómur tók ekki afstöðu til sektar eða sýknu í þessum hluta þar sem að mati dómsins sé ekki nægilega skýr refsheimild í lögum til að gera einstaklingum refsingu fyrir brot á lagagreininni. Var því ákæruliðum 2-9 vísað frá. Dómur héraðsdóms er að þessu leyti afar líkur dómi í samráðsmáli forstjóra olúfélaganna, þar sem ekki var talin nægileg heimild til að refsa einstaklingum fyrir brot á samkeppnislögum.

Í refsíakvæði hlutafélagalaga sem á við 104. greinina segir að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að veita tengdum aðilum lán. Miðað við niðurstöðu héraðsdóms virðist hins vegar sem aðeins sé hægt að gera fyrirtekjum sem veita slík lán refsingu, ekki þeim einstaklingum sem taka ákvarðanir um að veita lánin. Þar sem augljóst er að óframkvæmanlegt er að dæma fyrirtæki til fangelsisvistar er það niðurstaða dómsins að refsíakvæði sé svo óskýrt að ekki verði dæmt eftir því.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, tók í gær þá ákvörðun að kæra frávisun héraðsdóms til Hæstaréttar. Hann sagði mikinn mun á ákvæðum samkeppnislaga og hlutafélagalaga, og rétt að láta reyna á frávisunina í Hæstarétti.

Ákærulið 10 var einnig vísað frá, en þar var Jón Ásgeir ákærður fyrir meiriháttar bókhaldsbrot. Þar taldi dómurinn að í ákærinni hefði því ekki verið lýst í hverju brotið átti að vera fölgð. Slíkt verði að vera hægt að ráða af ákæru; engu skipti hvaða ályktanir megi draga af rannsóknargögnum eða hvað ákærða kunni að vera ljóst vegna rannsóknar málsins.


Síðasta ákæruliðnum var einnig vísað frá, en þar var Tryggvi Jónsson sakaður um fjárdrátt með því að láta Baug greiða fyrir sín persónulegu útgjöld sem hann stofnaði til með American Express greiðslukorti. Þar taldi dómurinn að í ákæru hefðu þurft að vera sundurliðaðir greiðslukortareikningar til að hægt væri að taka afstöðu til þess hvort hver einstök færsla fæli í sér fjárdrátt.

bjann@frettabladid.is

KÝST ÞÚ GRÁTT?

X GRÁTT

ATKVÆÐI



EDA VILJUM VIÐ FULLVIRKJA ÍSLAND OG ÚTILOKA AÐRA FRAMTÍÐARMÖGULEIKA?

FRAMTÍÐARLANDIÐ



Nýtt
Úr
Fiskborði
Nóatúns

LAMBAGEIRI Í RÓSMARÍN
GRILLSPJÓT

2.798 kr. kg

pú sparar
200
kr. kg



Nýtt
Úr
Fiskborði
Nóatúns

LAMBAKÓRÓNA
AÐ HÆTTI GRIKKJA

2.798 kr. kg

pú sparar
200
kr. kg



MÓA KJÚKLINGA-
BRINGUR

1.698 kr. kg

32%
afsláttur



Laxaveisla í Nóatúni!



Úr
Fiskborði
Nóatúns

LAXAFLÖK
BEINHREINSUÐ

998 kr. kg

pú sparar
500
kr. kg



Úr
Fiskborði
Nóatúns

LAXASNEIÐAR

698 kr. kg

pú sparar
430
kr. kg



Úr
Fiskborði
Nóatúns

LAXAFLÖK
KRYDDUÐ

998 kr. kg

pú sparar
600
kr. kg



GEVALIA KAFFI
RAUTT

299 kr. pk.



NÓATÚNS
ELDHÚSRÚLLUR

299 kr. pk.



BRAZZI
SAFAR

99 kr. l



20%
afsláttur

Kellogg's all-bran
og Kellogg's bran flakes



Lambahryggur á tilboði!



Þú sparar
500
kr. kg

LAMBAHRYGGUR
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg



NÓATÚNS HAKKBOLLUR
Í SÚRSÆTRI SÖSU

798 kr. kg

Þú sparar
420
kr. kg



NÓATÚNS
UNGNAUTAHAKK

478 kr. pk

20%
afsláttur



GRÍSAKÓTELETTUR
PIRI-PIRI

1.998 kr. kg



Lifðu lífinu í lit!



SÆTAR
KARTÖFLUR

239 kr. kg



NÁTTÚRA
RUCOLA SALAT

269 kr. pk



ANANAS

129 kr. stk.



KIRSUBERJA
TÓMATAR

119 kr. pk.




LIME

229 kr. kg



Verði ykkur að góðu!

Bakkafjörúhöfn lyftistöng fyrir Eyjar



HÁSKÓLARANNSÓKNIR

Ferjusiglingar frá Bakkafjöru til Vestmannaeyja munu hafa margvísleg jákvæð áhrif á atvinnulíf og mannlíf í Vestmannaeyjum. Sérstaklega má búast við miklum uppgangi á sviði ferðaþjónustu. Þá má gera ráð fyrir hækkuðum fasteignaverðis bæði í Vestmannaeyjum og í nágrenni hafnarinnar í Rangárþingi. Þetta kemur fram í skýrslu sem Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Bifröst hefur unnið fyrir stýrihóp á vegum samgönguráðuneytisins um byggingu hafnar við Bakkafjöru á Suðurlandi.

Vinna við gerð skýrslunnar hófst síðastliðið haust en verkinu stýrði dr. Grétar Þór Eypórsson, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Bifröst. Með honum unnu að gerð skýrslunnar þau Vífill Karlsson hagfræðingur og Kolfinna Jóhannesdóttir viðskiptafræðingur.

Að sögn Grétars fer vinna við skýrslu af þessu tagi að stórum hluta fram í formi gagnasöfnunar; rannsóknarhópurinn víðaði þannig að sér margvíslegum opinberum gögnum svo sem frá Hagstofunni og Ríkisskattstjóra auk gagna frá Vegagerðinni, Siglingamálastofnun og þeim sveitarfélögum sem málið varðar. „Síðan

fórum við á vettvang og ræddum við heimamenn, bæði í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Við ræddum meðal annars við fólk í lykilstöðum hjá sveitarfélögum og héldum auk þess rýnihópa með heimamönnum. Óhætt er að segja að allir hafi tekið okkur vel og verið reiðubúnir að liðsinna okkar á allan máta.“

Vestmannaeyjar komast á kortið

Grétar segir að í sjálfu sér komi kannski fátt mjög á óvart í niðurstöðum skýrslunnar, en hún renni vissulega sterkari stoðum undir það að ferjuhöfn í Bakkafjöru sé afar vænlegur kostur fyrir Vestmannaeyjar. „Við teljum til dæmis einsýnt að gerð hafnarinnar og ferjusiglingar til Eyja geti orðið gífurleg lyftistöng fyrir ferðaþjónustu á svæðinu, aðallega í Vestmannaeyjum en einnig á Suðurlandi.“

Í þessu sambandi nefnir Grétar að á Suðurlandi er einhver mesta sumarhúsaþyggð á Íslandi, þar sem þúsundir manna dvelja í lengri eða skemmri tíma í sumarleyfum og öðrum leyfum. „Í mínum huga er það ekki spurning að verði með einföldum hætti hægt að komast með ferju til Vestmannaeyja á hálf tíma, er það ferðakostur sem verður mikið nýttur af þessu fólki. Með þessu mætti segja að Vestmannaeyjar kæmust inn á kortið sem dagskemmtiferð.“

Grétar bætir því við að þetta myndi jafnframt hafa í för með sér aukinn vöxt í ferðaþjónustu í Rangárþingi og nefnir skemmtisiglingar til Eyja í því sambandi auk þess sem búast mætti við uppgangi í veitingaþjónustu í nágrenni hafnarinnar.

Ferðatími styttest en flug leggst af

Ferðatíminn milli lands og Eyja styttest sem sagt verulega og ferðakostnaður lækkar eins og sjá má á töflunum hér á síðunni. Svo dæmi sé tekið er gert ráð fyrir að ferðatími milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur styttest um fjórðung og kostnaður

lækki í svipuðu hlutfalli. „Samgöngur Eyjamanna myndu því færast nær því sem tíðkast hjá öðrum landsmönnum, en stærstur hluti þjóðarinnar ferðast eins og við vitum um á einkabíl í helstu erindagjörðum. Það sama á við um ferðamenn sem í vaxandi mæli ferðast um á fólksbílum á kostnað annarra farartækja. Ferðatími á sjó minnkar þannig úr 2 klukkustundum og 45 mínútum í um 30 mínútur, sem verður að teljast kostur fyrir þá sem lítt eða ekki fýsir að ferðast á sjó,“ segir Grétar.

Hann segir hins vegar ljóst að ferjuhöfn í Bakkafjöru muni verða til þess að flug milli Eyja og Bakkaflogvallar leggist af. „Þá verður tæpast heldur grundvöllur fyrir áætlunarflugi milli Reykjavíkur og Eyja, enda lítil þörf á því lengur þegar ferðatíminn er kominn undir þessi þriggja tíma mörk sem oft er miðað við.“

Við teljum til dæmis einsýnt að gerð hafnarinnar og ferjusiglingar til Eyja geti orðið gífurleg lyftistöng fyrir ferðaþjónustu á svæðinu, aðallega í Vestmannaeyjum en einnig á Suðurlandi

Hækkun fasteignaverðs og tvöföld búseta

Grétar leggur áherslu á að meginniðurstöður skýrslunnar sýni að áhrif ferjuhafnar yrðu að langmestu leyti jákvæð fyrir íbúa Vestmannaeyja. „Sem dæmi má nefna að niðurstöður rýnihópanna benda eindregið til þess að ferja muni almennt auka bjartsýni meðal íbúa Vestmannaeyja. Samfélagið verður opnara og viðhorf margra til þess að búa í Eyjum mun eflaust breytast. Við teljum enn fremur að þetta verði til þess að það dragi úr þeirri hægfarefólksfækkun sem verið hefur í Eyjum undanfarin ár, ef hún stöðvast þá ekki alveg.“

Hluti af því að mál þróist á þennan veg telur Grétar vera vísbendingar um að ferjuhöfn muni leiða af sér hækkun fasteignaverðs í Vestmannaeyjum. „Fastar ferjusiglingar gætu til dæmis gert Eyjar að eftirsóknarverðum valkosti til búsetu fyrir brottflutta Vestmannaeyinga og aðra sem vilja gjarnan eiga þess kost að eiga annað heimili utan höfuðborgarsvæðisins. Það má því leiða líkur að því að tvöföld búseta muni aukast í Eyjum.“

Neikvæð áhrif í Þorlákshöfn

Hvað atvinnumál í Vestmannaeyjum snertir segir Grétar að ferjuhöfn geti falið í sér ýmis önnur sóknarfæri en á sviði ferðaþjónustu. „Það má nefna sóknarfæri í vinnslu sjávaraf-



GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON Grétar segir einsýnt að gerð Bakkafjörúhafnar geti orðið gífurleg lyftistöng fyrir ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi.

FORSTÖÐUMAÐUR RANNSÓKNAMIÐSTÖÐVAR HÁSKÓLANS Á BIFRÖST

Dr. Grétar Þór Eypórsson er fæddur í Reykjavík hinn 29. september 1959. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Kópavogi árið 1979 og BA-prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 1989. Í millitíðinni tók hann sveispróf í múraraíðni árið 1984. Að loknu námi við HÍ hélt Grétar til framhaldsnáms í Svíþjóð og útskrifaðist með Ph. Licentiat-próf í stjórnmálafræði og stjórnsýslu frá Gautaborgarháskóla 1992. Hann lauk svo doktorsprófi í stjórnmálafræði frá Gautaborgarháskóla 1999.

Sama ár tók hann við stöðu rann-

sóknarstjóra við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri og gegndi henni fram til 2001 er hann var ráðinn framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunarinnar auk þess sem hann var forstöðumaður Byggingarrannsóknastofnunar Íslands. Þessum stöðum gegndi hann til ársins 2005 er hann var ráðinn forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Bifröst og próffessor í stjórnmálafræði við sama skóla. Síðastliðið haust var Grétar Þór tímabundið settur deildarforseti Viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst. Grétar Þór á þrjú börn.

urða, sem geta vegið upp á móti þeirri fækkun starfa í sjávarútvegi sem kemur til vegna hagráðingar í greininni. Aukin umsvif fyrirtækja með bættu aðgengi að mörkuðum ættu líka að hafa jákvæð áhrif á þróun atvinnutekna í Vestmannaeyjum.“

En þó svo að skýrsla Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Bifröst beri með sér að ferjuhöfn í Bakkafjöru muni að flestu leyti hafa jákvæð áhrif í för með sér fyrir Vestmannaeyjar segir Grétar

ekki víst að öllum þyki hafnarhugmyndin góð. „Það er ljóst að neikvæð áhrif Bakkafjörúhafnar myndu fyrst og fremst koma fram í Þorlákshöfn. Það má næstum segja að hún detti svolítið út af kortinu við þetta, störf myndu hverfa burt auk þess sem sveitarfélagið myndi verða af talsverðum fjármunum í formi hafnar-gjalda og þjónustu við Herjólf,“ segir dr. Grétar Þór Eypórsson, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Bifröst.

ssal@frettabladid.is

FERÐATÍMI Á MILLI VESTMANNAEYJA OG VALINNA PÉTTBÝLISSTAÐA ÁRIÐ 2005 OG 2010

	Vík	Hvolsvöllur	Hella	Selfoss	Reykjavík
Núverandi ferðatími*	5.28	4.28	4.18	3.51	3.16
Áætlaður ferðatími*	2.21	1.21	1.31	1.58	2.30
Breyttur ferðatími*	-3.07	-3.07	-2.47	-1.53	-0.46
Breyttur ferðatími %	-57%	-70%	-65%	-49%	-23,5%

* í klukkustundum

FERÐAKOSTNAÐUR Á MILLI VESTMANNAEYJA OG VALINNA PÉTTBÝLISSTAÐA ÁRIÐ 2005 OG 2010

Verðlag 2005

	Vík	Hvolsvöllur	Hella	Selfoss	Reykjavík
Núverandi ferðakostnaður*	10.377	8.354	8.025	7.115	7.245
Áætlaður ferðakostnaður*	5.183	3.160	3.489	4.399	5.605
Breyting ferðakostnaðurs*	-5.194	-5.194	-4.537	-2.716	-1.639
Breyting ferðakostnaðurs %	-50%	-62%	-57%	-38%	-22,6%

* í krónum

Samfylkingin

Stórátak í samgöngumálum



Sköpum jöfn tækifæri fyrir alla landsmenn

Guðbjartur Hannesson, 1. sæti í norðvesturkjördæmi
Guðný Hrund Karlsdóttir, 4. sæti í suðurkjördæmi

XS

GARÐPLÖNTUSALAN HAFIN!

Fyrir vandláta...



ALLT Í GARÐINN
Á EINUM STAÐ!

TILBOÐ!



YFIR BEDIN = KERIN
GANGSTÍGA = TJARNIR
Á LEIÐI OG MARGT FLEIRA

Skrautsteinar

TILBOÐ!

JAVA Garðhúsgögn



TILBOÐ!

TILBOÐ!



CASONON
= gegn illgresi

TILBOÐ!



Earthway
áburðardreifari
jafnari dreifing
auðveldar vinnu

Áburðardreifari

TILBOÐ!



Blómstrandi Begoniur



Mold og
tunþokur
í kerruna!
Afgreitt
til kl. 18.00
alla daga.



GÓÐ RÁÐ
GARÐHEIMA:

CASONON
Nú er rétti tíminn til að strá Casoron til
að halda illgresi í skefjum. Stráð
á hreinan jarðveg: 1 kg. dugar á ca.
100 m².



GARDHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is



GÓÐ RÁÐ
GARÐHEIMA:

- Mosi í grasflötinni?
1. Raka grasflötina og fjarlægja mosa
 2. Dreifa turbokalki: 12 1/2 kg á 150 m²
 3. Blanda grasfræi í sand/mold og dreifa eftir þörfum
 4. Halda flötinni rakri meðan fræin spira
 5. Gefa blákorn eftir hálfan mánuð og aftur mánuði seinna: 5 kg. á 250 m²

REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI SUÐUR

FJÖLDI Á KJÖRSKRÁ:

Árið 2007 43.398
Árið 2003 42.734

FJÖLDI KJÓSENDNA AÐ BAKI


HVERJU ÞINGSÆTI
Árið 2007 3.945
Árið 2003 3.885

HLUTFALLSLEG FJÖLGUN

SÍÐASTLIÐIN ÁTTA ÁR
Í kjördæminu 5,3%
(Reykjavík norður og suður)
Á landinu öllu 9,9%

KOSNINGAÞÁTTAKA Í

KJÖRDÆMINU ÁRIÐ 2003
Kosningaþátttaka karla 87,7%
Kosningaþátttaka kvenna 87,8%




SVEITARFÉLÖG

Mörk Reykjavíkurkjördæma suður og norður skulu dregin um miðlínu eftirfarandi gatna frá vestri til austurs: Eftir Hringbraut (frá Ánanaustum), gömlu Hringbraut, Miklubraut, Ártúnsbrekku og Vesturlandsvegi en frá Vesturlandsvegi á móts við Sólþorg skal dregin bein lína í miðpunkt Sólþorgs og þaðan skulu mörkin dregin eftir miðlínu Kristnibrautar, Gvendargeisla og Biskupsstötu að Reynisvatnsvegi.

Kjósendur sem búa við sunnanverða Hringbraut, gömlu Hringbraut, Miklubraut eða Vesturlandsveg verða á kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmi suður en kjósendur sem búa við þessar götur að norðanverðu eru á kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmi norður. Kjalarnes (póstnúmer 116) tilheyrir Reykjavíkurkjördæmi norður.

ÚRSLIT KOSNINGA 2003



11 þingsæti:
9 kjördæmissæti,
2 jöfnunarsæti

KJÖRNIR ÞINGMENN 2003

Geir H. Haarde (D)
Jóhanna Sigurðardóttir (S)
Pétur H. Blöndal (D)
Ásta R. Jóhannsdóttir (S)
Sólveig Guðrún Pétursdóttir (D)
Jónína Bjartmarz (B)

Mörður Árnason (S)
Guðmundur Hallvarðsson (D)
Ögmundur Jónasson (V)
Ágúst Ólafur Ágústsson (S)
Birgir Ármannsson (D)

Tekist á um grundvallarstefnu

Allir oddvitar flokkanna í Reykjavíkurkjördæmi suður eru meðal þeirra sem teljast til helstu leiðtoga sinna flokka á landsvísu. Reykjavíkurkjördæmin skilja sig nokkuð frá landsbyggðarkjördæmunum hvaða álitamál varðar. Magnús Halldórsson ræddi við efstu menn flokkanna um málefni kjördæmisins og ólíka sýn þeirra til málefna sem kjósendur horfa til.

KOSNINGAR 2007

Reykjavíkurkjördæmin tvö greina sig frá landsbyggðarkjördæmunum hvað flesta þætti varðar. Í pólitískum skilningi eru ágreiningsmálin önnur. Ekki er tekist á um byggðavanda ýmiss konar og hvernig eigi að leysa hann heldur öðru fremur heildræna stefnu flokkanna og leiðir að markmiðum sem kjósendur vilja ná fram.

Forystumenn stjórnmalaflokkanna eru í framboði í Reykjavíkurkjördæmunum, fyrir utan Guðjón Arnar Kristjánsson, formann Frjálslynda flokksins, og Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri grænna. Þeir bjóða sig fram í heimakjördæmum sínum, í Norðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi.

Þetta dregur athyglina að helstu stefnumálum flokkanna, kjarnanum, sem kjósendur horfa til. Átakalínurnar liggja því að stórum hluta á sömu vígstöðvum og þingflokkarnir berjast á.

Velferðarmál á oddinn

Könnun Fréttablaðsins meðal 600 kosningabærra manna í kjördæminu leiðir það í ljós að kjósendur horfa til velferðarmála sem helsta kosningamálsins. Jón Magnússon, efsti maður á lista Frjálslynda flokksins í kjördæminu, telur nauðsynlegt að efla velferðarkerfið með raunhæfum breytingum og leggur áherslu á að hverfa þurfi frá stefnu ríkisstjórnarflokkanna sem hafi forgangsraða málum óskynsamlega. „Það þarf að hækka skattleysismörkin strax og taka á lánaokrinu, meðal annars með því að afnema verðtrygginguna. Þetta er leið sem er hægt að fara en það þarf pólitískan vilja til þess að hrinda þessu í framkvæmd.“

Skipulag og umhverfi

Eins og víðast hvar í borgarbyggð eru skipulagsmál eldfimt deiluefni. Í Reykjavík hefur áratugum saman verið deilt um hvort Reykjavíkurflugvöllur eigi að vera áfram í Vatnsmýrinni.

Eftir að Fréttablaðið greindi frá því skömmu fyrir landsfundinum Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins, að starfs- og samgönguráðgjafi og borgarstjóra teldi borgina geta fengið tæpa 40 milljarða fyrir að færa flugvöllinn upp á Hólmsheiði, og litlu minna á aðra mögulega staði, komst málið aftur í hámaði.

Frambjóðendur í kjördæminu eru allir sammála um að nokkuð sé í að ákvörðun verði tekin um málið, þar sem frekari rannsóknir eigi eftir að fara fram, og því ótímabært að tala um færslu Reykjavíkurflugvallar sem kosningamál.

Umhverfismál eru ofarlega á baugi og allir eru sammála um að þeim þurfi að sinna vel. Á það meðal annars við um ýmsar aðgerðir innan höfuðborgarinnar sem stuðla að því að gera borgina umhverfisvænni.

Kolbrún Halldórsdóttir, efsti maður á lista Vinstri grænna, telur vel mögulegt að heimfæra umhverfisstefnu allra flokka yfir á málefni kjördæmisins en mikilvægt sé fyrir kjósendur að kynna sér ólíka sýn frambjóðenda til málaflokksins. „Ég tel að skipulags- og umhverfismál hafi skýra

snertifleti sem hlúa þurfi miklu betur að. Í því samhengi má nefna almenningssamgöngur og hvernig mögulegt er að tengja þær góðu skipulagi, með umhverfisvænum hætti. Kjósendur þurfa að horfa meðal annars til þessara þátta og þá hvaða flokki þeir treysta best til þess að koma þessum málum í betra horf.“

Samgöngur og stóriðja

„Í höfuðborgarkjördæmunum þremur er heildstæð landsstefna flokkanna meira áberandi heldur en í öðrum kjördæmum,“ segir Ómar Ragnarsson sem leiðir lista Íslandshreyfingarinnar. Hann telur heilbrigðis-, velferðar- og umhverfismál vera grundvallarmál í kjördæminu.

Auk þessara mála telur hann samgöngumál líkleg til þess að hafa áhrif á það hvað fólk kys. „Reykvíkingar horfa til samgönguráðgjafa á ýmsum sviðum, til dæmis mislægra gatnamóta. En það er augljóst mál, hvað okkar flokk varðar, að umhverfismál verða grundvallarmál í kosningunum. Mér finnst fréttir síðustu daga af jarðboranaverkefnum og gríðarlegri eftirspurn eftir því að komast inn á orkumarkaðinn sýna hversu tækifærin eru mikil og hversu illa er farið með dýrmæta auðlind, með því að selja næstum alla orkuna til álvera á útsöluverði.“

Aldraðir og heildin

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem leiðir lista Samfylkingarinnar, segir málefni aldraðra og ungs fólks skipta miklu fyrir Reykvík- inga. „Málefni aldraðra hafa verið vanrækt árum saman og þá hefur ungt fólk aldrei átt í meiri erfiðleikum með að koma yfir sig þaki vegna gríðarlegs lánakostnaðar. Þessi mál skipta ekki sist Reykvík- inga miklu máli.“

Jónína Bjartmarz, sem leiðir lista Framsóknarflokksins í kjördæminu, segir velferðarmál skipta íbúa í kjördæminu miklu og þá sérstaklega heilbrigðismál. „Landspítalinn fellur innan kjördæmisins en hann er stærsti vinnustaður landsins. Þess vegna munu eflaust margir kjósendur huga vel að stefnu flokkanna í heilbrigðismálum.“

Geir H. Haarde forsætisráðgjafi leiðir lista Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu. Í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu lýsti hann því yfir að efnahagslegur stöðugleiki og áframhaldandi stýring Sjálfstæðisflokksins í landsmálunum væri forsenda þess að lífskjör gætu haldið áfram að batna. Lagði hann mikla áherslu á að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna í landinu hefði aukist um 75 prósent síðan 1995 og að það bæri vott um árangursríka stjórn.

Öðru fremur beinist athygli frambjóðenda í kjördæminu því að grundvallarstefnumálum flokkanna frekar en hagsmunamálum kjördæmisins, líkt og tíðkast oftast en ekki í landsbyggðarkjördæmunum.

Kjósendum í kjördæminu hefur fjölgað um rúmlega 600 manns síðan í síðustu kosningum. Það er nokkuð undir meðaltalsfjölgun í kjördæmum á landinu öllu.

Kjördæmið er fjölmennt, með meira en 43 þúsund kjósendur, sem þýðir að miklu máli skiptir fyrir frambjóðendum að leggja mikið á sig til þess að koma boðskap sínum til kjósenda.

HVER ERU HELSTU KOSNINGAMÁL REYKJAVÍKURKJÖRDÆMIS SUÐUR?



JÓNÍNA BJARTMARZ (B)
Heilbrigðis- og efnahagsmál.



GEIR H. HAARDE (D)
Efnahags-, velferðar- og atvinnumál.



JÓN MAGNÚSSON (F)
Velferðar- og efnahagsmál.



ÓMAR RAGNARSSON (I)
Umhverfis- og efnahagsmál.




INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLA-
DÓTTIR (S)
Velferðar- og efnahagsmál.



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR
(V)
Velferðar- og umhverfismál.

HVERSU MIKILVÆGIR TELUR ÞÚ AÐ EFTIRFARANDI MÁLAFLOKKAR SÉU ÞEGAR KEMUR AÐ ÞVÍ HVERNIG ÞÚ MUNT GREIÐA ATKVÆÐI Í ÞINGKOSNINGUNUM Í MAÍ? Á skalanum 1-5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.



Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 26. apríl 2007. Hringt var í 600 kjósendur kjördæmisins sem skiptust jafnt eftir kyni. 95,5 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

STOFNUN ÁRSINS 2007

Skattrannsóknarstjóri ríkisins

SFR – stéttarfélag í almannajónustu stendur enn á ný fyrir könnuninni Stofnun ársins. Könnunin á sér stað meðal SFR félaga og annarra starfsmanna óháð stéttarfélögum, þar sem stjórnendur hafa leitað eftir að allir starfsmenn taki þátt. Þátttakendur eru spurðir út í vinnutengda þætti eins og trúverðugleika stjórnenda, sjálfstæði í starfi, vinnuálag, vinnuskilyrði, álag og kröfur, sveigjanleika í starfi og fleira.

SFR kynnir nú í fyrsta sinn Hástökkvara ársins, en þann titil hlýtur sú stofnun sem hækkar sig um flest sæti milli ára.



FYRIRMYNDASTOFNANIR SFR 2007

1. Skattrannsóknarstjóri ríkisins
2. Biskupsstofa
3. Skattstofa Suðurlands
4. Skattstofa Vestfjarða
5. Skattstofa Austurlands
6. Búnaðarsamtök Vesturlands
7. Sýslumaðurinn Hvolsvelli
8. Ferðamálastofa
9. Landmælingar Íslands
10. Staðlaráð Íslands



HÁSTÖKKVARI ÁRSINS 2007

Skrifstofa rannsóknarstofnana atvinnuveganna



SFR – stéttarfélag í almannajónustu þakkar öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni að þessu sinni. Ítarlegri upplýsingar er hægt að fá á vef SFR www.sfr.is.

**STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU**



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 7.859 +0,54% Fjöldi viðskipta: 484
Velta: 5.423 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Mosaic
365
Exista

+5,52%
+4,35%
+1,60%

MESTA LÆKKUN

↓ Hampiðjan
Óssur
Teymi

-0,69%
-0,43%
-0,43%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: 365 3,60 +4,35% ... Actavis %
... Alfesca 4,83 +0,63% ... Atlantic Petroleum 775,00 +0,00% ...
Atorka 7,12 +0,57% ... Bakkavör 67,40 +0,15% ... Eimskipafélagið
34,80 +1,46% ... FL Group 29,50 +1,03% ... Glitnir 27,15 +0,37% ...
Kaupþing 1.083 +0,28% ... Landsbankinn 35,60 +0,85% ... Marel
75,60 +0,94% ... Mosaic Fashions 17,20 +5,52% ... Straumur-
Burdarás 20,60 +0,49% ... Óssur 115,50 -0,43%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Humarhótel opnað á Höfn

Starfsstöð Matis (Matvælarannsóknna Íslands) og Humarhótel á Höfn í Hornafirði var opnað með formlegum hætti í byrjun vikunnar. Árni M. Mathiesen fjármálaráðgjafi opnaði, en við þetta tækifæri fengu hann og Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Matis, að gæða sér á ferskum leturhumri frá Humarhótelinu.

Sjöfn segir markmiðið með starfsstöðinni að efla rannsóknastarf, skapa aðstöðu og vettvang til aukins samstarfs við atvinnulíf og stuðla að verðmætasköpun í samvinnu við matvælafyrirtæki á svæðinu. Á Humarhótelinu, sem er samvinnuverkefni Matis, Frumkvöðlasets Austurlands, Sæplasts, Hafannsóknastofnunarinnar og Skinneyjar Þinganes, er hægt að geyma lifandi leturhumar sem er veiddur úti á Hornarfjarðardjúpi. Humarinn er fluttur lifandi á hótelið þar sem hann er geymdur kældur. Hann er svo fluttur lifandi á markað erlendis.



HUMARINN SNÆDDUR Árni Mathiesen og Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Matis, gæða sér á ferskum humri við formlega opnun starfsstöðvar Matis á Höfn.

Útflutningur á lifandi humri hefur staðið yfir í nokkur misseri og voru meðal annars nokkuð hundruð humrar fluttir á sjávarútvegssýninguna European Seafood Exposition í Brussel í Belgíu í síðustu viku. Humrarnir voru vænir, um 100 grömm að þyngd að meðaltali, og veiddir við Hornarfjarðardjúpi. - jeb

MARKAÐSPUNKTAR

Met var slegið í OMX kauphöllum á fimmtudag þegar velta nam 9.706 milljónum evra, eða tæplega 835 milljónum króna. Fyrri met var frá 26. apríl sl., 9.040 milljónir evra.

Greiningardeild Glitnis segir horfur félaga í Kauphöll Íslands almennt með ágætum og spáir 37 prósent hækkun úrvalsvísitölunnar á árinu. Á fyrsta ársfjórðungi hækkaði vísitalan um 16,8 prósent og spáir bankinn ríflega 17 prósent hækkun til viðbótar.

Nýtt verðmat greiningardeildar Glitnis á Teymi er 19,1 milljarður króna sem gefur verðmatsgengið 5,4 krónur á hlut, um níu prósentum yfir gengi á markaði og 14 prósentum yfir útboðsgengi í hlutafjárútbóði félagsins sem lauk í síðustu viku. Eftir sex mánuði spáir bankinn því að gengi bréanna verði komið í 5,9 krónur á hlut.

Viðsnúningur í rekstrinum

Hagnaður Vinnslustöðvarinnar fyrstu þrjú mánuði ársins nemur 765 milljónum króna, samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Breytingin frá sama tíma í fyrra er mikil, en þá nam tap 213 milljónum króna.

Heildartekjur tímabilsins voru 1.750 milljónir króna en 1.769 milljónir í fyrra. Tekjur fiskvinnslu stóðu nánast í stað en tekjur útgerðar jukust. Rekstrargjöld lækkuðu um 200 milljónir króna, úr 1.359 milljónum í fyrra í 1.159 milljónir.

Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam tæplega 592 milljónum króna, jókst um 44 prósent milli ára. Meðal tekna er færður söluhagnaður af aflheimildum að upphæð 33 milljónum króna.

- óká

Stutt saga Mosaic Fashions í Kauphöll

Baugur ætlar að gera 50 milljarða króna yfirtökutilboð í Mosaic, tveimur árum eftir að hafa leitt skráningu félagsins í Kauphöll. Bjóðendur horfa fram á mikla samþættingarvinnu og telja tilboð til hluthafa gott.

Newco, nýstofnað félag í eigu Baugs Group og fleiri fjárfesta, hefur átt í viðræðum við stjórn Mosaic Fashions um að leggja fram formlegt yfirtökutilboð til hluthafa á næstu vikum og taka félagið úr Kauphöll í kjölfarið – tveimur árum eftir að þetta móðurfélag tiskuverslanakeðja á borð við Coast, Karen Millen og Oasis var skráð á markað með pomp og pragt. Tilboðsgengið er 17,5 sem þýðir að markaðsvirði Mosaic er um 51 milljarður króna.

Baugur, sem er stærsti hluthafinn með 37 prósent hlut, leiddi hóp fjárfesta sem skráðu félagið í Kauphöllina sumarið 2005 að undangengnu hlutafjárútbóði til annarra fjárfesta.

Gunnar Sigurðsson, fram-

kvæmdastjóri hjá Baugi í Bretlandi, er þeirrar skoðunar að þetta sé rétta skrefið fyrir fyrirtækið í ljósi þeirra breytinga sem hafa átt sér stað á rekstri Mosaic og áformin feli ekki í sér uppgjöf. „Við töldum það vera hárréttan tímupunktur í lífi Mosaic Fashions að skrá það á markað fyrir tveimur árum. Mosaic hefur breyst mjög eftir kaupin á Rubicon í fyrra og talsverð samþættingarvinna er fram undan sem felur í sér fjárfestingar og uppbyggingu merkja.“ Kaupin á Rubicon stækkuðu Mosaic töluvert og gerðu það jafnframt skuldsettara en gengur og gerist með skráð fyrirtæki, sérstaklega þegar horft er til breska markaðarinnar.

„Við teljum í fyrsta lagi að það sé auðveldara fyrir fyrirtæki að vera

ekki skráð á þeim tíma sem það fer í gegnum þær breytingar og í öðru lagi höldum við að það tilboð sem við erum að leggja fram sé í rauninni mjög gott fyrir hluthafana,” segir Gunnar.

Væntanlegt tilboð er tæplega 30 prósentum yfir útboðsgengi félagsins þegar það fór á markað og um tólf prósentum yfir meðalgengi síðustu þriggja mánaða. Margir hafa verið ósáttir með verðbrúun á fyrirtækinu, sem rekur 1.853 búðir í 26 löndum, og telja Mosaic vanmetið. Gunnar bendir á að tilboðið miðist við að greiddur sé um það bil nífaldur rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) sem er ekki lágt verð þegar haft er í huga að rekstrarniðurstæða í fyrra var undir væntingum. „Ef við náum að



KAREN MILLEN Stofnandi samnefndrar keðju á víðfrægri tiskusýningu Mosaic í Laugardalnum fyrir tveimur árum.

klára þennan feril þá teljum við að þetta sé sanngjarnt verð fyrir hluthafa.“
eggert@frettabladid.is

Sýning Hobby hjólhýsi Sýning

Rollsinn í hjólhýsum



560 Ufe Excelsior með leðri

Mest seldu hjólhýsi í heimi, einnig á Íslandi



D650



Van



T650



Skoðið heimasíðuna
www.hobbyhusid.is

Hobbyhúsið

Dugguvogi 12
104 Reykjavík
S: 517 7040

opnunartími

mán-föst 10.00-18.00
laugard 13.00-17.00
sunnud 13.00-16.00

3. - 6. MAÍ

SNYRTIDAGAR

Í SMÁRALIND

DEBENHAMS

Rifka gefur glæsilega
hlíðartösku ef keyptar eru
vörur fyrir 3.500 kr.

Sportleg taska fylgir nýja
sumarilmínum 1881 frá Cerrutti

SENSAI SILK snyrtitaska
með Softening Lotion 30 ml,
Emulsion 30 ml og Moisture Polish
Essence 10 ml

ef verslaðar eru Kanebo
vörur fyrir 4.900 kr

SENSAI CP snyrtitaska
með Body Firming Formula 30 ml,
Throat and Bust Lifting Effect Formula
30 ml og Quick Radiance 10 ml

ef verslaðar eru Kanebo
vörur fyrir 4.900 kr

ORMSSON
SMÁRALIND

20% afsláttur
af hársnyrtivörum

byggtog**búið**
Kringlunni
Smáralind

20% afsláttur af völdum
BabyliSS vörum

BabyliSS hárbóláSara 2000W
BabyliSS hárbóláSara 1900W
BabyliSS Press&Curl
BabyliSS sléttujárn - nýtt

THE BODY SHOP

25% afsláttur af
eftirfarandi vörum

SÓLARPÚÐUR
tvö litbrigði

CRANBERRY - VARAGLOSS
tvö litbrigði

FÖRÐUNARBURSTAR
fyrir andlit og líkama

HYGEA
snyrtivörur

Kynning á nýjum litum
frá Helena Rubenstein

Kaupauki fylgir öllum
seldum snyrtivörum á
meðan birgðir endast

50% afsláttur
af Babylon skartgripum
á Snyrtidögum

Frí Guinot augnmeðferð

Kaupauki fylgir
Lancome vörum

Kynning á nýjum
rakakremum frá Dior,
kaupauki fylgir



Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA

Menn mega hugsa stórt þegar kemur að opinberum framkvæmdum.

Monthús og mannvirki

JÓN KALDAL SKRIFAR

Að stækka styttna af Ingólfi Arnarsyni á Arnarhóli í Frelsisstytustærð og hafa útsýnispall í spjótinu er einhver allra flottasta tillaga sem opinber hugmyndasamkeppni um skipulagsmál hefur getið af sér.

Ef rétt er munað kom þessi hugmynd fram í samkeppni í telfni af 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar fyrir rúnum tuttugu árum. Því miður var hún ekki framkvæmd, en eins og gildir um margar góðar hugmyndir hefur hún staðið ágætlega af sér ágang tímans, svo enn geta stórhuga menn látið hana verða að veruleika.

Á þessum tíma var þó við völd í höfuðborginni sannarlega stórhuga borgarstjóri, sem átti eftir að koma að byggingu tveggja mannvirkja sem hvort um sig lyfti ásýnd borgarinnar upp á við. Perlan og Ráðhús Reykjavíkur eru fyrst og fremst arfleifð Davíðs Oddssonar og báðar eru byggingarnar afbragðs dæmi um að menn mega – og eiga – að hugsa stórt þegar kemur að opinberum framkvæmdum. Að minnsta kosti af og til.

Það er ekkert að því að hugsa stórt og framkvæma. Hvað væri Reykjavík til dæmis án Perlunnar, eða Hallgrímskirkju?

Ráðhúsið fer einstaklega vel á Tjarnarbakkanum og það er sannarlega sómi að Perlunni þar sem hún tyllir sér stásslæg efst í Öskjuhlíðinni. Að vísu er Perlan mun betri í fjarlægð en nálægð; þegar inn er komið er þetta undarlega tilgangslítið mannvirki. En það er allt annað mál. Það á þá örugglega einhver snjöll kona, nú eða snjall karl, eftir að finna byggingunni verðugra hlutverk heldur en að fóstura útsölumarkaði og dýrasýningar þegar það vantar gólfpláss undir slíka viðburði.

Andstæðingar Davíðs mótmæltu ákaft byggingu húsanna beggja. Þau þóttu bruðl og óþarfa flotræfilsháttur. Sama gerðist þegar Alfréð Þorsteinsson, fyrrum stjórnarformaður Orkuveitunnar, stóð fyrir byggingu glæsilegra höfuðstöðva fyrirtækisins við Bæjarháls. Nema þá kom gráturinn úr hinni áttinni. Þetta var of flott, of dýrt, of fínt. Síðast fór Egill Helgason þáttastjórnandi með þessa þulu þegar hann kom inn í húsið til að stýra þar kosningaþætti á Stöð 2 á dögum.

Þetta er óþarfa kotbúahugsunarháttur. Það er ekkert að því að hugsa stórt og framkvæma. Hvað væri Reykjavík til dæmis án Perlunnar, eða Hallgrímskirkju svo annað umdeilt dæmi sé tekið?

Í byrjun vikunnar kynnti menntamálaráðherra niðurstöður nefndar um stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Tillögurnar hafa fengið nafnið „Menningarstefna í mannvirkjagerð“. Fangar það ágætlega þá hugsun að ekki eiga alltaf eingöngu að liggja hagræn sjónarmið að baki opinberum mannvirkjum, heldur geta þau jafnframt verið menningarauki út af fyrir sig.

Auðvitað er best þegar fer saman að hægt er að nota mannvirki og horfa á þau, en það á hins vegar ekki að vera algilt viðmið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. www.frettabladid.is ISSN 1670-3871

MARKAÐURINN

Einfalt mál

á www.visir.is alla daga

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fáir úr úthverfunum

Í vikunni birtust framboðslistar flokka í heild sinni. Þegar listarnir í Reykjavíkurborg eru skoðaðir kemur í ljós að mikið Vesturbæjar- og miðbæjarveldi ríkir á sumum listum, einkum hjá VG og Samfylkingunni.

Í Reykjavík norður eru til dæmis sjö af tíu efstu frambjóðendum Samfylkingarinnar búsettir í mið- og Vesturbæ. Tveir tilheyra pósnúmeri 105 en einn, Dofri Hermannsson, er búsettur í Grafarvogi. Fjórir af fimm efstu frambjóðendum VG í kjördæminu eru búsettir í miðbæ og Vesturbæ, en einn er í Norðurmyri. Í Reykjavík suður eru einnig sjö af tíu efstu frambjóðendum Samfylkingar-

innar búsettir í miðbæ og Vesturbæ en fólk á lista VG er dreifðara um höfuðborgina á listanum í Reykjavík suður en norður, Þrír tilheyra pósnúmeri 108, einn frambjóðandi er búsettur í Hlíðunum og annar á Laugarnesvegi.

Vesturbæjarveldi

Sjálfstæðisflokkurinn sækir einnig marga frambjóðendur í mið- og Vesturbæ. Í Reykjavík suður leiðir Grafarvogsbúinn Guðlaugur Þór Þórðarson listann, tveir frambjóðendur búa í pósnúmeri 103, tveir í 108, einn í Norðurmyri en fjórir í Vesturbæ, gömlum



eða nýjum. Vesturbæingurinn Geir H. Haarde leiðir svo lista sjálfstæðismanna í Reykjavík suður.

Tveir úr sveitinni

Raunar leiða íbúar Vesturbæjar sex lista af tólf í Reykjavíkurborgardæmunum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Össur Skarphéðinsson, Geir H. Haarde, Margrét Sverrisdóttir, Katrín Jakobsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir. Tveir leiðtoganna eru ekki búsettir í Reykjavík, Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins sem leiðir lista flokksins í Reykjavík norður býr í Kópavogi en Magnús Þór Hafsteinnsson sem leiðir lista Frjálslynda flokksins býr á Akranesi.

sigridur@frettabladid.is

Framtíðin

Núna stendur yfir kosninga-barátta þar sem stjórnmalaflokkar demba yfir okkur slagorðum og auglýsingum í örfáar vikur sem eiga að fá okkur til að gleyma öllu því sem hefur gerst á Íslandi undanfarin fjögur ár. Vonandi hefur þessi barátta lítil áhrif því ef slagorðin virka þá er það einungis á kostnað sjálfstæðrar hugsunar. Framtíð okkar skiptir líka af miklu til þess að hún eigi að ráðast af átaksværkefnum hjá auglýsingastofum landsins í fáeinum vikum.

Áhugamenn um stjórnmál liggja þessar vikurnar yfir kosningaumfjöllun fjölmiðla, ekki síst umræðubáttum í sjónvarpi. Fagmennirnir á fjölmiðlunum reyna þar að kryfja þau mál sem brenna á þjóðinni. Ef marka má þessa þætti er sjónarhorn Íslendinga óskaplega þröngt. Stjórnmalamennirnir eru spurðir út í hvaða vegarspotta eigi að breikka næst og hvaða atvinnustarfsemi sé blómlegust „í kjördæminu“. Ég er hins vegar ekki viss um að fólk sé endilega að biðla til stjórnmálamanna um skyndilausnir í atvinnumálum. Væntanlega vilja flestir bjarga sér sjálfir í þeim efnum og líta frekar til stjórnmálamanna um mál sem varða okkur öll og sameiginlega framtíð mannkyns. Þar eru blikur á lofti sem ekki er spurt um í umræðubáttum.

Við á Íslandi glímum við sömu spurningar og fólk annars staðar í heiminum. Eignum við að lifa áfram í falsvitund um „endalok sögunnar“, ótakmarkaðan hagvöxt og þenslu, alþjóðavæðingu sem studd er af hernaðarmætti kjarnorkuvelda og þeirri nauðhyggju að við eigum í rauninni ekki val um neitt annað? Eða eigum við að horfast í augu við að þessi draumur hefur beðið hnekki undanfarin ár, eftir að



SVERRIR JAKOBSSON Í DAG | Stjórnmál

stríðið gegn hryðjuverkum hófst og samhliða því markviss aðför að lýðrættindum fólks í þeim löndum sem ennþá kalla sig „frjáls“. Opinberar stofnanir hafa fengið aukið svigrúm til að njósna um almenna borgara í nafni öryggis eða takmarka mannréttindi fólks með öðrum hætti á sömu forsendu. Þótt allir þykist vera á móti „forræðishyggju“ virðist sú andstaða rista grunnt þegar stofnað er til leynilögreglu og eftirlit með borgurum að hert.

Það blasir við að alþjóðavæðingin sem verið hefur í tísku undanfarna áratugi var á forsendum iðnríkjanna, en fátækustu þjóðir heimsins búa við afturför frekar en hitt. Ekki er það skritið að margir skuli óttast afleiðingar alþjóðavæðingar sem á sér slíkar birtingarmyndir, og að sá ótti hafi líka náð hingað til Íslands. Sumir hafa farið þá billegu leið að kenna veikasta hlekknum um allt saman; fólkinu sem flytur á milli landa í leit að betri afkomu. Það er hins vegar varla hægt að yfirbjóða núverandi stjórnmál þegar kemur að þróingsýni innflytjendastefnu. Við Íslendingar tókum í heilu lagi upp harkaleg innflytjendalög Dana til þess að hindra ungt fólk í að komast til landsins; þótt grunnt sé á undanþágum fyrir þá sem hafa tengsl við ráðherra eða önnur fyrirmenni. Alþjóðavæðingin á sér ýmsar hliðar, en þessi hlið er ekki sérlega geöfæld.

Skilum góðærinu til fólksins

UMRÆÐAN

Velferð

Nú er ríkið búið að greiða niður skuldir ríkissjóðs að mestu. Í langri valdatíð sjálfstæðismanna hafa skuldir heimilanna hinsvegar vaxið mikið vegna rangrar efnahagsstefnu, viðskiptahalla, verðbólgu og okurvaxta.

Skatttekjur ríkisins hafa stórukaust á kjörtímabilinu. Í hvað var peningunum varið? Við sjáum þá ekki í fleiri hjúkrunarrýmum, háskólum á landsbyggðinni eða bættum samgöngum. Meðan skuldir ríkissjóðs hafa verið greiddar niður hafa skuldir heimilanna í landinu margfaldast. Þensla ríkisins hefur etið upp afganginn. Hún sést best í einkavinavæðingu, ótal nefndum um ekkert og pólitískum ráðningum. Þessu viljum við breyta.

Það er komið að fólkinu í landinu að greiða niður skuldir heimilanna. Við viljum auka ráðstöfunartekjur einstaklinga með því að hækka skattleysismörk samkvæmt verðlagsþróun í 140 þúsund og heimilin munar um það. Við viljum lækka tekjuskatta á einstaklinga í 28% af kostur gefst. Við treystum fólkinu til að ráðstafa fénu og greiða niður skuldir sínar. Fólk þarf að axla ábyrgð á sínum skuldum fremur en treysta á skuldahvetjandi vaxtabótakerfi, þar



ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR

sem ríkið þarf aðeins að hækka fasteignamat til að breyta öllum forsendum.

Íslandshreyfingin leggur áherslu á að draga úr forræðishyggju og hætta að hegna fólki fyrir fyrirhyggju með því að skerða lífeyri. Aldraðir og öryrkjar eru líka einstaklingar, afnám tekjutenginga bætir kjör margra verulega og skilar sér langbest til þessa hóps sem kjarabót og örvun til að fara út á vinnumarkaðinn. Þjóðinni er meiri akkur í að hvetja fólk til þátttöku í samfélaginu og njóta starfskrafta þess eins lengi og kostur gefst.

Ísland er eitt ríkasta land í heimi. Það er tímaþætt að allir fái að njóta ávaxtanna. Við viljum lækka skatta á einstaklinga og fyrirtæki án þess að draga úr velferðarkerfinu. Hvernig? Svarið er einfalt. Með framúrskarandi rekstrarumhverfi löðum við að okkur arðsöm fyrirtæki. Engin flókin hagfræði: Lægri prósentá á meiri hagnað fyrirtækja gefur miklu fleiri krónur í velferðar-, samgöngu- og menntakerfið.

Það er nauðsynlegt að draga úr gifurlegum viðskiptahalla. Við treystum fólkinu til þess að hugsa málið, draga úr neyslu, greiða niður skuldir og velja íslenskt.

Höfundur skipar 1. sæti á lista Íslandshreyfingarinnar í Suðurkjördæmi.

NÝTT

LENGRI HELGI Á LAUGAVEGI!

VIÐ HÖFUM LENGT OPNUNARTÍMANN
FYRSTU HELGI HVERS MÁNAÐAR Í SUMAR.

NÚ ER OPIÐ

FRÁ 10 TIL 17 LAUGARDAG
OG FRÁ 1 OG 17 SUNNUDAG

HVERGI Á LANDINU ERU FLEIRI
VERSLANIR OG VEITINGASTADIR EN VIÐ

VIÐ LAUGAVEG



FÓLKID Í BÆNUM

HAGSMUNASAMTÖK VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU Á LAUGAVEGI

WWW.LAUGAV.IS LAUGAV@LAUGAV.IS

GUST
LAUGAVEGI 70



VINNUFATABÚÐIN
LAUGAVEGI 76



GALLERI-HÚSIÐ
LAUGAVEG 91



SEATING CONCEPT
LAUGAVEGI 95



KVK
LAUGAVEGI 27



RÁÐHÚSBLÓM
BANKASTRÆTI 4



MAÍA
LAUGAVEGI 86-94



L'OCCITANE
LAUGAVEGI 76



REYKJAVÍK
PIZZA COMPANY
LAUGAVEGI 81



SIGURBOGINN
LAUGAVEGI 80



G-STAR
LAUGAVEGI 86-94



COUTURE
LAUGAVEGI 86-94

MONA
LAUGAVEGI 66



SIA
LAUGAVEGI 86-94



DÚN OG FIÐUR
LAUGAVEGI 87



LIGGALÁ
LAUGAVEGI 67



PLAZA MEXICO
LAUGAVEGI 70



Úr herstöð í háskólasamfélag

Ný miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs á Keflavíkurlflugvelli

Keilir

Skólastarfinu er skipt upp í þrjú svið; háskólanám, frumgreinadeild sem undirbýr nemendur undir frekara nám á háskólastigi og starfsgreinatengt nám sem kennt verður í samstarfi við fyrirtæki og veitir réttindi á ákveðnum sviðum.

Orku- umhverfis-
og auðlindaklasi

Flug- samgöngu-
og þjónustuklasi

Íþrótt- og
heilsuklasi

Öryggis- alþjóða-
og stjórnmálaklasi

Lista- hönnunar-
og afþreyingarklasi

Starfsgreinatengdur fagskóli

Frumgreinadeild

Frumgreinadeild

Frumgreinadeild er undirbúningur að háskólanámi fyrir þá sem ekki hafa stúdentspróf og verður nám hennar þróað í samstarfi við HÍ og í samræmi við inntökukröfur háskólans. Deildin verður tvær annir sem undirbúningur fyrir framhaldsnám í hugvísindum og 3 annir sem undirbúningur fyrir framhaldsnám í raun og tæknigreinum. Þriðja önnin er kennd í lotukerfi yfir sumarið og lýkur henni í byrjun ágúst.

Kennsla í frumgreinadeild hefst strax í haust og byrjað verður að taka við umsóknum næstkomandi mánudag.

Keilir er ný miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Þar sem áður var herstöðin í Keflavík, verður byggt upp alþjóðlegt háskólasamfélag og atvinnurekstur í tengdri starfsemi. Meðal hluthafa eru Háskóli Íslands og lykilfyrirtæki í útrás íslensks atvinnulífs erlendis, ásamt fyrirtækjum og félögum á Suðurnesjum. Þetta er stærsta fjárfesting einkaaðila í menntun á Íslandi frá upphafi en hlutfé félagsins er á fjórða hundrað milljóna króna.

Félagið mun byggja upp háskólasamfélag þar sem leidd verða saman fyrirtæki og háskólar, þekking og fjármagn til nýsköpunar í atvinnulífi og útrásar í íslenskum menntamálum. Enskt heiti félagsins er Keilir, Atlantic Center of Excellence. Það vísar til stöðu Íslands í alþjóðavæddum heimi og þess markmiðs félagsins að byggja upp þekkingu, kennslu og rannsóknir á háskólastigi í alþjóðlegu samhengi.

Flugakademía

Keilir stefnir að því að hefja næsta haust kennslu við nýjan starfsgreinatengdan fagskóla (Polytechnic). Fyrsta verkefni hans verður stofnun Flugakademíu í samstarfi við fyrirtæki í flugstarfsemi og aðra hagsmunaaðila. Þar verður sinnt kennslu í allri flugtengdri starfsemi svo sem flugmennsku, flugþjónustu, flugumferðarstjórn og flugvirkjun.

Stefnt er að því að kennsla í Flugakademíu hefjist strax í haust.

Háskólastarf

Háskóli Íslands og Keilir munu sameiginlega byggja upp alþjóðlegt háskólanám í þeim tilgangi að laða til Íslands erlenda kennara og háskólanema. Námið og kennslan verða þróuð, einkum á sviðum orkuvísinda og umhverfismála, jarðvísinda, sjálfbærrar þróunar, verkfræði, ferðamála, lífríkis hafsins, norðurslóðarannsókna, samgöngumála og alþjóða- og öryggismála. Þróunarhópur á sviði orkuvísinda- og umhverfismála með aðild lykilfyrirtækja og helstu rannsóknarstofnana landsins hefur þegar hafið störf.

Stefnt er að því að háskólakennsla hefjist haustið 2008.

Merki



Keilir
Atlantic Center
of Excellence

Keflavíkurflugvelli

Sími 5784000

KVÖLDSKÓLI
KÓPAVOGS

Vorsýning
Kvöldskóla Kópavogs
2007

verður sunnudaginn 6. maí
kl. 13 til 17
í Snælandsskóla v/ Furugrund

Bókband Skrautritun
Glerbrensla Lopapeysuprjón
Bútasumur Silfursmiði
Fatabreytingar Trésmíði
Fatasumur Útskurður
Þjóðbúningagerð Baldering
Fristundamálun Skattering

Allir velkomnir!

Ræstingastjórnun - Stjórnun í krafti þekkingar -

Starfsnámið er ætlað öllum sem hafa áhuga á faglegum vinnubrögðum í ræstingastjórnun. Námið nýtist einnig þeim sem vilja auka þekkingu sína á sviði hefðbundinna ræstinga eða endurmennta sig í fagi sem þeir þekkja.

Námskeiðið er haldið á Iðntæknistofnun, Keldnaholti.

Kennsluáætlun:

1. Stjórnun og samskipti

Tímasetning: 10. og 11. maí, frá kl. 13:00 til 17:00

- Starfamannastjórnun
- Gæði og gæðastjórnun
- Samskipti og samskiptatækni
- Sjálfsmýnd og sjálfsstyrking

2. Faggreinar

Tímasetning: 14. 15. og 16. maí, frá kl. 13:00 til 17:00

- Almenn ræsting
- Skipulag ræstinga
- Efnafraði hreinsiefna
- Örverur - sótthreinsun og sýklavarnir

Heimsóknir í fyrirtæki þar sem kynnt verður það nýjasta í ræstingastjórnun og efnun.

Námið byggir á fyrirlestur, verkefnum og hópvinnu.

Upplýsingar og skráning

Hjá **Impru nýsköpunarmiðstöð**
í síma 570 7100, hjá brynjasi@iti.is
eða á www.iti.is.



impru nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun



Iðntæknistofnun

NÁM
SKEIÐ

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

MAÐUR VIKUNNAR

Líklegur til að slá í gegn

LÁRUS WELDING



Toppná-
ungi, er
sagt um
nýjan
for-

stjóra Glitnis banka, Lárus Welding. Um leið er hann sagður ólíklegri til að stökkva á svið í veislum starfsmanna og taka lagið með hljómsveit hússins, líkt og forveri hans í starfi, Bjarni Ármannsson, gerði gjarnan.

Lalli, eins og hann er kallaður af vinum sínum, er sagður reglulega þægilegur í alla staði. Einn sagði að hann „hefði eðal-mann að geyma“, en væri tiltölulega jarðbundinn og ólíklegur til að kæra sig um að vera miðpunktur athygli eða hrókur alls fagnaðar í veislum. Um leið er Lárus sagður hafa þægilega nærveru og gott að tala við hann. Þetta endurspeglast í velgengi hans í að vinna með öðru fólki, en þar fer af honum gott orð.

Annað sem sagt er um Lárus er að hann sé hörkudaglegur og bent á að hann hafi unnið mikið með námi, rétt eins og endurspeglast í starfsferilsskránni.

Hann útskrifaðist úr viðskiptafræði við Háskóla Íslands haustið 2000, en hafði þá þegar starfað hjá endurskoðunaraskrifstofu milli 1997 til 1999, hjá Seðlabankanum og hafið störf hjá FBA. Stúdentspróf tók Lárus í Verzlunarskóla Íslands.

Eins og óvída hefur verið flíkað eru langhlaup talin til mestu dyggða hjá starfsmönnum Glitnis þar sem Lárus

er nú kominn og bankinn verði meðal styrktaradila Reykjavíkurmaraþons auk maraþonhlaupa í stórborgum víða um heim. Sjálfur útilokar Lárus ekki að hann láti undan félagslegum þrýstingi á nýjum vinnustað og hlaupi Reykjavíkurmaraþon í ágúst. Síðan hefur því einnig verið fleygt að Lárus kynni að innleiða nýja íþrótt hjá Glitni því sjálfur æfði hann stíft karate frá því að hann var barn að aldri. Svarta beltid í íþróttinni varð hann sér úti um árið 1995 og sótti sér svo gráðuna 2. dan þremur árum síðar. Eftir því sem næst verður komist lét Lárus svo af æfingum á nýrri öld þegar ný verkefni urðu aðkallandi og fjölskyldulíf tók meiri tíma. Hann mun þó eitt-hvað hafa haldið við þekkingunni og æft fyrst eftir að hann flutti til Lundúna, en sökum anna í viðskiptalífnum orðið að láta af þeim æfingum.

Lárus er hins vegar fljótt sagður hafa sýnt að bardagaíþróttin átti vel við hann og hans gömlu félagar í karate vissu allir að hann myndi enda sem bankastjóri einhvers staðar, spurningin væri bara í hvaða banka. Til marks um það er að hann var enn á menntaskólaaldri þegar búid var að kjósa hann gjaldkera karatefélagsins og hann farinn að halda utan um reikninga og útdeila launa-greiðslum.

FÆDDUR

Lárus Welding er fæddur 11. desember 1976, sonur Ástu S. Lárusdóttur kennara og Snorra Friðrikssonar Welding, Reykvikingur alinn upp í Breiðholti. Lárus er giftur Ágústu Ólafsdóttur og eiga þau tvær dætur, aðra sjö ára og hina eins árs.

Lárus Welding er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands síðan í október 2000 og með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands, lög-giltur verðbréfamiðlari og með próf í fjármálum frá UK Securities Institute í Bretlandi. Hann starfaði hjá JHR endurskoðunaraskrifstofu árin 1997 til 1999, hjá Seðlabanka Íslands 1998 og Fjárfestingabanka atvinnulífsins, FBA. Síðan var hann hjá Íslandsbanka-FBA 1999 til 2003 þegar hann hóf störf hjá Landsbanka Íslands í Lundúnum árið 2003.

VANN SÉR TIL FRÆGDAR

Lárus er nýr forstjóri Glitnis banka, en hann tók í byrjun vikunnar við keflinu af Bjarna Ármannssyni. Áður stjórnaði Lárus útibúi Landsbankans í Lundúnum og leiddi uppbyggingu á starfsemi bankans þar.

HVAÐ SEGIR HANN?

„Ég tekst, mjög spenntur, á við verkefnið,“ sagði Lárus aðspurður um hvernig honum litist á nýjan starfsvettvang þegar tilkynnt var um forstjóraskiptin í Glitni 30. apríl síðastliðinn.

BLOGG.VISIR.IS

V fyrir velferð

Í komandi kosningum verður kosið um framtíð velferðarþjóðfélags á Íslandi. Í ljós hefur komið að meginþorri Íslendinga vill öflugt velferðarkerfi sem rekið er af hinu opinbera. Áherslur VG eru því í takt við áherslur þjóðarinnar. Við viljum forgangsraða í þágu veikra og fátækra, í þágu velferðar fyrir alla óháð efnahag. Gott heilbrigðiskerfi byggt á hugmyndinni um að allir hafi sama rétt á þjónustu er eitt af grundvallaratriðunum í góðu velferðarkerfi. Efla þarf heilbrigðisþjónustuna um land allt með það í huga að allir landsmenn þurfa á henni að halda óháð því hvar þeir búa og eiga því að sitja við sama borð hvað grunnþjónusta varðar.



Alma Jóhannsdóttir
<http://blogg.visir.is/alma>

Íslandshreyfingin í krísu

Ég held að það sé rétt hjá Agli Helgasyni að félagar í Íslandshreyfingunni eru að fara á taugum. Málflutningur Margrétar Sverrisdóttur um skoðanakannanir í kjördæmaþætti á Stöð 2 í gær var með ólíkindum. Þar taldi hún Sjálfstæðisflokkinn fá ókeypis auglýsingu þegar að Félagsvísindastofnun og Gallup þraut spyrja óákveðna kjósendur um hvort þeir telji líklegara að þeir kjósi Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk eða lista. Þessi spurning er einmitt höfð inni til að minnka fylgi Sjálfstæðisflokksins.



Reynslan hefur sýnt að óákveðnir kjósendur eru líklegri til að kjósa aðra flokka en Sjálfstæðisflokkinn og þess vegna er spurt svona. Enda sjáum við 80-90% þeirra sem taka afstöðu til þessarar spurningar segjast ætla að kjósa e-ð annað en Sjálfstæðisflokkinn.

Einar Mar Þórðarson
<http://blogg.visir.is/politik>

Ekki sama Hermann og Jónas Grani

Mál Hermanns Albertssonar er mjög áhugavert enda lítur út fyrir að stjórni FH sé búid að kúvenda stefnu sinni leikmannamálum á einu ári.



Mál Hermanns er nefnilega keimlíkt máli Jónasar Grana Garðarssonar sem vildi komast frá FH í fyrra þar sem hann fékk lítið að spila.

FH sættist á það svo framarlega sem það væri með lífi utan efstu deildar. Sú ákvörðun mæltist misvel fyrir enda hafði Jónas Grani þjónað FH-liðinu vel og vildi fá að spila meira áður en hann hætti. Það skildu flestir.

Henry Birgir
<http://blogg.visir.is/henry>

245 milljónir

**Fjórfaldur pottur,
milljónföld ánægja!**



Taktu Lottó í áskrift!



580 2530



Sölustaðir



lotto.is

Ár hinna glötuðu tækifæra

UMRÆÐAN

Stjórnmal og umhverfismál

Þegar rottur á Írlandi slitu sundur netsamband Íslands við umheiminn sagði mér maður að þetta væri táknrænt fyrir það og áhrif eldri karlmannna á Íslandi. Körlunum þótti mikilvægara að moka Héðinsfjarðargöng fyrir 10 milljarða heldur en að tengja vísinda- og tæknisamfélagið við alheiminn fyrir 3 milljarða. Forgangsröðun af þessu tagi hefur valdið því að tugur ef ekki hundruð hátækni- starfa hefur ekki orðið til á Íslandi á meðan heil kynslóð lifir í heimi sem kallar á stórskipahafnir, stórhvelaveiðar og stóriðju. Þetta eru ekki fordómar, Gallupkannanir sýna þetta svart á hvítu.

Náttúruverndarmálin fjalla ekki um eina verksmíðju eða stíflu heldur eru þau birtingarmynd stærri vanda. Það þykir ekki til- tókumál að fullfrískur maður segi opinberlega þegar stóriðju ber á góma: En hvað á að gera í staðinn? Menn vilja auðvitað öryggi en öryggisþörfin virðist ekki byggja á hagfræðilegum veruleika, menn kalla á framkvæmdir sem eru langt umfram þarfir. Þótt þær spilli fyrir útflutningsfyrirtækjum eins og Marel, fiskiðnaði, ferðaþjónustu eða hugbúnaðarfyrirtækjum þá voru það hvort eð er ekki nógu „öruggir“ atvinnuvegir. Þegar nánar er spurt út í hagnað af þessum ævintýrum, raunverulegt hlutfall af þjóðartekjum eða raunverulega rentu sem rennur til íslensks samfélags er eins og menn fari í vörn og segi: „Auðvitað er myljandi hagnaður af þessu.“

Helmingi ódýrari en í Brasilíu

Stórhugur íslenskra karlmannna er eins og himnasending fyrir gamalreynd fyrirtæki eins og Alcoa. Í Financial Times Þýskalandi segir



ANDRI SNÆR
MAGNASON

að samning- ar Alcoa við Landsvirkjun spari fyrirtækinu um 14 milljarða á ári miðað við orkuverð til stóriðju í Þýskalandi. Á heimasíðu Alcoa (sem nú hefur verið „lagfærð“) sagði forstjórinn að orkuverð á Íslandi væri helmingi lægra en í Brasilíu. Það eru þá um 6 milljarðar á ári í sparnað. Landsvirkjun telur að hagnaður af Kárahnjúkavirkjun verði um 4 milljarðar samtals á 40 árum. Rentan af auðlindinni fer nánast öll úr landi en Alcoa borgar aðeins 5% tekjuskatt af arði. Nauðasamningur af þessu tagi hlýtur að vera einsdæmi á Vesturlöndum. Það þýðir ekki að skella skuldinni á Framsóknarflokkinn, Geir Haarde skrifaði undir samninginn. Ef virkjunin verður seld á frjálsum markaði fást aldrei meira en 60-80 milljarðar fyrir þessa 120 milljarða fjárfestingu. Hálf hátækni- sjúkrahús væri skilið eftir fyrir skattgreiðendur að borga upp. Innan tíðar verða 90% af orkuframleiðslu Íslands bundin álverði. Bandarískt fjárfestafyrirtæki talar um „dirt cheap energy“ og mælir með kaupum í Norður- áli með þessum orðum: „... if aluminum prices weaken, Iceland is not biting the hand that feeds it.“

Íslenska gildran

Þrátt fyrir lélega samninga og mikla áhættu þykir sjálfsgat að annar leynisamningur verði gerður við Alcoa um álver á Húsavík og aftur teknir tugmilljarðar að láni sem almenningur á að ábyrgjast. En er skynsamlegt að gera

Alcoa að ráðandi afli í Norðaustur- kjördæmi? Getum við ekki fundið aðrar lausnir? Þannig stefnir Sjálfstæðisflokkurinn á álver í Helguvík og Húsavík á næsta kjörtímabili og Sjálfstæðismenn á Suðurlandi eru þegar þarnir að tala um álver við Þorlákshöfn skammt frá einu hreinasta vatnsbóli í Evrópu. Í bæklingnum Southland of Opportunities – A New Option for Heavy Industry er bent á Torfajökulsvæðið, Langasjó, Kerlingarfjöll og Markarfljót sem mögulega virkjunarkosti. Sjá www.sass.is.

Öryggisþörfin og minningar frá 1965 valda því að það er aldrei tímabært að leita annarra leiða. Í góðæri er ekki hægt að staldra við, sá sem vill það er spilltur af góðærinu. Í kreppu er ekki hægt að neita sér um eitt einasta atvinnutilboð. Þetta er íslenska gildran. Menn tala um verndun Þjórsárvera eins og það sé tíma- bundinn velmegunarsjúkdómur. Getur verið að Davíð, Halldór og Geir hafi skilið heila kynslóð jafnaldrar eftir í gapandi tómarúmi? Af hverju er það karlmennska að gera minna úr möguleikum þjóðar en efni standa til? Hvaðan kemur þessi ósjálfstæðisbarátta og hvert leiðir hún okkur?

Á kynningu um þungaiðnað í New York fyrir nokkrum vikum endaði framsögumaður ræðu sína á því að sýna myndir af Herðubreið, Dettifossi og Skaftafelli. Myndasýrpan var kynnt sem hluti af svæðum sem Alcoa tæki þátt í að „vernda“ á heimsvísu. Ríkisstjórn Íslands tók á móti 300.000 dollara styrk frá Alcoa árið 2006 fyrir Vatnajökulshjóðgarð. Það má velta fyrir sér; var þetta góður styrkur eða hörmulegur auglýsingasamningur? Er ekki mynd mesta verðmæti fyrirtækja og þjóða? Tiger Woods fékk 10 milljarða fyrir samning við Tag Hauer? Hvað kostar að leyfa fyrirtæki

sem er þekkt fyrir mengun að státa sig af því að verndari Íslands? Hvað finnst þjóðgarðsvörðum sem flögguðu í hálfu við Herðubreið? Er þetta hugsunarleysi, grín eða er þjóðgarðurinn einhverskonar herfang?

„Skammastu þín Björk!“

Hvað er að gerast núna? Í Guardian lofar Björk ekki Ísland, hún getur það ekki og segir að stjórnvöld séu að eyðileggja landið. Sama dag fær Bechtel, eitt alræmdasta fyrirtæki heims íslensku umhverfisverðlaunin fyrir að byggja verksmíðju sem losar 30 sinnum meira af SO₂ og 10 sinnum meira af PAH efnum en sambærileg norsk verksmíðja. Þá er fróðlegt að sjá hvernig miðaldra menn blogga um konuna sem opnaði Ólympíuleikana í Aþenu: „Skammastu þín Björk!“ Íslenski karlmaðurinn samsamar sig risafyrirtækjum en stendur stuggur af velgengni Bjarkar. Fyrir misskilning fagna þeir í hvert sinn sem Ísland skorar sjálfsmark.

Við erum búin að virkja þrisvar sinnum meira en nútíma samfélag þarfnast. Á Íslandi er framleidd þrisvar sinnum meiri raforka á mann heldur en í Japan, Danmörku og Sviss. 600 milljónir jarðarbúa búa á svæðum sem geta nýtt sér jarðvarma til raforku- vinnslu og enn fleiri til hitaveitu og sparað þar kol, olíu, gas og jafnvel timbur. Þar liggur ein stærsta lausnin á umhverfisvanda heimsins og þar höfum við raunverulegt forskot og þekkingu. Næstu ár ráða úrslitum um hver heldur forskotinu. Forsvarsmenn Hita- veitu Suðurnesja halda því fram að þeir þurfi 5 ára innrásarskeið og álver í Helguvík til að æfa sig fyrir útrásina, með sömu rökum væri Össur ennþá fimm manna fyrirtæki að bíða eftir næsta bíl- slysi. Ef álverið rís í Helguvík er

gengið of nærri Reykjanesinu og það útilokar möguleika á uppbyggingu Google eða Microsoft gagna- stöðva á Suðvesturhorninu.

Þjóð án leiðtoga

Um áramót barst ríkisstjórn Íslands að koma að risatónleikum Live Earth sem yrðu haldnir samtímis í Reykjavík, London, New York, Tokyo, Rio, Jóhannesborg og Sídney. Tilboðið kemur ekki sist vegna Bjarkar, Sigurrosar og ekki sist vegna þess að Reykjavík er hituð með jarðvarma. Hingað eiga að koma erlendar ofurstjórnur. Reykjavík sem fyrirmynd annarra borga getur skapað hundruð starfa í orkuviðnaði. Fimm mánuðum síðar hefur skýrt svar ekki borist frá stjórnvöldum. Þá má spyrja: Hvaða leiðtogi stekkur ekki á svona tækifæri? Hvar vilja Sjálfstæðismenn staðsetja okkur í heiminum? Hjá Bechtel eða Björk? Fimm mánuðir hafa liðið og ekkert svar hefur borist. Kostnaður var eins og einn Cayenne jeppi og tíminn er að renna út. Við erum þjóð án leiðtoga og sögulegt tækifæri að glatast fyrir umhverfissinna og orkufyrirtæki.

Öbreytt stóriðjustefna mun gera okkur jafn raddlaus í umhverfismálum eins og Íraksstríðið í friðarmálum. Ég vona innilega að Ómar fái 5% og komi inn jöfnunarmönnum, að Samfylking fylgi fagra Íslandi og Vinstri Græni fái góðan stuðning. Þá kemst fullt af nýju og góðu fólki að. Ráðuneytin munu reka opinbera kerfið áfram. Atvinnulífið mun halda græða áfram að græða en þingið þarf á breytingum að halda.

Höfundur er rithöfundur og hand- hafi frelsisverðlauna SUS.

Heimild: True Wealth – Stansbury Investment Research – ágúst 2006

KARNIVAL
VINSTRI GRÆNNA

LANGUR LAUGARDAGUR
HJÁ VINSTRI GRÆNUM

KARNIVAL VINSTRI GRÆNNA – SUÐURGÖTU 3
Flóamarkaður, tónlist og grill. Laugardag milli kl. 13 – 18
Hittu þína frambjóðendur á Laugaveginum
Allir velkomnir!

Stórkostleg sókn í menntamálum

UMRÆÐAN

Menntamál

Það hefur verið ævin-týri líkast að fylgjast með þróun menntamála á Íslandi á undanföllum árum. Á örskömmum tíma hefur Ísland siglt fram úr nær öllum öðrum þjóðum þegar kemur að sókn ungmenna í menntun. Nú er svo komið að engin önnur þjóð ver hærra hlutfalli af þjóðartekjum sínum til menntamála en Íslendingar.

Við sjáum þessa þróun á öllum skólastigum frá leikskóla upp í háskóla.

Í leikskólum landsins á sér stað gífurlega óflugt starf og hvergi er líklega gróskan meiri í skólastarfi en einmitt þar. Ég hef á undanföllum árum heimsótt fjölmarga leikskóla um landið allt og ávallt dáðst að því fjölbreytta og skemmtilega starfi sem þar fer fram. Litlu Íslendingarnir sem eru að taka sín fyrstu skref í skólakerfinu takast þar á við fjölbætt verkefni undir styrkri leiðsögn þar sem fræðsla og leik er tvinnuð saman og gleðin er aldrei langt undan.

Flutningur grunnskólans frá



ÞORGERÐUR
KATRÍN GUNNARS-
DÓTTIR

ríki til sveitarfélaga hefur reynt einstakt heillaskref og grunnskólinn blómstrar sem aldrei fyrr. Við sjáum það um land allt hve mikinn metnað sveitarfélög leggja í skólastarfið og hve ríkar kröfur foreldrar gera til þessarar þjónustu. Óflugt kennaralið hefur átt ríkan þátt í þessum mikla árangri og tel ég rétt að huga að enn frekari eflingu og lengingu kennaramenntunar á öllum skólastigum. Þar með væri lagður grunnur að áframhaldandi stórsókn í menntamálum.

Nú er svo komið að nær allir sem ljúka grunnskóla hefja nám í

framhaldsskóla. Þetta mun reynast þjóðinni happadrukt á næstu áratugum. Nenum stendur til boða fjölbreytt flóra framhaldsskóla hvort sem litið er til bóknaðs eða verknáms. Sömuleiðis hefur verið brugðist við kröfunni um nám í heimabyggð með stofnun og undirbúningi nýrra framhaldsskóla og ríkri áherslu á dreifnám og fjarnám.

Mesta byltingin hefur hins vegar orðið á háskólastigi. Fjöldi háskólanema hefur tvöfaldast á síðastliðnum áratug og valkostir háskólanema hafa aldrei verið fleiri og fjölbreyttari. Ef þróunin á árunum 1995-2007 er skoðuð kemur eftirfarandi í ljós.

● Nemendum í námi til 1. háskólagráðu hefur fjölgað um 104%.

● Nemendum í námi til meistara-gráðu hefur fjölgað um 1.037%.

● Nemendum í námi til doktors-gráðu hefur fjölgað um 1.837%.

Þetta hefur gerst án þess að þeim er sækja í háskólanám erlendis hafi fækkað. Þetta er hrein viðbót.

Við sjáum þetta endurspeglast í alþjóðlegum samanburði OECD-ríkjanna. Á Íslandi var brautskráningarlutfall (fjöldi brautskráðra deilt með stærð fæðingar-árgangs) á háskólastigi 50% árið 2004 en var 38,7% árið 2000. Þetta er hæsta hlutfall innan OECD en meðaltalið þar er 34,8%. Á undanföllum fimm árum höfum við

einnig siglt fram úr Dönun, Norðmönnum og Svíum þegar kemur að hlutfalli þeirra sem stunda háskólanám.

Þetta hefði ekki getað gerst án þeirrar áherslu sem ríkisstjórnin hefur lagt á menntamál á kjörtímabilinu og endurspeglast í framlögum til menntamála. Framlög til háskóla og rannsóknna hafa farið í um 10 milljörðum í tæpa 15 ári og framlög til framhaldsskóla úr 10 milljörðum í um 16 milljarða á ári.

Þetta eru gífurlegar fjárhæðir en jafnframt fjárfesting sem mun skila sér margfalt þegar fram í sækir.

Höfundur er menntamálaráðherra.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Gulls ígildi

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir skrifar um Bakþanka Dr. Gunna:

Dr. Gunni hefur litla trú á metnaðarfullum áformum Samfylkingarinnar um að leysa á 18 mánuðum bráðan vanda þeirra 400 hjúkrunarsjúklinga sem bíða í brýnni þörf eftir plássi á hjúkrunarheimili. Honum er vorkunn, enda hefur hann búið við duglausa ríkisstjórn í 12 ár sem hefur vanrækt velferðarþjónustuna eins og biðlistar ríkisstjórnarinnar bera vott um. Hann þekkir ekki annað. Ingibjörg Sólrún hefur reynt af því að leysa biðlistavanda sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur skilið eftir sig sbr. biðlistana eftir dagvist barna í tíð hennar sem borgarstjóri. Hún leysti hann fljótt og vel.

Á sama hátt munum við fjölga hjúkrunarplássum og veita þeim hjúkrunarsjúklingum sem eru heima sólarhringsþjónustu heim, sambærilega þeirri þjónustu sem veitt er á hjúkrunarheimili, kjósi þeir svo. En Gunna er sama, enda er hann ekki hjúkrunarþurfi – honum kemur þetta ekki við a.m.k. á meðan hann er heill heilsu og hress, ef marka má BAKÞANKA hans á baksíðu Fréttablaðsins í gær. Ætli það heyrðist ekki annað hljóð úr strokknum ef svo illa færi hjá honum að hann lenti í aðstæðum hjúkrunarsjúklings á biðlista? Ég hvet Gunna til að skoða hug sinn fyrir kosningarnar í vor um leið og ég óska honum góðrar heilsu. Hún er gulls ígildi.

www.uu.is

Beint flug frá 26. maí **47.392** Verðdæmi

MasterCard VISA

Helios Verðdæmi: 47.392



Snyrtilegt, fjölskyldurekið íbúðahótel með fallegum og vönduðum íbúðum.

Verð frá 47.392 á mann m.v. 2 með 2 börn í viku, brottför 18. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 55.039

Elisso Verðdæmi: 48.393



Notalegt og afar vel staðsett hótel með góðum sundlaugargarði og barnalaug.

Verð frá 48.393 á mann m.v. 2 með 2 börn í viku, brottför 18. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 58.364

Íslendingar hafa tekið ástfóstri við afslappað og hlýlegt andrúmsloft Krítar. Sólin skín flesta daga ársins og hægur andvari frá hafi gerir loftslagið eitt hið besta í Evrópu. Krít er rómuð fyrir gestrisni heimamanna og daglegt líf á eyjunni er litríkt og spennandi. Stórbrotin náttúrufrægurð og einstök menningarsaga eyjunnar blasir við hvarvetna. Gist er á úrvals hótelum í bæjunum Chania og Rethymnon og boðið er upp á fjölbreyttar skoðunarferðir. Komdu til Krítar og drekktu í þig menninguna.

ÚRVAL-ÚTSÝN



STILLUM
HITANN
HÓFLEGA

Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið

www.stillumhitann.is

Hvað gerðist á Prestastefnu 2007?

UMRÆÐAN

Þjóðkirkjan

Á Prestastefnu 2007, sem haldin var nýlega, fór fram atkvæðagreiðsla um álit kenningarnefndar kirkjunnar um staðfesta samvist. Í því var ítrekað að kirkjan styður staðfesta samvist og vill bjóða upp á athafnir blessunar og fyrirbæna fyrir fólk sem staðfest hefur samvist sína. Prestastefna samþykkti álitid með miklum meirihluta og var kenningarnefnd falið að búa það til Kirkjubings. Þeir sem ekki greiddu álitinu atkvæði töldu ýmist að það gengi of langt eða of skammt.

Samþykkt Prestastefnu á þessu álitu kenningarnefndar varð ekki fyrirferðarmikil í fréttaflokkningi af stefnunni. Ástæðan var sú að tími og rými fréttamiðla fór að miklu leyti í að segja frá því sem ekki gerðist þar. Nú þegar mönnum er örflítið runninn móðurinn er kannski ekki úr vegi að minna á þetta. Nauðsynlegt er einnig að árétta að Prestastefna er um-sagnaraðili um málið sem fær formlega afgreiðslu á Kirkjubingi í haust. Því er einfaldlega ekki lokið og er það enn til umræðu innan kirkjunnar. Fullyrðingar um að Kirkjubing hafi samþykkt eitthvað eða að Þjóðkirkjan hafi hafnað einhverju eru því ekki réttar.

Bíblíuskilningur

Í álitu kenningarnefndar er meðal annars rætt um Bíblíuskilning hvað varðar samkynhneigð. Í Bíblíunni er að finna ritningarstaði sem fjalla neikvætt um mök fólks af sama kyni og hefur þeim ritningarstöðum verið beitt



STEINUNN ARNARDÓTTIR

gegn samkynhneigðu fólki. Kenningarnefnd tekur þá afstöðu að þessir ritningarstaðir standi í ákveðnu menningarlegu og trúarlegu samhengi síns tíma og beri að skilja þá út frá því. Þessir staðir fordæmi ekki samkynhneigð sem slíka og heldur ekki þá samkynhneigðu einstaklinga sem lifa í kærleiksríkri sambúð ástar og trúfesti.

Lútherskar kirkjur

Þjóðkirkjan starfar með systurkirkjum á Norðurlöndum og Bretlandseyjum og á aðild að alþjóðlegum kirknasamtökum, þar á meðal Lútherska heimssambandinu. Sænska kirkjan hefur ein lútherska kirkna innan sambandsins tekið upp opinbert blessunarritúal, en hluti dönsku kirkjunnar gerir hið sama. Íslenska Þjóðkirkjan verður því önnur lútherska kirkjan í heimsambandinu til að taka upp slíkt ritúal með formlegri samþykkt á grundvelli kirkjunnar, verði það samþykkt á Kirkjubingi í haust. Það þýðir að sú blessun, sem staðið hefur til boða í tíu ár, fær formlega viðurkenningu kirkjunnar.

Staðfest samvist

Staðfest samvist er sá lagarammi sem sambúð samkynhneigðra er búinn. Ný lög sem gáfu staðfestri samvist sömu lagalegu stöðu og hjónabandi voru samþykkt 2006. Þau voru mikil réttarbót, sem ber að fagna. Álit kenningarnefndar

miðast við þennan lagaramma og gengur út frá því að hjónaband karls og konu og staðfest samvist séu tvö mismunandi en jafngild sambúðarform.

Tillaga um að Þjóðkirkjan sæktist eftir heimild fyrir presta sína til að staðfesta samvist, og fara þannig fram á að lagaramminn yrði víkkaður, kom fram á Prestastefnu 2007 og var vísað til biskups og kenningarnefndar. Þá var samþykkt að biðja um að gerð yrði skoðanakönnun meðal presta um afstöðu þeirra til slíks laga-gjörnings. Kenningarnefnd tekur við ábendingum til fyrsta júní og gengur síðan frá endanlegu álitu sem verður afgreitt á Kirkjubingi í október.

Tillaga á prestastefnu um að fara þess á leit við Alþingi að prestar fái heimild til að vígja samkynhneigða í hjónaband var felld á Prestastefnu 2007. Sú tillaga miðast við að hjúskaparlögum, sem skilgreina hjónaband sem sáttmála karls og konu, sé breytt. Um þetta eru afar skiptar skoðanir.

Málinu er ekki lokið

Þjóðkirkjan er stór kirkja og innan hennar eru margar skoðanir. Í þessari vinnu sem og öðrum ágreiningsmálum er reynt að vinna þannig að sem víðtækust samstaða náist um hvert skref. Það getur tekið á og verið tímafrekt.

Þegar slíku ferli er hins vegar lokið má reikna með að samkomulag náist og almenn sátt verði um framganginn.

Höfundur er verkefnisstjóri hjá Biskupsstofu.

ReykjavíkurAkademían 10 ára

UMRÆÐAN

ReykjavíkurAkademían

ReykjavíkurAkademían er R samfélag sjálfstætt starfandi fræðimanna stofnað árið 1997. Strax eftir stofnun Akademíunnar var hafist handa við að stilla saman strengi fræðimanna sem unnið höfðu hver í sínu horni og leita að hengtugu húsnaði. Í nóvember 1998 fluttu 14 fræðimenn í nýtt fræðasetur í JL-húsinu við Hringbraut. Akademían hefur vaxið og dafnað síðan. Félagar eru um 400 og af þeim hafa nú um 80 vinnuáðstöðu í húsakynnum stofnunarinnar. Þessir fræðimenn vinna að eigin verkefnum og afla styrkja í krafti verðleika sinna og verkefnanna. Einnig taka þeir þátt í samstarfsverkefnum með íslenskum og erlendum fræðimönnum.

Frá því að Akademían flutti í JL-húsið hafa um 280 manns haft þar aðstöðu. Flestir eru menntaðir á sviði hug- og félagsvísinda. Í hópnun hafa einnig verið kvikmyndagerðarmenn, blaðamenn og þjóðþekktir rithöfundar. Akademíóan eru bæði langskólagengnir einstaklingar og aðrir sem eru að byrja að hasla sér völl á sínu sviði. Þessi sambúð ólíkra fræðasviða og aldurs-hópa hafa sett mark sitt á Akademíuna.

Þverfaglegur vettvangur

Í ljósi framannefndrar fjölbreytni er ReykjavíkurAkademíunni best lýst sem þverfaglegum vettvangi ólíkra fræða. Ólíkt hefðbundnu háskólasamfélagi þar sem hverri deild er markaður bás, hvetur uppbygging Akademíunnar til samstarfs fræðasviða. Samræða ólíkra fræðimanna felur í sér nýsköpun í aðferðum og verkefnum. Nú þegar hafa nokkur þverfagleg alþjóðleg rannsóknarverkefni akademíóna náð góðum árangri.

Auk þess að sinna rannsóknum tekur Akademían ásamt félögum hennar að sér verkefni fyrir ríki og sveitarfélög, stofnanir og einstaklinga. Akademían stendur einnig reglulega fyrir málþingum og vill stuðla að gagnrýnni samfélags- og menningarumræðu. Akademían á einnig gott samstarf við ýmis fræðasetur og háskólastofnanir.

Stefna Akademíunnar og útgáfustarfsemi

ReykjavíkurAkademían starfar óháð hagsmunaaðilum á sviði stjórnmála og viðskipta og aðhyllist ekki neina pólitíska hugmyndafræði. Til þeirra sem innan vébanda hennar starfa hverju sinni gerir hún kröfur um fræðileg vinnubrögð, fyllstu vandvirkni, nákvæmni og heiðarleika.

RA tekur þátt í útgáfu þriggja fræðilegra ritraða. Í samstarfi við Omdúrman er gefin út ritröðin Atvik, handhæg og ögrandi röð smárita um hræringar í menningarlífinu. Íslensk menning er röð veigamikilla fræðiritra sem Akademían stendur að ásamt Hinu íslenska bókmenntafélagi. Félagar í Akademíunni standa að útgáfu ritraðarinnar Sýnisbækur íslenskrar alþýðumenn-ingar í samvinnu við Háskólaútgáfuna. Árlega birtast fjölmörg fræðirit eftir akademíóna, hér

á landi og erlendis.

Starfsemi innan Akademíunnar

Í húsakynnum Akademíunnar er að finna bókasafn Dagsbrúnar, sem rekið er í samstarfi við



CLARENCE E. GLAD

Eflingu – stéttarfélag. Starfandi félög innan RA eru m.a.: Hagþenkir, Kvíksaga, heimildamyndamiðstöð, Vefritin Kistan, Hugsandi og Glíman, Miðstöð einsögurannsóknna, Leikminjasafn Íslands, Markmál, NN fjölmiðlaþjónusta, Penna sf., Lestrarsetur Rannveigar Lund, Hoffmannsgallerí, Náttúruverndarsamtök Íslands, Jafnréttisstofa, Rannsóknarstofnun um mannlegt atferli, Mirra, miðstöð innflytjendarrannsóknna og Varp, miðlunardeild RA. Þá hefur Vísioptaháskólinn á Bifröst einnig aðstöðu í húsinu.

Nýverið hlaut rannsóknarhópur innan vébanda RA, Ísland og ímyndir norðursins, öndvegisstyrk Rannís. Á velheppnaðri alþjóðlegri ráðstefnu um efnið sagði annar aðalfyrirlesara ráðstefnunnar, Sherril Grace, prófessor við University of British Columbia og forseti Hugvísinda-deildar The Royal Society of Canada: „Í Kanada eru stofnanir af sama tagi (og RA) til innan raunvísinda, læknisfræði og hagfræði – þar eru þær nefndar „hugveitur“ – en ekki á sviði hugvísinda. Starfsemi ykkar er einstök og því er þeim mun meiri ástæða til að dást að hugrekki ykkar, frumkvæði og árangri.“

Eg vil einnig leyfa mér að vitna í ummáli forseta Íslands, Hr. Ólafs Ragnars Grímssonar, er Bókasafn Dagsbrúnar flutti inn í húsakynni Akademíunnar: „ReykjavíkurAkademían hefur reynst brýn viðbót við mennta- og rannsóknarstofnanir okkar Íslendinga, frjór og vakandi vettvangur fræða og menningarstarfs, samfélag sem rúmar allar kynslóðir og öll sjónarmið eins og sannri akademíu sæmir ...“ Akademíóan eru bæði ljúft og skylt að reyna að standa undir þeim væntingum sem ofangreind ummæli gera til þeirra.

ReykjavíkurAkademían nýtur stuðnings menntamálaráðuneytisins og er jafnframt með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Stefnit er að útgáfu heimildamyndar og bókar um sögu Akademíunnar á hausti komanda.

ReykjavíkurAkademían heldur upp á 10 ára afmæli sitt 7. maí. Í tilefni afmælisins verður opið hús í JL-húsinu að Hringbraut 121, kl. 10-14. Allir eru velkomnir að kynna sér starfsemi innan húss og spjalla við akademíóna.

Eg vil nota tækifærið á þessum tímamótum og þakka öllum þeim fjölmörgu velunnurum Akademíunnar sem stutt hafa hana og hvatt á umliðnum árum. Sá velvilji hefur verið okkur drjúgt veganesti.

Höfundur er trúarbragðafræðingur og formaður ReykjavíkurAkademíunnar.

ÓSKARSVERÐLAUNIN 2007

BESTA MYND ÁRSINS

Í FLOKKI MYNDA Á ERLENDU TUNGUMÁLI

DAS LEBEN DER ANDEREN LÍF ANNARRA

FRUMSÝND 4. MAÍ SÝND Í HÁSKÓLABÍÓI

Fyrir fall Berlínarmúrsins hlustaði austur-þýska leynilögrelgan á þin leyndarmál

„Fullkomin kvikmynd; margbrotin, tvíráð, spennandi og afar skemmtileg!“
-Dana Stevens, Slate

„Donnersmarck kryddar spennusöguna með lymskulegum húmor. Útkoman er hrein snilld.“
-A.O. Scott, The New York Times

EVROPSKU KVIKMYNDAVERÐLAUNIN

BESTA MYND ÁRSINS

EVROPSKU KVIKMYNDAVERÐLAUNIN

BESTI LEIKARI & BESTA HANDRIT

ÞÝSKU KVIKMYNDAVERÐLAUNIN

7 VERÐLAUN - M.A. BESTA MYNDIN

the lives of others

KLIPPIÐ HÉR! A Film By Florian Henckel Von Donnersmarck

1 Ekkert hlé

2 Minna af auglýsingum

3 Engin truflun

græna ljósið

-Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ

2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvisun þessarar úrklippu.

Opið í Smáralind



laugardaga frá kl. 11:00-18:00
sunnudaga frá kl. 13:00-18:00

Lokað í **Lágmúla 8** (heimilistæki) og **Síðumúla 9** (hljómstæki og skrifstofutæki)
í maí, júní og júlí á laugardögum

ÞRÍR
SÝNINGARSALIR:

SMÁRALIND
AKUREYRI
SELFOSS

SETTU ÞAÐ SAMAN



202.048,-

Hvít háglans/4000

ORMSSON LÁN: Mánaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði: Kr. 5.858,-

NÝTT
2007

HTH gæðin kosta minna ef þú setur það saman ...

Af hverju að borga meira?

HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi.

Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að **Settu það saman** línun frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.

HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu.

Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línunna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni **Settu það saman** línunnar frá HTH.

Einfalt og þægilegt.

Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. **Settu það saman** er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu.

Stíllinn og áferðin skipta sköpum.

Í **Settu það saman** kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt.

Lítu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.

AEG ELDHÚSPAKKINN

AEG 66030 K-MN

- Keramikhellur
- Fjórar hraðhitahellur
- Snertirofar
- Tímastillir á öllum hellum
- "Automax" stilling: byrjar á að fara á mesta hita, en lækkar síðan á valda stillingu
- Fjögurra þrepa eftirhitagumljós

KR. 73.579,-



Airforce F3 / AIRF 3

- Til uppsetningar á vegg
- Fyrir útblástur eða kolafilt

KR. 23.053,-

AEG COMPETENCE B 4101-4-M

- Veggofn, stál
- Fjölvirkur ofn með 9 aðgerðum – Undirhiti, blástur, blástur m/elem, blástur + undir og yfirhiti + grill, grill, ljós, undir og yfirhiti, yfirhiti + grill.
- Létthreinsibúnaður
- Rafeindaklukka
- "ISOFRONT" þrefalt gler í ofnhurð, auðveldar þríf - kaldari framhlið
- Sökkhnappar

KR. 104.194,-



TILBOÐSVERÐ
ALLUR PAKKINN

129.900,-




Verð frá kr.:

291.707,-

Hvítuð eik

Frítt teikniforrit á www.gds-hth.dk
og þú hannar draumaeldhúsið þitt
auðveldlega.



AEG

AEG RYKSUGA CE POWER

2400 wött
Stiglaus styrkstillir
Verð: 15.684 kr.

TILBOÐSVERÐ: 10.900 kr.



AEG

AEG LAVAMAT 64810 ÍSLAND 6 kg

Vindingarhraði : 1400/1000/600 snúningar á mín.

Verð: 91.290 kr

HELGARVERÐ
69.900,-

ORMSSON

ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160

ORMSSON

AKUREYRI · Sími 461 5003



ORMSSON

SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908

Salómonsdomur í Baugsmálinu!

Í Dagbók **Práins Bertelssonar** er sagt frá gestaboði í Norska bakaríinu, langþráðu stefnumóti, franskri glæpadrottningu, virðingu Glitnismanna fyrir vinnunni, og rætt um Salómon og Davíð úr Gamla testamentinu.



KÆRA DAGBÓK Práinn Bertelsson skrifar

LAUGARDAGUR, 29. APRÍL

Gestaboð

Í morgun þegar ég kom út var það fyrsta sem ég sá að búíð var að krotta yfir málninguna sem ég bar á tröppurnar í gær til að hylja það sem einhver krotaði á þær.

Eina skiptið sem ég velti fyrir mér hvort dauðarefsing geti verið raunhæf leið til að koma í veg fyrir glæpi er þegar ég er að mála yfir veggjakrot.

Við erum orðin löt að halda gestaboð hjónin, kannski vegna þess að það jafnast á við endalaus veisluhöld að vera með barnabörnin. En úr því að sólin er aftur farin að láta sjá sig og gróðurinn að lifna við og maður búinn að þrauka enn eitt skammdag- ið ákváðum við að hafa smásamkvæmi fyrir nágranna og vini.

Það gekk vel og síðsamlega fyrir sig. Við vorum tuttugu til borðs og allir borðuðu sig metta. Ég var nokkuð ánægður með skipulagið á matseldinni. Mér tókst að grilla fimm kíló af kjúklingbringum á gamla ryðbrunna grillinu mínu á 55 mínútum. Brenndi ekkert og allt var passlega steikt.



Borðhaldið var ljómandi skemmtilegt og samræðurnar fjölbreyttar. Þeir sem sátu til borðs komu úr ýmsum starfsgreinum og eru á ýmsum aldri. Ég held að aldursmunur á elsta og yngsta gestinum sé næstum sjö áratugir.

Það var merkilegt að enginn skyldi segja orð um kosningarnar.

SUNNUDAGUR, 30. APRÍL

Um franska glæpi

Kláraði að taka til eftir grillveisluna. Alltaf er nú skemmtilegra að elda mat en að þvo upp.

Góður vinnudagur sem fór í að lýsa því í smáatriðum hvernig amfetamín er framleitt.

Ég verð sennilega hundskammaður fyrir að hvetja fólk til að framleiða eiturlyf í heimahúsum þegar bókin kemur út en það er nú samt ekki tilgangurinn með þessari nákvæmu lýsingu. Glöggir lesendur munu vonandi sjá eiturlyfjapláguna – þennan svarta dauða samtímans – í nýju ljósi eftir að hafa lesið bókina.

Á kvöldin gríp ég í að lesa frægan reyfara. Lesturinn hefur sóst



afar hægt því að þetta er fyrsta heila bókin sem ég les á frönsku. Hún heitir „Les Rivières pourpres“ eða „Fljótin rauð sem blóð“ og er eftir Jean-Christophe Grangé. Þessi

saga hefur verið kvikmynduð og heitir á ensku „Crimson Rivers“. Jóhann Kristófer Grangé er ágætis höfundur og frábær tilbreyting að lesa eitthvað sem gerist í Frakklandi. Samt finnst mér Grangé ekki jafnast á við frönsku glæpadrottninguna sem heitir Fred Vargas. Hún skrifar um lögregluforingjann Adamsberg. Hann er óvenjulegur náungi sem ég efast um að mundi ná langt í íslensku lögreglunni.

Honum kynntist ég fyrst í fyrri þegar ég las af tilviljun bók

eftir Vargas sem heitir „Kallarinn“ og kom út á íslensku fyrir einu eða tveimur árum. Sú bók er hiklaust ein af tíu bestu sakamálasögum sem ég hef lesið.

Nú er búíð að þýða og gefa út aðra bók eftir Vargas. Sú heitir „Varúlfurinn“ og kostaði mig heila vökunótt ekki alls fyrir löngu. Ekki svo að skilja að ég sjái eftir að hafa átt vökunótt með þessari ágætu skáldkonu. Ef hún skyldi sjá Fréttablaðið þá eru hérna smáskilaboð til hennar: Merci à vous, chère madame, pour tous ces moments de petits bonheurs!

Svona er ég orðinn sleipur í frönskunni og í sumarfríinu ætla ég að lesa bæði Grangé og Vargas á frummálinu.

MÁNUDAGUR, 31. APRÍL

Framfarir í blaðamennsku

Í dag fór ég upp á Fréttablað til að ganga frá smá auka- verkefni.

Síðan ég byrjaði í blaðamennsku á Vísi hjá Jónasi Kristjánssyni hafa þær ánægjulegu framfarir orðið í faginu að nú þarf ég ekki lengur að mæta í vinnuna. Get unnið heima í námunda við kaffivélina mína og sófann í stofunni.

Mér fannst það vera mikill galli á Vísi sem var síðdegisblað að vera neyddur til að mæta í vinnuna eldsnemma á hverjum morgni og byrja daginn á því að hringja og vekja alls konar fólk sem oft var jafnvel enn þá morgunstyggara en ég sjálfur.

ÞRIÐJUDAGUR, 1. MAÍ

Glitnir og verkalýðurinn

Í dag var baráttudagur verkalýðsins. Á þeim degi hleypur alltaf í mig fiðringur og mig langar til að vipa mér upp á vörubils- pall með rauðan fána í hendi og ávarpa hina stritandi alþýðu.

Greinilega er ekki sama þörf og áður fyrir eldheitar hvatningaræður. Ég sé ekki betur en auðvaldið í landinu sé loksins að byrja að átta sig á því hvers virði byrnan er. Það hlýtur að vera táknrænt hjá Glitni að opinbera starfslokasamning við Bjarna Ármannsson á þessum degi og þakka honum vel



unnin störf með nokkur hundruð milljónum. Þetta staðfestir að það er hægt að róta upp helling af peningum ef maður fær stórvirka vinnuvél eins og banka í hendurnar.

Sömuleiðis er það artarlegt af Glitnismönnum að viður- kenna með þessum táknræna hætti verð- mæti vinnunnar og staðfastan vilja sinn til að sýna starfsfólki sínu sanngirni. Vonandi verður þetta fallega fordæmi öðrum stórfyrirtækjum til eftirbreytni.

Það getur bara ekki verið að peningapeyjarnir séu of ungir til að fatta að fyrsti maí hefur alveg sérstaka þýðingu í augum venjulegs launafólks.

MÍÐVIKUDAGUR, 2. MAÍ

Langþráð stefnumót

Litla manneskjan var dældið stressuð þegar hún kom heim af leikskólanum í dag.

Ástæðan var sú að með í för var hennar kærasti vinur, Hreiðar



Nói, bjartleitur og brosmildur piltur sem ég skil vel að litlu Sóli skuli verða tíðrætt um. Þau voru búin að tala svo oft um það litlu hjúin að fá að skiptast á heim- söknum að við fengum leyfi foreldranna til að bjóða Hreiðari Nóa í heimsókn.

Það er ekki nóg með að pilturinn bjóði af sér góðan þokka heldur er hann þrýðilega vel ætt- aður og heitir í höfuðið á afa sínum Hreiðari Jónssyni sem ég kynntist fyrir löngu og býr á Akureyri.

Litla Sól er sjálf af eyfirsku kyni, faðir

hennar er fæddur á Akureyri og amma hennar er Eyfirðingur í húð og hár.

Það var þrýðisveður og skötu- hjúin fóru út að hjóla, bæði með hjálm á höfði. Mér er alltaf um og ó þegar ég sé svona litla krakka með svona mikinn öryggisútbúnað. Ég er smeykur um að krakkarnir geti meitt sig á hjálmunum.

Þegar þau höfðu hjólað nægju sína hvort í kringum annað fóru þau úr herklæðunum og fóru í lautarferð og heimtuðu veitingar út á grasblettinn fyrir utan gluggann minn. Svo klæddu þau sig úr skónum og sögðust vera á baðströnd.

Við kvöldmatarborðið kom í ljós hvað Hreiðar Nói er mikið snyrtimenni. Hann klíndi óvart ögn af sósu í peysuna sína. Þá gerði hann sér lítið fyrir og fór úr peysunni til að vera hreinn við matborðið og lauk við máltíðina á nærskyrtunni. Litla Sól gaf honum ekkert eftir í síðfágum því að hún smurði á sig sósu í samúðarskyni og fækkaði síðan fötum til jafns við sinn kærasta vin.

Ástæðan var sú að með í för var hennar kærasti vinur, Hreiðar

FIMMTUDAGUR, 3. MAÍ

Salómonsdomur í Baugsmálinu

Í dag var kveðinn upp dómur í Baugsmálinu dæmalausa. Dómurinn var mjög diplómatiskur og reyndi að gera bæði ákærvaldinu og sakborningum til hæfis. Sannkallaður Salómonsdomursemúrskurðar að hinir ákærðu séu að langmestu leyti blásaklausir en líka obbolítið sekir. Þá er ekki eins mikil hætta á að þeir fari að abbast upp á ákærvaldið eða heimita skaðabætur.

Það er kannski vel við hæfi að enda þetta mál á Salómonsdomi. Það muna allir eftir bæði Salómon og Davíð og reiðum og dyntóttum guði úr Gamla testamentinu.



LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA- VÖRUM



DEKAPRO Útimálning
10 lítrar
Kr. 3.990,-



DEKACRYL 7
Gljástig 7 10 lítrar
Kr. 2.990,-



DEKAPRO 20
Gljástig 20 4 lítrar
Kr. 2.695,-



DEKAPRO 10
Gljástig 10 10 lítrar
Kr. 3.150,-



DEKA Pallaolia
2,5 lítrar
Kr. 1.298,-

Tími til að mála!

Gæðamálning á góðu verði



Opið mán. - fös. kl. 8-18
laugardaga 9-17

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

1400
SNÚNINGA

6kg

**EINSTAKT
TILBOÐ!**

AÐEINS Í DAG

ÚTSALA ÚR EINUM GÁMI ÓÚTLITSGALLAÐAR ÞVOTTAVÉLAR!



Whirlpool AWOD6715

- 1400 snúninga þvottavél með stafrænu kerfisvali
- Tekur 6kg í þvotti
- Hámarksvinda 1400 snúningar
- Ullarkerfi - Ullarvagga
- Handþvottakerfi
- Hraðkerfi 30 mín.
- Þvott hæfni A
- Vinduhæfni B
- Orkunýting A+
- Stærð í sm (bxhxd): 59,5x85x58
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskur leiðarvísir



**FYRSTU 100
VÉLUNUM** fylgir
Ariel þvottaefni!

TILBOÐ

39.995

FULLT VERÐ **64.995**

AFSLÁTTUR

KR. 25.000

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
ÍSLENSKUR LEIÐARVÍSIR

**FYRSTUR KEMUR
FYRSTUR FÆR!**

Ath. Aðeins ein vél á mann!



Heimilistæki

UMBODSMENN UM LAND ALLT

www.ht.is

REYKJAVÍK

SÆTÚNI 8
SÍMI 569 1500

AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK

GARDARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS

EYRARVEGI 21
480 3700

KARL MARX FÆDDIST ÞENNAN DAG
ÁRIÐ 1818

„Heimspekingar hafa einungis
túlkað veröldina með mismunandi
hætti – málið er að breyta
henni.“

Heimspekingurinn og annar höf-
unda Kommúnistaávarpsins lést
árið 1883.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 5. MAÍ 1981

Bobby Sands deyr úr hungri

Hinn írsk-kaþólski hryðju-
verkamaður Bobby Sands
lést á þessum degi árið 1981
eftir 66 daga hungurverkfall
í Maze-fangelsinu suður af
Belfast. Í kjölfarið urðu miklar
óeirðir á götum Belfast þegar
kom til uppgjörs milli ungra
írsk-kaþólskra ófriðarseggja og
bresku herlöggreglnnar.
Sands var að mótmæla breyt-
ingum á lögum um meðferð
á írskum hryðjuverkamön-
um, sem töldust eftir hana til
ótrúna glæpamanna en ekki
til pólitískra fanga líkt og áður.

Sands hafði eytt stór-
um hluta ævi sinnar í fang-
elsi, fyrst frá árinu 1972 þegar



BOBBY SANDS Lést eftir 66 daga hungur-
verkfall árið 1981.

hann dvaldi í fjögur ár í
frjálslegu fangelsi. Síðar
var hann dæmdur í fjór-
tán ára fangelsi fyrir aðild
að hryðjuverkum írskra lýð-
veldishersins, IRA. Þá hafði
lögum um meðferð hryðju-
verkamanna verið breytt og
upphöfust mikil mótmæli
meðal IRA-liða, sem kröfð-
ust þess að fá aftur hlunn-
indi sem þeir höfðu áður
notið.

Eftir að Bobby Sands
hóf hungurverkfall bætt-
ust margir í hópinn. Það
stóð fram í október og hafði
þá dregið níu til viðbótar til
dauða.

MERKISATBURÐIR

- 1639 Brynjólfur Sveinsson er
vígður Skálholtsbiskup.
- 1835 Fyrsta járnbrautin á megin-
landi Evrópu er opnuð,
milli Brussel og Meche-
len.
- 1944 Mohandas Gandhi er
frelsaður úr fangelsi.
- 1945 Guðmundur Kamban rit-
höfundur er skotinn til
bana í Kaupmannahöfn.
- 1951 Flugvél sem hafði verið
á kafi í snjó á Vatna-
jökli í heilan vetur lendir í
Reykjavík.
- 1961 Alan Shepard verður fyrsti
Bandaríkjamaðurinn til að
fara út í geim.
- 1970 Eldgos hefst í Heklu.
- 2000 Össur Skarphéðinsson er
kjörinn formaður Samfylk-
ingarinnar.

REBEKKA RÁN SAMPER: VERÐUR FERTUG Í DAG

Lýsir eftir áfallahjálp

Rebekka Rán Samper er
fertug í dag. Á milli þess að
sinna stöðu markaðsstjóra
Bifrastar, vinna að doktors-
ritgerð sinni og myndlistinni
hefur henni tekist að finna
tíma til veisluhalds. Henni
þykir áfanginn þó skryt-
inn. „Sérstaklega af því að
maður man svo vel eftir
foreldrum sínum á þess-
um aldri,“ sagði Rebekka.
„Að mínum dómi var þetta
hallæristímabil í klæða-
burði föður míns, þar sem
hann gekk um með breitt
bindi, í fjólubláum, tein-
óttum jakkafötum og með
mjög síða barta. Þetta þótti
algjört æði á sínum tíma, en
myndirnar tala sínu máli í
dag,“ sagði Rebekka og hló
við. „Ég er svona að velta
því fyrir mér hvort ég sé
sjálf á þessu stigi en geri
mér bara ekki grein fyrir
því,“ bætti hún við.

Rebekku þykir fertugs-
afmælið hafa komið aftan
að sér. „Mér finnst að það
ætti að vera í boði ein-
hvers konar áfallahjálp,“
segir hún spök. „Mér finnst
þetta vera svolítið eins og
maður sé búinn að vera að
ganga upp á fjall, sem er
lífið. Fyrst um sinn, þegar
maður er að fara upp hlö-
ina, er maður með svo lítið
útsýni. Maður spíttar bara
upp fjallið af miklum móð.
Svo kemur maður allt í einu

upp, þar sem ég stend í dag,
og fær þetta útsýni yfir far-
inn veg og fram á veginn.
Ég held það væri hreinlega
óeðlilegt ef maður fengi ekki
snert af lofthæðslu,“ sagði
hún hlæjandi. „Maður gerir
sér skynsama hugmynd um
hvað lífið er stutt og hversu
skammt er eftir. Ég tek það
fram að ég er ekki á graf-
arbakkanum,“ bætti hún
við, „en maður sér hlutina
einhvern veginn í skýrara
ljósi.“

Rebekka hélt upp á af-
mælið sitt í gær með hund-
rað manna veislu. „Það var
annaðhvort að flýja land eða
gera þetta almennilega,“
sagði hún. Aðspurð hvort
hún hafi einhverjar hefð-
ir í heiðri á afmælisdögum,
segir Rebekka það aðallega
vera kvíðaköst. „Ég á rosa-
lega bágð með að eiga ein-
hvern dag svona privat og
persónulega og verða aðal-
punktur athyglinnar. Ég veit
að það kemur vinum mínum
samt örugglega spáskt
fyrir sjónir, því ég er í eðli
mínu ekki sérstaklega inn-
hverf manneskja,“ sagði
hún og hló. „Eftir að ég eign-
aðist barnið mitt hef ég bara
reynt að verja deginum með
honum, og svo fer ég iðulega
út að borða, bara ekki alltaf
með hundrað manns,“ bætti
hún við.

sunna@frettabladid.is



LOFTHÆÐSLA Á TINDINUM Rebekka Rán Samper líkir lífsgöngunni
við fjallgöngu. Henni var að opnast fjallasýn, og segir hún það eðlilegt
að fá snert af lofthæðslu við slíkar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og
langafi,

Pétur Eyfeld,

Laugavegi 65, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn
3. maí. Jarðarförin fer fram föstudaginn 11. maí frá
Fossvogskirkju kl. 15.00.

Þórdís Eyfeld Pétursdóttir

Pétur F. Eyfeld

Njála Vídalín

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðbjörg E. Karlsdóttir

Gísli Ólafsson



Þökkum auðsýnda sambygd vegna andláts
og útfarar eiginmanns míns, föður, tengda-
föður og afa,

Jóhann Helgasonar

bónda, Leirhöfn.

Sérstakar þakkir sendum við til starfsfólks Heilbrigis-
stofnunar Þingeyinga fyrir góða umönnun og hlýhug.

Dýrleif Andrésdóttir

Andrea Jóhannsdóttir

Margrét Jóhannsdóttir

Arnfríður Jóhannsdóttir

Dýrleif Pétursdóttir

Hildur Jóhannsdóttir

María Jónsdóttir

Jóhanna Jónsdóttir

Steinar Matthíasson

Þorvaldur Snorri Árnason

Jón Þór Guðmundsson

Andri Hnikarr Jónsson

Sveinn Þórður Þórðarson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Vilhjálmur Rúnar

Hendriksson,

Kristnibraut 57, Reykjavík,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 30. apríl sl.

Aðalheiður A. Oddsdóttir

Dagbjartur Kr. Vilhjálmsson

Jón Ragnar Vilhjálmsson

Aðalheiður Ósk Dagbjartsdóttir

Þórdís Sveinsdóttir

Anna Kristín Guðnadóttir



50 ára

Ólafur Ólafsson

héraðsdómari

er fimmtugur í dag, 5. maí.

Hann fagnar þessum tímamótum
með fjölskyldu og vinum.

Góð ferð Ármanns til Færeyja

„Ástæða ferðarinnar er sú
að Færeyingar eru næstu
nágrannar okkar Íslendinga,
frændur og vinir ásamt
Grænlandingum. Þá eru mál
okkar systurtungur sem
ber að rækta og efla í leið-
inni. Ég vil einfaldlega opna



Á GÖBRI STUNDU Ármann Reyn-
isson vinjettuhöfundur, til hægri,
naut gestrisni Aksels Hansen,
stórútgærdarmanns í Þórshöfn.
Myndin er tekin í veislu Valgerðar
Sverrisdóttur utanríkisráðherra
í Norræna húsinu í tilefni af
Dalvík – Kórinn, kl. 11:00 – 13:00, íbúðabændur hjóna Úlga Ísland, söngur og meira.

Stiglafjörður – Opnir kosningakráttólu Guðugötu 10, kl. 11:30, söngur og kaffihúsbord.

Egilsstaðir – Móvangur, kl. 15:00, söngur, ljóð, upplestur og kaffi.

Seyðisfjörður – Hótel Smátt, kl. 20:30, Laðilág Seyðisfjarðar og kvöldmynd Á Gerni. Hinn óþægilegi sannlekur sjón.

Akureyri – Lárusbrú, kl. 18:00 – 18:00.

Allir velkomnir!

Samfylkingin

að lauma litlum öskupoka á bakið á henni. Mjög snyrtilegt en frekar leiðinlegt og allt of mikil meðalmennska.“

→ „Heiðarleg og glæsileg auglýsing. Kannski ekkert sérstaklega sterkt við hana en það er heldur ekkert að. Hún siglir lygnan sjó. Sakna þess að meiri áhætta hafi ekki verið tekin. Ingibjörg sérstaklega glæsileg.“

→ „Það er einhver ósamstaða í aug-

lýsingamálum Samfylkingarinnar. Þau eru að reyna að ná Sjálfstæðisflokknum í myndatökum – bjóða upp á draumafólkið – en eru samt að strögla við að halda öllum baráttumálum sínum inni á auglýsingunni sem gerir auglýsingarnar svolítið kaótískar og óvissar. Eins og þau viti ekki hvaða leið þau eigi að velja. En kannski er ekki við öðru að búast, þar sem að tilfinningin fyrir flokknum er einmitt þannig.“

BÆTUM KJÖRIN BURT MED FÁTÆKT

BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS 1. MAÍ

VG Í RÖKVAÐI, KOSNINGARSTOFNUN
HÁRABERG 1-3, KL. 15:00
Guðfríður Lilja Grímsdóttir, Rytur kaffihúsið
Vagnsteinn Þorsteinsson, tónlist og söngur
“Vil þú þetta?” Rytur kaffihúsið
Aðalsteinn Árnason, tónlist og söngur
Lokaverk Stjórnvalda og Vagnsteinn Þorsteinsson
Guðfríður Lilja Grímsdóttir og Rytur kaffihúsið

VG Í REYKJAVÍK Á NASA KL. 15:00
Katrín Jakobsdóttir, Rytur kaffihúsið
Helga Guðný Ásgeirsdóttir, tónlist og söngur
Einar Már Rytur skáldskap
Einar Már Rytur skáldskap
Katrín Jakobsdóttir og Rytur kaffihúsið

BARÁTTUTÓNLEIKAR Á NASA KLUKKAN 21:00

Fyrirspiltarir Hannes og Smári kynna af líkumri sökk
Guðfríður Lilja Grímsdóttir, Rytur kaffihúsið
Einar Már Rytur skáldskap
Teggi – Puppy
Dóli DNA
Nýttirín í Jónhney and the rest heilga okkur með nærveru síni
Helga með sig og heilum síni
Díða Jóns og MÍNA RAKASTAN SRÚA ELVIS

ALLIR VELKOMNIR



FRJÁLSLYNDIR

→ „Minnir einna helst á síðu úr Bónus-blaðinu. Skringilegir og döll litir og letrið er það að sama skapi. Lógóíð er svo sem nokkuð grípandi en svo kemur þessi blái kassi og gulbrúna slíkja sem eyðileggja þetta alveg.“

→ „Myndirnar af þeim eru mjög dauflugar. Þeir líta helst út fyrir að vera starfsmenn mánaðarins í Nótatúns-fréttum, eða þá verslunarstjórnar þar.“

→ „Þeir hafa ákveðið að kýla á langan og mikinn texta í sinni kosningaherferð sem á að undirstrika að þeir hafi mikið fram að færa. Það er virðingarvert þó ekki sé ég sammála boðskapnum. En herferðin sem slík er ekki slæm og örugglega eina herferðin sem hefur það að markmiði að koma stefnumálum í stað frambjóðenda á framfæri, sem er sniðugt.“

→ „Auglýsingin minnir á Rótary-auglýsingu. Fimm sírir gæjar í jakkafötum, ein kona á miðjum

aldri og „kaffi og kleinur í boði“. Hvað er þetta lið að spá?“

→ „Stórir menn á litlum myndum? Það virkar ekki.“

→ „Allt of mikill texti. Það sýður upp úr pottinum. Hönnunin fær F. Heðfu átt að sleppa appelsínugula litnum, væri mun stílhreinn.“

→ „Allt of flókið myndmál. Og óreiðukennt myndmál minnir mann á að þetta er óreiðukenndur flokkur.“

→ „Það er líkt og þeir hafi setið þarna í sætunum sínum í margar vikur. Treysti ekki svona fólk sem litur ekki út fyrir að ætla að standa upp og gera eitthvað. Þeir sýna gamla tímann.“

→ „Þeir eru með ágætis litasamsetningu. Og það er það eina sem er í rauninni gott við auglýsingarnar þeirra.“

Frjálslyndi flokkurinn sendir kveðju til íslenskra launþega á degi verkalyðsins 1. maí og hvetur til varðstöðu um kjör fólksins í landinu.

AFNÁMVERD TRYGGINGAR EF BÖNNAMÁL

Staða skal við um stítt og umsonn ljóð alla
- Allir sem starfa á stöðum vinnumarkaðs skulu upplýstir um stítt
- Frjálslyndi flokkurinn áttar að hætta skattveitingu tilgjafuáttu í 150 þúsund krónum á mánuði. 15.000 íslendingar greiða tekjuskatt af launum sem eru stórir 150 þúsund krónum á mánuði.
- Frjálslyndi flokkurinn áttar að hætta skattveitingu tilgjafuáttu í 150 þúsund krónum á mánuði.
- Íslensku launþegum og launþega-áttum er til ljóðveitinguáttu og samir skulu ekkert fyrir mat tilgjafuáttu eða hvers mánaðar. Þessi áttar Frjálslyndi flokkurinn að breyta.
- Væðingunni er ljóðveitinguáttu.

Það er krafa Frjálslynda flokksins að allir hafi nægileg laun til framfarla.

Kaffi og kleinur í kosningastofnun, Hárnaborg 1-3, kl. 15:00
Guðfríður Lilja Grímsdóttir, Rytur kaffihúsið kl. 15:00
Mjög sniðugt.

Kjóstu F!
forysta fyrir íslenska þjóð

www.xf.is

Adalsteinn Árnason | 011 | Reykjavík | sími 150 1500

ÁLITSGJAFAR Áslaug Snorradóttir ljósmyndari, Gunnar Þór Nilssen ljósmyndari, Helga Guðný Ásgeirsdóttir, grafískur hönnuður, Jón Gnarr listamaður, Kristján B. Jónasson bókmenntafræðingur, Lára Björg Björnsdóttir blaðamaður

HÆTTU Í ALVÖRU

- Skynsöm leið til að hætta því þú hættir á eigin hraða.
- NicoBloc hindrar allt að 99% af nikótíni og tjöru í filternum.
- Þú venur þig af nikótíni áður en þú drepur í.



HÆTTU Í ALVÖRU MEÐ NICOBLOC

Þú setur NicoBloc í filter sigarettanna sem þú reykir. Það hindrar nikótíníð og tjöruna í filternum og þú byrjar að venjast af nikótíninu. Um leið minnkar þú reykingar þínar smám saman, eftir sex vikur drepur þú í sigarettunni og sleppur við venjulegu fráhrarfseinkennin. Flestir sem nota Nicobloc til að hætta, byrja ekki aftur að reykja.*

Nicobloc er gert úr 100% náttúrulegum efnum, það er ekki lyf og inniheldur ekki nikótín, þannig skiptir þú ekki sigarettufíkn út fyrir aðra fíkn.

*Skv. rannsóknnum sem skoða má á www.nicobloc.is



RÁDGJÖF
Í REYKBINDINDI
800 6030

Aðstoð fyrir alla þá sem vilja hætta að reykja

Sölustaðir: Lyfja, Lyf og Heilsa, Apótekið, Apótekarinn

ÍSLANDSHREYFINGIN

→ „Nota rauðan? Frátekin. Grænan? Frátekin. Bláan? Frátekin. Æ, notum bara litina og Rassa Prump.“

→ „Auglýsingin er augljóslega gerð fyrir lítinn pening sem getur verið kostur og sýnir hagsýni og sparnað í stefnu flokksins. Ekkert óþarfa bruðl á þessum bæ. Myndirnar af frambjóðendum eru samt svo illa klipptar á litaflokkinn að útkoman verður þínu hallærisleg. Í besta falli krúttlegt, í versta falli ljótt.“

→ „Öllum stíllt upp á mynd, fólkíð sýnt til sölu sem er dæmigert fyrir þau vandræði sem þessi flokkur er í. Hann hefur fullt af alls kyns fínu fólk en vantar stefnu. Enginn hefur hugmynd um fyrir hvað þau standa og þessi auglýsing kemur því svo sannarlega ekki á framfæri.“

→ „Þau eru með alls kyns liti til að sýna að þetta er þverpólitískt fólk með alls kyns fólk.“

→ „Smart og engin tilgerð. Treysti fólk sem

leitir til fagfólks með auglýsinguna sína í stað þess að finna einhverja mágkonu flokksaðila sem kann aðeins á fótósjopp. Mikill nútími.“

→ „Hæfilega ljót auglýsing. Lógóíð minnir á náttúruvernd og geislavirkni í senn, hálf-gert iðnaðartákn. Mjög skrytið og útkoman er eins og þau séu að auglýsa geislavirkt túristasenter.“

→ „Þau eru öll glaðleg og hress en engu að síður er mjög frikað að sjá þau öll sér á ferkantaðri mynd. Eins og þetta fólk þekkist ekki neitt innbyrðis. Hefði viljað sjá þau mynduð öll saman í hóp.“

→ „Augljóslega unnin fyrir lítinn pening og ekki hugsuð til enda. Lógóíð er svolítið krakkalegt, sem og litavalið líka. Það vantar einhvern veginn alvöru í það. Þess vegna erfitt að taka því alvarlega sem þau eru að segja.“

Opnunarhátíð

Framsóknarflokkurinn opnar í dag
4 kosningaskrifstofur í Suðvesturkjördæmi.

<p>Í Mosfellsbæ Hafnarhl. 24, sími 590 6402 Opnun: 10.30 Kaffiástíga</p>	<p>Í Hafnarfirði Birkendur 5, sími 591 3819 Opnun: kl. 10.00 Kaffiástíga</p>
<p>Í Garðabæ Kjallavörð 29, sími 565 9081 Opnun: kl. 14.00 Kaffiástíga</p>	<p>Í Kópavogi Dýrasmey 31, sími 104 1200 Opnun: kl. 13.00 Lítill veitingar</p>

Getið hafið átt að hafa gjafabréfið í höndum við framboðsloka. Hér verður
Árangur áfram – ekkert stöpp



Frambjóðendur í Suðvesturkjördæmi

Fransókn 2007

FRAMSÓKNARFLOKKUR

→ „Myndin er mjög líflig. Þetta eru vinir, þau þekkja og þau eru samstíga í því sem þau eru að gera. Sív er mjög glæsileg þarna, Samúel lífligur og traustur, og Kristbjörg og Una María eru skeleggar. En hvað eru Ólafur og Hlynur að gera – með hendur í vösum? Maður með hendur í vösum hummar bara og gerir ekki neitt, slíka menn kys maður ekki.“

→ „Þetta er svolítið eins og einhver hljómsveit frá Bolungarvík. Hljómsveitin Áttavíllt eða eitthvað álíka. Þau eru að auglýsa að þau ætli að troða upp á pöbb í kvöld. Þarna er Sív aðalsöngkonan, svo eru bakradda-söngkonur og strákarnir eru bassi, gítar og trommur.“

→ „Framsóknarflokkurinn hefur í gegnum tíðina náð að gera mjög góðar herferðir, sérstaklega í sjónvarpi. Blaðauglýsingarnar núna eru þó ekki alveg að hitta í mark,

þar sem þær minna frekar á fermingarauglýsingu frá Hagkaupum en kosningaauglýsingu.“

→ „Gamaldags í púkalegri röð. Engin mynduppbygging, bara púkó. Og nýja klippingin hennar Sívar reddar engu. Ég treysti ekki fólk sem heldur að það sé nóg að fá sér tískuklippingu til að fá atkvæði.“

→ „Flott auglýsing og vel sett upp. Þósn hans Samúels er mjög undarleg, eins og hann standi við barinn á fimmta glasi. Sív er glæsileg og alltaf flott í leðri.“

→ „Lógóíð er eins og x-ið sé að reyna að forðast béið, en béið rígheldur í það.“

→ „Yfirbragðið er létt, hárið er blásið og allir eru glaðir og léttir á því. Því „veislan er rétt að hefjast, strákar!“

VIÐ ERUM FRAMBJÓÐENDUR YKKAR Í REYKJAVÍK



ÓMAR RAGNARSSON
FRAMBOÐSMAÐUR

MARGRÉT SVERGISDÓTTIR
FRAMBOÐSMAÐUR

ÓSK VILHJÁLMSDÓTTIR
FRAMBOÐSMAÐUR

ÓLAFUR HANNAELSSON
FRAMBOÐSMAÐUR

SIGRÍÐUR ÞORGERISDÓTTIR
FRAMBOÐSMAÐUR

SKJULIN MARGRÉT SKJURDÁRD.
FRAMBOÐSMAÐUR

ELVIRA MENNÍEZ PHELDO
FRAMBOÐSMAÐUR

GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR
FRAMBOÐSMAÐUR

SNJÓRÍÐLÍÐJÓHANSSON
FRAMBOÐSMAÐUR

FRANZ M. JARFANSSON
FRAMBOÐSMAÐUR

**KOSNINGAMÍÐSTÖÐ
Í KIRKJUHVOLI VIÐ
AUSTURVÖLL ER
OPIN FRÁ 10-18
ALLA DAGA FRAM
AD KOSNINGUM.**

www.islandshreyfingin.is



ÍSLANDSHREYFINGIN
lifandi land

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

→ „Glæsileg myndataka og sterkt og einfalt myndmál. Mjög til fyrirmyndar. Þorgerður er kasjúal og hógvæir í skyrtu. Töfari sem fær sér ekki tískuklippingu fyrir kosningar. Geir er svolítið mikið málaður.“

→ „Litirnir tóna vel saman og auglýsingin er laus við þetta rauða, gula og græna rugl sem hinir flokkarnir nota og minna oft frekar á auglýsingu fyrir skyndibitaastað heldur en stjórnmálaflokk. Bakgrunnurinn er flæðandi og opinn sem er gott.“

→ „Þau eru flott saman en Geir er alltof fótósjoppaður og andlitið minnir á Köttinn með höttinn. Geir er fallegur maður, þetta er óþarfa rugl. En mjög flott fyrir utan myndvinnsluna.“

→ „Bros Geirs minnir á brosi Jókersins í Batman. Þorgerður er glæsileg og kynþokkafull og fötin eru flott stíliseruð.“

→ „Litasamsetningin er vel úthugsuð og auglýsingin lýsir því vel að þau hafi það gott. Hún hrópar ekki á mann en þarf þess heldur ekki því þetta er traustvekjandi. Ef þessi auglýsing væri smokkur væri hún Durex extra-safe.“

→ „Geir er frábær á myndinni. Eðlilegur og afslappaður og maður hefur á tilfinningunni að hann hafi rétt gefið sér tíma til að setjast niður

fyrir myndatökuna, en bara af því að hann er svo almennilegur. Þorgerður er óræð og brosir einhvern veginn meira fyrir kurteisissakir. Geir er jakkalaus sem sýnir að hann er á fullu að vinna.“

→ „Letrið er ljótt en litirnir finir. Letrið minnkar og stækkar til skiptis sem er mjög ruglandi. En lógóíð sjálf, þetta þrívíða er mjög áhugavert og töff.“

→ „Íhaldsmenn unnu kosningarnar í Þýskalandi með því að allir frambjóðendur fóru úr jakkanum í kosningabaráttunni og það er einkennandi fyrir hægri menn: Að fara úr jakkanum fyrir kosningar. Þeir eru að segja: Ég er yfirleitt jakkafatakill, en nú þarf að bretta upp ermarnar og nú ætla ég úr jakkanum. Myndin segir atvinna og tækifæri.“

→ „Þau eru eins og fólk sem er nýkomið úr bankanum, vinna þar skrifstofuvinnu og hafa sest niður og fengið sér í glas til að gleðjast yfir gróðanum þann daginn. Þannig má segja að þau séu ekki þarna sem persónur, heldur eru þau þarna sem holdgeringar einhverra hugmynda um framfarir og atvinnu.“

→ „Blái liturinn er tekinn alla leið og þarna má sjá alla mögulega tóna hans. Leturgerðin og uppsetningin er einföld og hönnunin er mjög markviss. Fótósjoppaður gekk heldur langt, það er næstum eins og þau séu ekki mennsk. Sem er ekki gott í pólitískum herferðum.“

Engin þjóð í Evrópu
býr við fleiri atvinnutækifæri
en Íslendingar

Við öllum íslenskum launþegum til hamingju með daginn. Verðmetaskilun þína er undirstaða velferðar í landinu.

Tryggjum að Ísland verði áfram land tækifæra

Njór línan - á framtíðar grunn



XD

Enga hreppaflutninga á 21 öldinni!

AFA hvetur landsmenn að skoða stefnu flokkanna í málum aldraðra.

Hvað ætlar PINN flokkur að gera?

Það sem gera þarf strax:

- Tímasetja átak í að eyða biðlistum eftir hjúkrunarrými
- Sérherbergi fyrir alla heimilismenn á hjúkrunar- og dvalarheimilum aldraðra
- Veita fullnægjandi umönnun af fagaðilum á einkaheimilum aldraðra
- Stórbæta kjör umönnunarstétta
- Skila 5 milljörðunum aftur til Framkvæmdasjóðs aldraðra
- Endurskoða lög um almannatryggingar, aldraða og lífeyrissjóði
- Að lífeyrissjóðir landsmanna komi að uppbyggingu hjúkrunarheimila og öryggisíbúða
- Stofna embætti Umboðsmanns aldraðra
- Flytja málefni aldraðra til sveitarfélaganna með tilheyrandi fjármagni
- Hætta hreppaflutningum og aðskilnaði fjölskyldumeðlima
– virða mannréttindi aldraðra

**Fær þinn flokkur 10 í einkunn?
Prófið fer fram 12. maí n.k.**



**Aðstandendafélag aldraðra www.hjaafa.is
VÖKNUM og bætum aðstöðu aldraðra í dag!**



VEGGSKREYTING DALÍS Ein af mörgum risastórum veggskreytingum í Dalísafninu í Figueres.



DALÍSAFNIÐ Í FIGUERES Dalísafnið er listaverk hvort heldur er að utan eða innan.

Eitt sérstæðasta listasafn í heimi

Þegar nafn spænska listamannsins Salvadors Dalís er nefnt, detta flestum Íslendingum eflaust í hug súrrealískar myndir hans af lekandi klukkum. Þær og súrrealisminn eru þó bara hluti af ótrúlegum ferli Dalís sem listamanns. Í bænum Figueres, um 150 km norður af Barcelona, er stórmerkilegt safn helgað minningu Dalís og er það jafnframt graphýsi hans. *Sigurður Þór Salvarsson* heimsótti Teatre-Museu Gala Salvador Dalí í Figueres.

Astæða þess að minningarsafn um Dalí er að finna í Figueres er sú að þar fæddist Salvador Felipe Jacinto Dalí Domènech hinn 11. maí 1904. Þá var þetta lítill tíu þúsund manna bær en nú búa þar um fjörutíu þúsund manns.

Svo skemmtilega vill líka til að fyrstu opinberu myndlistarsýningu sína hélt Dalí 15 ára gamall í þáverandi bæjarleikhúsi Figueres, en það er sama hús og nú hýsir minningarsafnið um hann. Því má eiginlega segja að leikhúsið sé upphafið og endirinn á ferli þessa stórbrotna listamanns og vegna síns fyrra hlutverks heitir það einmitt Teatre-Museu.

Áhrifaríkar æskulóðir

Dalí hóf listsköpun ungar að aldri og var það móðir hans sem hvatti hann áfram á þeirri braut. Hann komst fyrst í kynni við nútímalist á unglingsárum í strandbænum Cadaqués skammt frá Figueres en bærinn var og er vinsæll sumardvalarstaður íbúa Figueres.

Þarna úti við ströndina átti Dalí reyndar eftir að dvelja langdvölum síðar á ævinni og átti hús og vinnustofu í Portlligat skammt utan við Cadaqués. Og sem dæmi um þau áhrif sem landslagið þarna um slóðir hafði á listsköpun Dalís alla ævina, má segja að lunginn af því landslagi sem fyrir kemur í myndverkum Dalís eigi sér fyrirmyndir á þessu svæði.

Sérvirtingur og spjátrungur

Árið 1922 þegar Dalí var 18 ára hélt hann til listnáms í Madrid og vakti þegar athygli samstúdenta sinna og kennara, fyrir frumleik í listsköpun en ekki síður fyrir sérviskulegt útlit og spjátrungshátt í framkomu sem einkenni hann ævina á enda.

Hann var mjög leitandi í list sinni enda ungar að árum og þreifaði fyrir sér í ýmsum stefnum myndlistar á þessum tíma, svosem



LA PERSISTENCIA DE LA MEMORIA Eitt þekktasta verk Dalís.



GRAPHÝSI DALÍS Graphýsið er að finna í safninu í Figueres.

kúbisma og dadaisma. Síðar gekk hann til liðs við hreyfingu súrrealista og hið þekktu málverk hans af lekandi klukkunum, *La persistencia de la memoria*, málaði hann árið 1931.

Tveimur árum áður hafði hann hitt konuna í lífi sínu, sem hét því mikla nafni Helena Dmitrievna Deluvina Diakonova og var rússnesk að uppruna; kölluð Gala. Hún var ellefu árum eldri en Dalí. Þau bjuggu í ástríðufullu hjónabandi til æviloka og var Gala Dalí endalæus uppspretta listsköpunar, enda ber minningarsafn hans líka nafn hennar.

Þúsundþjalasmiður á listasviðinu

Dalí fékkst ekki bara við myndlist, honum var fát óviðkomandi á listasviðinu. Eftir hann liggja ekki bara ógrynni teikninga, grafíkverka, málverka o.s.frv., heldur einnig skúlptúrar af ýmsu tagi, hefðbundir sem óhefðbundir, innsetningar, ritverk, ljósmyndir, kvikmyndir og þrívíddarverk ýmiss konar. Hann hannaði líka skartgrip og er sérstök deild í safninu í Figueres lögð undir þessar gersemar, sem margar hverjar eru afar óvenjulegar einsog listamaðurinn sjálfur.


Sérkennilegar upptökur og ýmislegt sem í dag væri eflaust kallað listgjörningur voru líka ær og kýr Dalís alla ævi, hann flutti til dæmis fyrirlestur á listsýningu súrrealista í London árið 1936 íklæddur kafarabúningi með tvo rússneska úlfhunda sér við hlið!

Studdi Franco

Hreyfing súrrealista sagði skilið við Dalí eftir spænska borgarastríðið þegar hann ákvað að styðja einvaldsstjórn Francos á Spáni og halda áfram að búa þar. Eftir það töluðu ýmsir forsprakar súrrealista ekki um Dalí öðruvísi en í þáttíð einsog hann væri látinn.

Í upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar héldu Dalí og Gala hins vegar vestur um haf til Bandaríkjanna þar sem þau bjuggu fram yfir stríðslok.

Þegar þau sneru aftur kom ekkert annað



BÁTUR GÖLU OG REGNHLÍFIN YFIR HONUM Yfir öllu gnæfir glerkúpullinn mikli sem spænski arkitektinn Emilio Perez Piñero hannaði.

til greina hjá Dalí en að setjast að í sinni heittelskuðu Katalóníu og þar bjó hann til æviloka. Römm er sú taug ...

Safnið eitt allsherjar listaverk

Um 1960 fékk Dalí þá hugmynd að koma upp safni um sjálfan sig og listferil sinn í fæðingarbæ sínum Figueres. Hið gamla leikhús bæjarins þar sem Dalí hafði sýnt verk sín í fyrsta sinn opinberlega var enn rústirnar einar eftir bruna í borgarastríðinu en Dalí sá þetta sem kjörinn vettvangur fyrir safn.

Og þannig er þetta merkilega safn tilkomið, byggt á brunarústum leikhússins. Og það hýsir ekki einungis verk Dalís heldur er húsið að megninu til sem og allir innanstokksmunir hannaðir af listamanninum,

sem gerir þetta að miklu meiru en venjulegu listasafni. Listaverkin og húsið, veggskreytingar, ljósakrónur og loftskreytingar, allt rennur þetta saman í eina heild sem er engu lík.

Salvador Dalí bjó í listasafninu síðustu æviár sín og þar lést hann 23. janúar 1989 og er grafinn undir glerkúplinum sem gnæfir upp úr húsinu.

Íslendingum sem eru á ferð í Barcelona í sumar er bent á að Figueres er aðeins rúmlega klukkustundar lestarferð frá borginni; tilvalin dagsferð ef því er að skipta. Heimsókn í Dalísafnið er mjög sérstök upplifun þar sem menn ganga beinlínis inn í furðuheim eins fjölhæfasta og sérstæðasta listamanns síðustu aldar.



High Definition
stafræn myndbandstökuvé

139.950,-

SONY

HDRHC5
HD 1080i upptaka
Carl Zeiss Vario-Sonnar linsa
2,7" Clear Photo LCD Plus snertiskjár
HDMI

Sony Handycam

fyrir sumarið 2007

Stafræn
tökuvé með DVD

59.950,-

SONY

DCRDVD304
Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
12x optical aðdráttur
2,7" LCD snertiskjár

*"Einfalt og þægilegt,
spilast beint í DVD
spilara"*



Stafræn tökuvé
með hörðum disk

79.950,-

SONY

DCRSR72
41 klst. Upptaka á 60GB harðan disk
3G fallvörn
2,7" Hybrid LCD snertiskjár
MemoryStick Duo



Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is sími: 588 7669



„ÉG SYNG UM EINKVÆNI. FAÐIR MINN GIFTIST ÞREMUR KONUM OG ÉG UPPLIFDI SÁRSAUKA MÓÐUR MINNAR.“ Söngkonan Oumou Sangare sem heldur tónleika á Íslandi innan skamms.

Syngur um þjáningar kvenna

Stjarna söngkonunnar **Oumou Sangare** hefur risið hratt undanfarin tíu ár og hinn vestrænni heimur hefur kolfallið fyrir seiðmagnaðri tónlist hennar. **Anna Margrét Björns-son** sló á þráðinn til Bamako, sem er nánar tiltekið í Malí í Vestur-Afríku og spjallaði við hina lífsglöðu listakonu.

Oumou Sangare sameinar allt það sem Vesturlandabúum dettur síst í hug þegar minnst er á Afríku. Afríkan hennar er skapandi, sameinuð, lífsglöð og nútímaleg. Þessi unga söngkona frá Malí er stjarna „Wassoulou“-tónlistarinnar og þykir bera af öllum tónlistarmönnum þeirrar Afríku sem lúmir rétt undir Sahara-eyðimörkinni á landakortinu. „Malí er að mestu leyti eyðimerkurland og á sér landamæri við Búrkína Fasó, Gíneu, Senegal og Fílabeinsströndina,“ útskýrir Sangare á hljómbjóðri frönsku með sterkum afrískum hreim. „Móðir mín og amma voru frá Wassoulou-héraðinu, sem er grænasta hérað landsins og voru báðar frægar söngkonur. Ég ólst upp við söng þeirra og það má segja að ég hafi erfitt tónlistargáfur þeirra.“ Tónlist Wassoulou-fólksins þykir einstaklega faguð og fögur og er undir miklum áhrifum frá veiðimönnum sem fóru með hljóðfæri í langar veiðiferðir. „Það er mjög lítil

stéttaskipting meðal Wassoulou-fólksins og listamönnum er gert hátt undir höfði. Söngur og tónlist er líka aðferð okkar til að segja sögu fjölskyldna okkar, langt aftur í tímann.“ Nýja kynslóð Wassoulou-tónlistarinnar hefur gefið af sér þekktu listamenn líkt og Coumba Sidibe, Nahawa Doumbia og Djeneba Diakite sem allar hafa nú farið yfir móðuna miklu. „Það sem einkennir tónlistina er mjúkur söngur ásamt eins konar hörpu sem við köllum L'osongoni, og var fundin upp af ungum veiðimönnum. Svo er einnig til minni harpa, kamelengoni, sem er leikið á af mjög ungum stráku. Í bland við hörpunar eru svo flautur og ásláttarhljóðfæri. Við segjum að enginn sem heyrir þessa tónlist, jafnvel þótt hann sé steinsofandi, geti staðist kall hennar heldur ris hann upp og dansar,“ útskýrir Sangare hlæjandi.

Hún fæddist árið 1968 í Yanfolia-héraðinu umkringd mismunandi tónlistaráhrifum. „Ég byrjaði sjálf að syngja á leikskólaaldri. Fólk lét mig standa uppi á borði af því að ég var svo

lítil.“ Þegar hún var fimm ára söng hún í fyrsta sinn á tónleikum í íþróttahöll höfuðborgarinnar og segist hafa verið hræðilega skelfd. „Þá hvíslaði mamma að mér að ég ætti að ímynda mér að ég væri heima hjá mér í eldhúsinu, og þá opnaðist loksins á mér hálsinn! Ég hef aldrei fengið sviðsskrekk síðan.“

Neitum að gera sömu mistök og eldri kynslóðir

Árið 1986 gekk hún í hljómsveit sem kallast Ensemble National du Mali þar sem Bamba Dembele tók eftir henni. „Ég fór í tónleikaferð um Evrópu með tveimur öðrum söngkonum en þegar ég sneri aftur langaði mig að stofna eigin hljómsveit.“ Fyrsta hljómplata hennar, Moussoulou, var gefin út árið 1990 og var gríðarlega vel tekið. „Ég sem að mestu leyti tónlistina mína sjálf. Ég byrja á laglínunni og útset hana svo ásamt hörpunni og hinum hljóðfærunum. Ég hef ekkert á móti því að færa tónlist í nútímalegra horf og ég er til dæmis mjög hrifin af Salif Keita. Hins vegar er mín eigin tónlist mjög hefðbundin.“ En um hvað syngur hún? „Ég syng um þjáningar kvenna. Ég syng um það sem yngri kynslóðir Malibúa hafa áhyggjur af. Ég syng um einkvæni. Fjölkvæni tíðkaðist fyrr á tíðum í landi okkar og við, unga fólk, neitum að gera sömu mistök. Getur ekki einn maður elsk-

að eina konu alla sína ævi? Faðir minn kvæntist til dæmis þremur konum. Ég upplifði sársauka móður minnar og ég get því vel sungið um þetta viðkvæma viðfangsefni.“ En hvernig er staða kvenna í Malí yfirleitt? „Hún er alltaf að styrkjast. Það er til dæmis mikið af konum í ríkisstjórn okkar núna. Það er mikið af kvenréttindafélögum sem eru í góðu sambandi við erlendar konur, til dæmis í Búrkína Fasó og í Frakklandi. Konurnar skilja að með samstöðunni fá þær aukin völd og sumar þessarra kvenna hafa gert ótrúlega hluti eins og að byggja leikskóla úti í graslendunum. Ólæsi hrjáir ungdóm okkar, sérstaklega stúlkur. Brýnasta verkefnið er að kenna ungum stúlkum að lesa og skrifa.“ Sangare hefur aldrei komið til Íslands áður og er spennt fyrir heimsókninni. „Ég veit ekki mikið um landið, en hef heyrt um Íslendingasögurnar sem mér finnast mjög áhugaverðar. Svo hef ég auðvitað heyrt tónlist Bjarkar og reyndar langar mig að heyra íslenskt rokk og ról þegar ég kem til Íslands. Svo vonast ég líka til að hafa dálítinn tíma til að sjá landslagið sem ég hef heyrt að sé undurfagurt.“

Tónleikar Oumou Sangare verða á Vorblóti, fimmtudaginn 17. maí á NASA. Nánari upplýsingar á www.vorblot.is

”

Ég byrjaði sjálf að syngja á leikskólaaldri. Fólk lét mig standa upp á borði af því að ég var svo lítil.

→ MALÍ – LAND OG ÞJÓÐ

Lýðveldið Malí er stærsta land Vestur-Afríku og spannar 1.240.000 ferkílómetra. Til norðurs liggur Alsír, til suðurs er Búrkína Fasó og Fílabeinsströndin og til vesturs liggja Gínea, Senegal og Máriaíta. Höfuðborg Malí er Bamako sem er jafnframt stærsta borg landsins. Landið er að mestu leyti eyðimörk en í suðri eru frjósamari lendur þar sem jarðhnetur, hrísgrjón og baðmull eru ræktuð. Áin Níger sem liggur í gegnum landið er rík af fiski. Þjóðflokkar í Malí eru nokkrir: Bambara, Marka, Songhai og Malinke sem eru bændur og fiskveiðimenn og svo Fulani og Tuareg-fólkið sem er flökkufólk. Níutíu prósent Malí-búa eru múslimar og tíu prósent eru afrískrar þjóðtrúar. Landið er ríkt að gulli, salti og fosfati sem er unnið úr námum, og einnig er að finna járn, demanta, úraníum og kopar sem lítið hefur verið nýtt. Manatali-virkjunin í ánni Bafing skapar rafmagn. Gull og baðmull er stærsta útflutningsvara Malí og Frakkland er þeirra stærsta viðskiptaland. Malí var ríkt veldi á 14. og 15. öld en árið 1898 tókst Frökkum að ná völdum og innlíma það í franska heimsveldið. Árið 1962 varð Malí sjálfstæð þjóð undir forsetanum Keita en árið 1968 varð blóðug uppreisn og Moussa Traoré varð forseti. Við tók herstjórn sem hélt þar til árið 1991 þegar uppreisn var gerð gegn Traoré sem síðar var dæmdur til dauða. Malí varð fyrir bardúnu á miklum þurrkum á áttunda áratugnum sem leiddu til mikillar hungursneyðar. Núverandi forseti er Amadou Touré, sem var lýðræðislega kosinn árið 2002.



EUROVISION TILBOÐ



1.999

Eurovision 2007
Ýmsir - 2CD



899

Söngvakeppni 2006
Ýmsir



1.499

Svona er Eurovision
Ýmsir



2.199

Very Best Of Eurovision
Ýmsir - 4CD



1.499

Eurovision 1986-2003
Ýmsir



1.499

20 Ár í Eurovision
Ýmsir



KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI



SARA ODDSDÓTTIR Stýrir nýopnaðri verslun á Laugaveginum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Slakar á með gúmmí-skrímsli í vasanum

Hvert er takmarkið? Að hælarnir brotni ekki.

Er Reykjavík að verða heitasti staðurinn fyrir vintage-föt? Fram yfir aðrar heimsborgir hefur Reykjavík fjölbreyttari og framúrskarandi kúnna sem hafa smekk.

Hvenær varstu hamingjusömst? Þegar ég hitti Daða Þorsteins skipstjóra.

Hvað þolir þú ekki í fari annarra? Þegar fólk er ekki samkvæmt sjálfu sér.

Dýrmætasta eignin? Elísabet dóttir mín, á hana ekki en á hana samt!

Hvar er uppáhaldshönnuðurinn þinn? Dolce & Gabbana.

Hvar myndir þú búa ef þú hefðir algerlega frjálst val? Viðey.

Uppáhaldsplatán þín? ICERAVE (rolling like Scottie-Agzilla Dj. LSK).

Þú ert að fara á grímuball og mátt fara í hvaða búning sem er. Í hverju ferðu? Hafmeyja (er ég ekki gift sjómanni!).

Hvaða lífandi persónu berðu mesta virðingu fyrir? Mómmu minni.

Hvaða frasa ofnotar þú? „CRAZY“.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndir þú fara og af hverju? Til Flögu í Vestur-Skaftafellssýslu, var frjáls ...

Hvað gerir þig þunglynda? Þegar fólk er fífl.

Hvernig slappar þú af? Í góðra vina hópi (með gúmmí-skrímsli í vasanum).

Áttu þér neyðarlegt leyndarmál? Fantasiuna um hverjir myndu EKKI í jarðarförina mína.

Ef þú hefðir ofurafl, hvert myndi þitt vera? Super feeding machine.

Hvað er uppáhaldsörðið þitt? „Ekkert mál“.

Ef einhver myndi gera kvikmynd um líf þitt, hver ætti að leika þig? Brigitte Bardot.

Hvaða lag myndir þú vilja láta spila í jarðarförinni þinni? Babe I'm gonna leave you.

Hvernig viltu að fólk minnst þín? Lífandi.

Hvað er mikilvægasta lexían sem þú hefur lært í lífinu? Að hafa ekki hlustað fyrr á pabba.

Segðu okkur leyndarmál. Leyndarmálið liggur í leiðinni?

Anna Margrét Björnsson



MÆLISTIKAN

→ Á uppleið

Speglar í svefnherbergið Hættu að kaupa klám og settu bara hressandi spegil í loftið.

Karlmann sem þora að sýna áhugasemi þegar þeir eru skotnir í konum. „Hard to get“ leikir eru búnir.



Bláa lónið Dásamlega hressandi og fegrandi og við erum alltof gjörn á að gleyma því.

Korselett Notist yfir stuttermaboli, við gallabuxur, eða í svefnherberginu.



→ Á niðurleið

„Ágætu herra menn“ og „Hið háa ráðuneyti“. Setningar sem byrja á þessu eru bara væl og enginn nennir að hlusta þegar þær byrja.

Kvennaboð Einstaklega leiðinlegt íslenskt fyrirbæri. Ekki allar konur klæða sig bara upp fyrir aðrar konur.

Húðlitaðar sokkabuxur Minna á fimmtugar flugfreyjur með æðaslit. Splæsið bara í vax eða gömlu góðu svörtu brækurnar.



Handklæðaofnar Ekki bara asnalegir, heldur þrefalda þeir orkureikninginn þinn.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

NAFN: Sara Oddsdóttir.

FÆÐINGARÁR: 1978, árið sem Hotel California fékk Grammy-verðlaunin.

ÖRÁGRIP AF STARFSFERLI Í EINNI SETNINGU: Verslunarstjóri í Rokki og rósum og nú verslunarstjóri yfir samsteypunni Rokk og rósir, Pop, Elvis og Smekkleysu á Laugaveginum.



ELICA HÁFAR

20% kynningarafsláttur til sunnudags

egg afsláttur
20%
egg afsláttur



239.990

Baumatic, kæli / frystir
180x92,5x81,6 sm
1860080

egg afsláttur
20%
egg afsláttur



76.790

Baumatic Retro, kæli / frystir
124 sm
1860078

egg afsláttur
20%
egg afsláttur



252.792

Baumatic Alabama, eldavél
Gas / rafmagns
1860092

egg afsláttur
20%
egg afsláttur



127.840

Elica OM, veggháfur, svartur
1860531

egg afsláttur
20%
egg afsláttur



7.760

Damixa Space, blöndunartæki
8000850

egg afsláttur
20%
egg afsláttur



215.920

Illusion, rafknúid blöndunartæki
8000355

egg afsláttur
20%
egg afsláttur



15.920

Orbix, blöndunartæki
8000370

egg afsláttur
20%
egg afsláttur



17.065

Kafé, blöndunartæki
8000400



6.795 m²

GEO, planki, hnota natur
olíuborin
146002



5.290 m²


GEO, planki, eik natur
mattlökkuð
146006



5.695 m²

GEO, planki, hlynur natur
lakkaður
146005

egg afsláttur
50%
egg afsláttur



11.450
var 22.900

Atmos, fótскеmlar
4200475-481

*Tilboðin gilda ekki á stjörnumerktum vörum

ERTU HEPPINN?

BLÖÐRUDAGAR Í HERRAVERSUNINNI BLAZE

KOMDU VIÐ Í HERRAVERSUNINNI

BLAZE, AUSTURVEGI 9 SELFOSSI,

DAGANA 5. - 6. MAÍ OG ÞÚ ÁTT

MÖGULEIKA Á AÐ FÁ ALLAR ÞÆR

VÖRUR SEM ÞÚ ÆTLAÐIR AÐ

GREIÐA FYRIR Á 5 - 100% AFSLÆTTI

ALLIR VIÐSKIPTAVINIR FÁ BLÖÐRU

MEÐ AFSLÁTTARMÍÐA Í.

5 - 100 % AFSLÁTTUR

Í HVERRI BLÖÐRU.



HEPPNIR VIÐSKIPTAVINIR

FÁ FRÍTT Í BÍÓ.

HERRAVERSUNIN

BLAZE

AUSTURVEGI 9 SELFOSSI - ☎ 482-4824

WWW.BLAZE.IS



BT

OFURVÉLIN

17"

TOSHIBA

PSPADE-00M00VN5
 TOSHIBA SATELLITE P100-454
 Intel® Core 2 Duo T5500
 17" WXGA HB TrueBrite
 - Upplausn 1440 x 900
 nVIDIA GeForce Go 7600 128MB
 2GB DDR Minni (Mest 4GB)
 100GB Harður diskur
 DVD skrifari Dual Layer
 Þráðlaust netkort
 Kortalesari 5 - 1
 Firewire - DV Ready
 Vökvaþolið lykklaborð
 Microsoft® Windows® Vista Premium
 Microsoft Works
 Microsoft® Office OneNote™ 2003
 2 ára alþjóðleg ábyrgð

40.000
VERDLÆKKUN

149.999

179.999

BT
LÁN™

BT
14.691*

12 mánaða

BT
8.238**

24 mánaða

BT
5.937***

36 mánaða

Intel Core 2 Duo

Nýjasta fartölvutækni frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukid öryggi.

nVidia GeForce Go 7600

Aflmikið skjá kort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

2GB Vinnsluminni

Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

100GB Harður diskur

Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 100GB hörðum disk.

17" TrueBrite skjár

Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

Windows Vista Premium

Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

FYLGIR

9.999

Vönduð Fartölvutaska fylgir!
CNXL1

SEAGATE HARÐUR DISKUR

Seagate

ST3320620A
 320GB ATA100 16MB 7200rpm
 Ultra ATA/100 tengi
 16MB cache flýtiminni
 Aukið gagnaöryggi með Perpendicular technology
 Mjög hljóðlátur
 Allt að 78MB á sekúndu í flutningshraða
 5 ára ábyrgð

9.999

VIDEOFLAKKARI

Sarotech

DVP-370A
 SAROTECH AIVX MULTIMEDIA PLAYER
 Margmiðlunarspilarir fyrir 3.5" harða diska
 Spilar DivX (3.x/4.x/5.x), XViD, DAT, MPG
 VOB, ISO og IFO MP3, WMA, OGG og WAV
 Sýnir JPEG ljósmyndir
 Component (480i/480p, 720p/1080i),

16.999

Ekkert mál að tengja græjuna við sjónvarpið

SUMARBOMBA

MEDION®

6363IS
 MEDION V10 M2 VISTA
 Intel® Celeron D 360 (3,46GHz)
 nVidia GeForce 7300 SE - 256 MB TC
 - TV out - D-SUB
 160 GB 8MB 7200 rpm SATA
 512 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
 DVD Skrifari Dual Layer
 Þráðlaust netkort
 LAN 10/100 Mbit
 IEEE1394/Firewire - DV Ready
 Lyklaborð og Mús
 -- Hugbúnaður ---
 Windows Vista Basic
 Power DVD
 Nero Burning ROM Software
 Nero Recode 2SE (DVD Copy 1:1 Program)
 Antivirus (90 days)

39.999

69.999

RUGL
VERÐ!

BT
LÁN™

BT
5.087*

12 mánaða

BT
2.846**

24 mánaða

BT
2.079***

36 mánaða

Kíktu á verðið!
Þessi fer fljótt!
Næðu þér í eintak!



Kl. 17.00

Matthías V. Baldursson heldur burtfararprófstónleika sína frá Tónlistarskóla FÍH. Tónleikarnir fara fram í hátíðarsal skólans að Rauðagerði 27. Matthías útskrifast með burtfararpróf á saxófón, en efnisskrá tónleikanna samanstendur af verkum hans fyrir ólíkar samsetningar hljóðfæra, allt frá kvartett upp í stórsveit.

menning

menning@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

2 3 4 5 6 7 8

Laugardagur

TÓNLEIKAR

16.00 **Vox academica** kórinn heldur tónleika í **Langholtskirkju** ásamt **Jóns Leifs Camerata**, **Kristni Sigmundssyni** og **Sigrúnu Hjálmtýsdóttur**. Flutt verður Ein deutsches Requiem eftir Johannes Brahms. Stjórnandi er **Hákon Leifsson**.

20.00 **Rúnar Magnússon** heldur tónleika í **Bessastaðakirkju**. Rúnar flytur **surround verk** sem hann samdi fyrir myndlistarsýninguna **Hraunland**.

OPNANIR

14.00 **Þorvaldur Þorsteinsson** opnar myndlistarsýningu í **Jónas Viðar Gallery** á Akureyri.

14.00 **Edda Kristfinnsdóttir** opnar sýninguna **Vistaskipti** á **Café Karólínu** á Akureyri. Verkin eru

skúlptúrar, lágmyndir, vídeó, textaverk og ljósmyndir á striga.

14.00 Fimm norrænir textillistamenn og eitt tónskáld opna sýningu í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Sýningin ber yfirskriftina **Frá einum til óendanleika** og stendur til 27. maí. Aðgangur að safninu er ókeypis.

16.00 Myndlistarmaðurinn **Þórunn Eymundardóttir** opnar sýningu í **galleriBOXi** í **Listagilinu** á **Akureyri**.

17.00 **Inga Björk Harðardóttir** opnar málverkasýninguna **Einhverskonar upphaf** í **DaLi Gallery** á Akureyri.

BÆKUR

15.00 Bókarkynning í bókabúð **Máls og Menningar** að Laugavegi 18. Myndlistarrítið **MEGA VOTT** verður kynnt. Listamennirnir **Anna Eyjólfsdóttir**, **Ragnhildur Stefánsdóttir**, **Rúrí** og **Þórdís Alda Sigurðardóttir** munu þá árita bókina, en einnig verður sýnt myndband eftir **Pál Steingrímsson** frá gjörningi **Rúriar**, Tileinkun. Þess má geta að nú er síðasta sýningarhelgi á yfirlitssýningu hennar í Gerðubergi.

„Landið á part í mér“

Það stefnir í sýningarlok í **Hafnarborg** á ljósmynda-sýningu franska tískuljós-myndarans **Gilles Bensimon** en henni lýkur á sunnudag.

Hann er loksins kominn að sjá hana og í stuttri heimsókn sinni hingað að þessu sinni gerir hann margt í einu: sér uppstillinguna á verkum frá ferli sínum í Hafnarborg sem hann er sérdeilis ánægður með, svo að hann myndar uppstillinguna í bak og fyrir og hróstar starfsfólki Hafnarborgar í hástert. Hann ætlar að líta á sýningar vinkonu sinnar **Róni Horn** og svo er hann hér til að undirbúa leiðangur hingað upp í júní. Það er ekki fyrsta heimsókn þessa fræga og virta ljósmyndara til Íslands. Hér hefur hann verið nánast árlegur gestur, eins og farfuglarnir: „Ég komst ekki í fyrria“, segir hann afsakandi. „Ég hef verið hér sextán sautján sinnum.“

Nokkrar ljósmyndanna á sýningunni eru því til sönnunar, rengluleg stúlka mikið máluð umvafin ullarflík stendur frammi fyrir myndarlegu fjárhúsi, fjöllum, sandur. Allt er þetta íslenskt. Gamall vinur Gilles, **Ari Alexander**, hefur jafnan verið honum innan handar þegar ljósmyndarinn hefur komið hingað með samstarfsfólk sitt og fyrirsætur: „Hann hefur birt opnur eftir opnur árlega frá Íslandi.“

Gilles hefur búið í New York í tuttugu og fimm ár og verið listrænn stjórnandi á **Vogue**. Hann hefur unnið með öllum frægustu fyrirsætum heims. Sumir segja hann hafa smíðað fyrirbærið súpermódel. Sýningin í Hafnarborg leiðir í ljós að myndefnið er ekki bara kona í fötum, heldur frekar bakgrunnurinn, áferðin og litirnir.

„Það er eitthvað hér sem dregur mig“, segir hann. „Amma mín var frá Bretagne og það kann að skýra það að ég á hér einhvern veginn heima. Þetta er einstakt land og ég hef alltaf ætlað mér að koma hingað til annars en vinnu. Ég læt menn oft keyra áfram frá þeim stöðum sem ákveðnir eru, bara eitthvað vegna þess að það er

alltaf eitthvað nýtt sem ber fyrir augu.“

Hefur maður með þetta svið látið af tókum á myndavélar með filmu? „Já alveg, fyrir fjórum árum. Ég tek allt stafrænt núna. Ég mynda líka miklu, miklu meira en áður. Við erum alltaf að syrgja liðna tækni. En hún breytist svo hratt. Langafi minn var sýningarmaður hjá **Lumiere-bræðrum** sem voru brautryðjendur í kvikmyndagerð. Tíminn liður og tæknin breytist.“


Sýningin er á tveimur hæðum í Hafnarborg og lýkur sem fyrr segir á sunnudag.

pbb@frettabladid.is

MYNDLIST Ein ljósmynda Gilles á sýningunni í Hafnarborg.

BIRT MED GÓÐFÚSLEGU LEYFI HÖFUNNAR OG HAFNARBORGAR





AÐEINS TVÆR SÝNINGAR 8. OG 9. MAÍ

POCKEMON CREW
frá Lyon í Frakklandi er einn fremsti Hipp Hopp danshópur í heimi. Hópurinn samanstendur af 8 dönsurum sem hafa unnið fjölda verðlauna m.a. BBoy Championship í London 2006.

ÞEIR HAFNA FERÐAST ÚT UM ALLAN HEIM OG ERU LOKSINS KOMNIR TIL ÍSLANDS.

PockeMon Crew

MÍÐAVERÐ 2.000
Míðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Send í sveitina

Tvær nýjar ljósmyndasýningar verða opnaðar í Þjóðminjasafni Íslands í dag. Í Myndasafnum má sjá sýninguna Auga gestsins með ljósmyndum frá Íslandsferðum norska útgerðarmannsins **Hans Wiingard Friis** og á Veggnum er sýningin **Send í sveit**. Við opnun kl. 15 spilar **KK** og syngur.

Norðmenn stunduðu veiðar og útgerð á Íslandi um langt skeið og höfðu hér ítök undir lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar. Einn norsku útgerðarmannanna var **Hans Wiingard Friis** frá bænum **Álasundi** í Noregi. Hann stundaði þorskveiðar frá Hafnarfirði árin 1906 til 1909 en var auk þess áhugljósmyndari og myndaði nokkuð á ferðalögum sínum um landið. Friis tók margar myndir af Hafnarfirði en auk þess heimsótti hann aðra útgerðarstaði þar sem norsk umsvif voru mikil, til dæmis **Siglu-fjörð**, **Seyðisfjörð** og **Reyðarfjörð**. Myndasýrpa **Friis** frá Íslandi er um margt merkileg. Hann sver sig í ætt við aðra áhugamenn í persónulegri og frjálselegri nálgun við myndatökur. Myndasafn hans er nú varðveitt í **Álesunds Museum** en sýningin í Þjóðminjasafni

inu er unnið í samvinnu við **Minjasafnið** á Akureyri.

Hinn hlutinn af samsýningu þessari er á **Veggnum**, sýningarstað framan við ljósmyndasýningasalinn, en hún vekur vafalaust upp bernskuminningar úr sveitinni hjá mörgum landsmönnum. Í sumarbyrjun rifjar Þjóðminjasafnið upp þennan tíma með sýningu ljósmynda af börnum við sveitastörf, af kveðjustundum og fagnaðarfundum á **BSÍ**. Á meðan enn voru sterk tengsl milli íbúa á möllinni og í sveitum landsins var alsíða að börn í þéttbýli væru send í sveit, ýmist til ættingja eða vandalausra, yfir sumartímam. Þá voru flestir bæjarbúar fyrsta kynslóð á möllinni og áttu skyldfólk í sveitinni en einnig komst fólk í samband við sveitheimili gegnum ráðningarþjónustur eða smáauglýsingar. Á sýningunni **Send í sveit** má sjá myndir úr söfnum **Ingimundar Magnússonar**, **Guðna Þórðarsonar**, **Gísla Gestssonar**, **Þorvaldar Ágústssonar** og **Ara Kárasonar**. Einnig fékk Þjóðminjasafnið nokkra einstaklinga til að deila reynslu sinni úr sveitinni með sýningargestum. Báðar sýningar standa yfir 5. maí til 25. ágúst.



MUNDA HRÍFURNAR Ungar kaupakonur í heyskap á síðustu öld þegar mittisháur stuttbuxur voru í talsverðum móð.

Veldu Ford Focus Trend Collection



Nýtt tákni um lífsgæði

Kauptu í dag Ford Focus Trend Collection 1.6i 5 dyra 5 gíra

Kauptu Focus Collection í dag 2.220.000 kr.*

Collection toppar flokkinn 'special series' hjá Ford. Gerðu samanburð. Spurðu söluráðgjafa Ford um Ford Focus Trend Collection.

Skoðaðu verð og búnað. Komdu í Brimborg. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Focus Trend Collection fyrir sumarið.

Kauptu Focus Trend Collection frá Ford fyrir sumarið. Komdu í Brimborg.

collection

FOCUS
collection

FOCUS

FordFOCUS Nýtt tákni um lífsgæði

Ford Focus Genuine Design. Hönnun Ford Focus sýnir í verki einlægna vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Focus merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseginnleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og vistvænan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Focus.

Spurðu um hvað
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar
þýðir fyrir þig

 **brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport
3.maí kl. 20 Uppsett
6.maí kl. 20 Uppsett
10.maí kl. 20 Uppsett
11.maí kl. 20 Uppsett
12.maí kl. 14

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



ABBA BABBA!
eftir Dr. Gunnar

6. maí sun kl. 14
13. maí sun kl. 14
20. maí kl. 14
Síðustu sýningar

Draumalandið
eftir Andra Sna Magnúss

5 maí lau 11 sýning kl 20
11 maí fös 12 sýning kl 20

Leikbúurinn
A samant &
HAFNARFJARDARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarf. Pósnúmeri 555 2222 og á www.mli.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFÆGA MENN“

GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?

Lau 26/5 AUKASÝNING
Síðasta sýning

HIPP HOPP GESTASÝNING

Pokemon Crew: Gestasýning frá Frakklandi.
Þri 8/5 kl. 20 Mið 9/5 kl. 20
Miðaverð 2.000

LADDI 6-TUGUR

Í dag 5/5 kl. 14 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST

Í samstarfi við Vesturport
Sun 6/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl. 20 UPPS.
Fös 11/5 kl. 20 UPPS. Lau 12/5 kl. 14
Sun 13/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS. Fös 25/5 kl. 20
Lau 26/5 kl. 20 UPPS. Fim 31/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20 Sun 3/6 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvins
Í kvöld kl. 20 AUKASÝNING
Mið 16/5 kl. 20 Síðasta sýning
Styrktarsýning fyrir Eddu Heiðrínu Backman

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
grettir.blog.is

DAGUR VONAR

Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20

Ekki er hleypt inni salinn eftir að sýning er hafin

SÖNGLEIKURINN GRETTIR

Í kvöld kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20
Sun 13/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS

Sun 6/5 kl. 13 AUKASÝNING UPPS.
Sun 6/5 kl. 14 AUKASÝNING UPPS.
Sun 6/5 kl. 15 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

SAN FRANCISCO BALLETTINN

Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

EILÍF HAMINGJA

Mið 9/5 kl. 20 AUKASÝNING
Síðasta sýning

BORGARLEIKHÚSIÐ

Söngfugl á heimaslóðum

Fyrstu tónleikar Emilíönu Torrini voru með Skólakór Kársnesskóla enda þakkar hún kórstyrnunni Þórunni Björnsdóttur að hún þorði að opna munninn til að syngja.

Emilíana skrappt í heimsókn frá Bretlandi til að syngja með kórnum á tvennum tónleikum í dag og hitti blaðamaður hana fyrir í barnafans í Salnum. „Ég söng með kórnum alla vetur frá því ég var sjö ára þar til ég varð þrettán,“ segir Emilíana. „Það var eiginlega í fyrsta skipti sem ég fékk eitt-hvert sjálfstýringu, þannig séð – ég hef nú aldrei haft neitt brjálæðislega mikið að því,“ bætir hún við hlæjandi. „Ef ég hefði ekki byrjað í kórnum hefði ég líklega aldrei byrjað að syngja né farið í söngskóla því ég var svo rosalega feimin. Kórstarf getur því verið mjög hjálplegt.“

Skólakór Kársness hefur um áraraðir verið atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi, haldið tónleika um allt land og sungið á fjölda hátíða og menningarviðburða jafnt hér á landi og erlendis.

Pegir bara og syngur

Uppeldisstarf Þórunnar Björnsdóttur sem stýrt hefur Skólakór Kársness í rúm þrjátíu ár er ómetanlegt og margir framúrskarandi tónlistarmenn hafa hafið sinn feril undir hennar stjórn. Emilíana minnst sinna kórdraga með hlýju og segir Þórunni yndislegan listamann. „Tóta er alveg æðisleg, hún færir manni svo mikla gleði. En hún er líka ofboðslega ströng – maður man það alltaf líka,“ segir hún og verður eitt bros.

„Ég held að allir sjái sig í þessum krökkum,“ segir Emilíana þegar söngvarnir tínast út úr salnum. Einn ungu mannanna spyr hana spenntur hvort hann megi prófa gítarinn. „Auðvitað,“ samþykkir hún og útskýrir svo að tveir aðrir strákar úr kórnum muni spila með henni og hljómsveitinni á tón-



SNÝR AFTUR Á UPPHAFSREITINN Emilíana Torrini segist enn vera svolítið moldvarpa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

leikumun. „Okkar gítarar blikna bara alveg við hliðina á þeirra,“ bætir hún við. Á tónleikumunum flytur hópurrinn meðal annars lög af plötu Emilíönu, Sunny Road, og tvö ný lög sem hún valdi sérstaklega handa kórfélögnum. Útsetningarnar gerði Diddi fiðla og Emilíana segir skondið að þurfa bara að mæta svona á staðinn. „Ég bara þegi og syng,“ grínar hún.

Að tengja og týna þræðinum

Þegar talið berst að framtíðarplönunum útskýrir Emilíana að hún sé á leið í afmælisferð til Kúbu og Suður-Ameríku en hún verður þrítug um miðjan mánuðinn. „Síðan er ég bara að skrifa,“ segir hún og útskýrir að frekar seint hafi opnast fyrir þann sköpunarkraft hennar. „Ég var alltaf að fíflast eitthvað sem krakki og tilheyrði aldrei neinni „senu“ á Íslandi. Ég var bara í mínu karóki, að uppgötva blúsinn og röddina. Það eina sem skipti mig máli var að syngja.“ Þegar hún fluttist út var tilhugsunin um að skrifa tónlist alls ekki spennandi. „Mig langaði ekkert að gera það, en ég hafði alltaf fengið dálítið við að skrifa ljóð og sögur,“ segir hún. Með tímanum opnuðust þó ýmsar gáttir og þakkar hún það til dæm-

ist frjóu samstarfi við Jón Ólafsson og Egg White. „Á síðustu plötunni minni var ég orðin miklu ákveðnari í því sem ég var að gera og vildi til dæmis ekki leyfa neinum að skipta sér af textunum,“ útskýrir hún en áréttar að sér finnst langskemmtilegast að skrifa með öðrum. „Mér finnst erfitt að vinna ein, ég er með svo mikið „fókus-vandamál“ – oft er ég ekkert í sambandi,“ segir Emilíana og týnir alveg þræðinum í smá stund. „Hvar vorum við? Já, mér finnst skemmtilegast að skrifa með fólki og kynnast nýjum leiðum og þeirra vinnu. Ná sambandi og tengjast,“ segir hún sannfærandi. „Svo getur maður líka setið eins og bjáni allan daginn og ekki náð neinu sambandi við einhvern sem maður á að skrifa með – það er alveg hræðileg aðstaða en myndin samt.“

Allt of sein með þetta!

Emilíana segist eiga eftir að læra svo mikið, til dæmis að opna sjálfa sig aðeins meira. „Ég er svolítið moldvarpa, ég loka mig mikið inni. Ég hef til dæmis aldrei verið með í þessum tónlistarbransa.“ Þegar Íslendingurinn kemur upp í henni fær hún samviskubít yfir því að vera ekki að semja meira heldur „bara lifa lífinu“. „Ég er að verða allt of sein með þetta allt, guð – mér finnst eins og ég þurfi að gera plötu á sex mánaða fresti,“ segir hún og kímur. „En það er ekki séns, ég er ekki þannig. Oft kemur Ítalinn upp í mér og þá vil ég bara vera heima og gera uppskriftir, elda handa vinum mínum og vinna bara stundum!“

Nýr Chevrolet Lacetti Station á aðeins 26.980,- á mán.*

- 100% fjármögnun.....
- Engin útborgun.....
- Í erlendri mynt, vextir 4,27%.....
- 3 ára ábyrgð.....



Chevrolet Lacetti frá GM stærsta bílaframleiðanda í heimi Verð: 1.899.000,-

*m.v. 84 mánaða bílssamning (erlendri mynt, vextir 4,27%) Aukbúnaður á mynd. Afleiðing

Lacetti

Engin útborgun...
...og þú ert kominn á nýjan fjölskyldubíl!

Vertu klár – engin útborgun fyrir nýjan bíl

Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun og borgar aðeins 26.980 kr. á mánuði.

Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með 3ja ára ábyrgð og Chevrolet gæðastimplinum.

Vertu því klár, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.

Benna

Tangarhöfða 8-12 Sími 590 2000 www.benni.is Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

CHEVROLET



SÁ SJÖTTI Á LEIÐINI? Steven Gerrard með Evrópumeistarabikarinn fyrir tveimur árum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Úrslit Meistaradeildarinnar: Met Spánar verður jafnað

FÓTBOLTI Annaðhvort Ítalía eða England mun jafna met Spánar yfir flesta Evrópumeistararitla félagsliða þegar AC Milan og Liverpool mætast í úrslitum Meistaradeildar Evrópu síðar í mánuðinum.

Félagslið frá Spáni hafa ellefu sinnum orðið Evrópumeistarar félagsliða eða sigurvegarar Meistaradeildar Evrópu. Lið frá Englandi og Ítalíu hafa tíu sinnum náð þeim áfanga og því ljóst að annað hvort liðanna í Aþenu mun jafna met Spánar fyrir hönd síns lands.

Bæði lið eiga þó talsvert í land með að jafna met Real Madrid sem á flesta Evrópumeistararitla allra félaga, níu talsins. Milan á næstflestu, alls sex, og Liverpool kemur næst með fimm titla.

Ajax og Bayern München hafa unnið alls fjórum sinnum en ekkert lið þrisvar. Aðeins lið frá sex löndum hafa orðið Evrópumeistarar oftast en einu sinni.

- esá

Steven Gerrard: Í viðræðum um nýjan samning

FÓTBOLTI Steven Gerrard, leikmaður Liverpool, hefur hafið viðræður um nýjan samning við félagið. Búist er við því að hann skrifi undir nýjan fjögurra ára samning sem tryggir honum 120 þúsund pund í vikulaun.

„Ég hef aldrei verið ánægðari í boltanum en núna. Ekkert myndi gleðja mig meira en að ganga frá þessum samningi," sagði Gerrard.

Annar eigenda Liverpool, Tom Hicks, sagði að Gerrard ætti hvernig annars staðar heima en hjá Liverpool.

- esá



ALVÖRUMENN Don Nelson og Baron Davis leiddu Golden State til eins óvæntasta sigurs sögunnar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Óvænt úrslit í úrslitakeppni NBA-deildarinnar:

Dirk og Dallas sáú aldrei til sólar

KÖRFBOLTI Golden State Warriors skrifaði NBA-söguna upp á nýtt í fyrrinótt með því að slá út Dallas Mavericks. Aldrei áður hefur lið í 8. sæti borið sigurorð af liði í 1. sæti með núgildandi fyrirkomulagi þar sem fjóra sigra þarf til að komast í gegnum fyrstu umferð.

Golden State vann Dallas örugglega 111-86 í sjötta leik liðanna og þar með einvígið 4-2. Þetta eru ein óvæntustu úrslit sögunnar því ekki er nóg með að Dallas hafi náð sjötta besta árangri sögunnar í deildarkeppninni heldur hafði Golden State ekki unnið einvígi í úrslitakeppninni síðan 1991. Don Nelson, fyrrverandi þjálfari Dallas, kunni á sína menn og hefur búið til frábært lið sem lætur allt flakka.

Golden State vann 9 af síðustu 10 leikjum sínum í deildarkeppninni og ef marka má frammistöðu liðsins í þessu einvígi er ekkert því til fyrirstöðu að það fari langt í úrslitakeppninni í ár. Vandræðagæmlingarnir Stephen Jackson (33 stig, sjö þristar) og Baron Davis (20 stig,

10 fráköst, 6 stoðsendingar á annarri löppinni) eru í miklum ham og aukaleikararnir verða að hetjum undir einstökum stuðningi frábærra stuðningsmanna liðsins.

Dirk Nowitzki verður líklega kosinn besti leikmaður deildarinnar en frammistaða hans í þessum leik var honum hreinlega til skammar.

Nowitzki skoraði aðeins tvær körfur í öllum leiknum og alls átta stig á kvöldi þegar ekkert nema sigur gat bjargað hans liði. Hann skoraði fyrstu körfuna þegar innan við mínúta var eftir af fyrri hálfleik og þegar hin kom í þriðja leikhluva var Mavericks-liðið komið 21 stigi undir.

Nowitzki gafst upp og spekingar eru farnir að spá fyrir um vandræðalega stund þegar Þjóðverjinn tekur við verðlaunum sem besti leikmaður deildarinnar. Það er í það minnsta ljóst að þessa tímabils verður ekki minnst fyrir það að hann var kosinn bestur heldur hvernig hann hvarf algjörlega á úrslitastundu. - óó

Gennaro Gattuso er ekki hrifinn af leikstíl Liverpool: Liverpool er eins og ítalskt lið fyrir tíu árum

FÓTBOLTI Gennaro Gattuso, leikmaður AC Milan, segir að Manchester United sé hæfileikara lið en Liverpool, sem mætir Milan í úrslitum Meistaradeildar Evrópu í Aþenu. Milan sló Manchester United út í undanúrslitunum.

„Liverpool er eins og ítalskt lið fyrir tíu árum. Allar sendingar eru langar og liðið reynir að verjast með alla menn fyrir aftan boltann og einn framherja,“ sagði Gattuso.

„United er með mun tekniskari leikmenn. Þeir eru fljóttir og geta gert eitthvað þegar þeir fá boltann. Liverpool hefur ekki slíka leikmenn í sínum röðum.“

Hann segir enn fremur að úrslitaleikurinn nú verði öðruvísi en sá fyrir tveimur árum þegar liðin mættust af sama tilefni í Ístanbul. Þar vann Liverpool í vítaspyrnukeppni eftir að framlengdum leik lauk með 3-3 jafntefli.

„Ég lofa því að þessi úrslitaleikur verði öðruvísi. Það er mikilvægt að leiðrétta það sem miður fór þá.“

Steven Gerrard, fyrirlíði Liverpool, viðurkenndi að það hefði komið honum á óvart að AC Milan skyldi komast í úrslitin en ekki Manchester United.

„Ég er sannfærður um að við



GATTUSO OG GERRARD Mætast hér í úrslitaleiknum fræga í Ístanbul fyrir tveimur árum. NORDIC PHOTOS/GETTY

getum farið til Aþenu og komið með bikarinn aftur heim. Milan er þó með frábært lið og við vitum að leikurinn verður afar erfiður. Við þurfum að sýna okkar besta leik. Ég hélt að Liverpool og Manchester United myndu mætast í úrslitunum en leikmenn Milan eiga hrós skilið þar sem þeir voru frábærir í leiknum og unnu hann verðskuldað.“ - esá

Útilegu maðurinn®

Ný ævintýraleig verslun með allt til ferðalagsins

Við bjóðum frá geymslu veturinn 2007-08 fyrir öll seld hjólhýsi og fellihýsi.



Polar

Hlaðið aukabúnaði

Polar

Breiðustu og best einangruðu húsin á markaðnum. Sænsk og sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.

Ríkulegur staðalbúnaður, svo sem sjónvarp, DVD/CD, örbylgjuofn, ísskápur með frysti, bakkskynjari, 110 Watta sólarrafhlaða og Alde hitakerfi í gólfi og rúðum.

Verð frá: 2.799.000 kr.



Hlaðið aukabúnaði

Rockwood

Sterkbyggðu fellihýsin sem reynst hafa frábærlega á Íslandi.

Ríkulegur staðalbúnaður, svo sem Swing eldhús, ísskápur, rafm.viðta, álfelgur, geislaspilari, rafmagnslyftibúnaður, upphitaðar dýnur og hljólát miðstöð.

Verð frá 1.299.000 kr.



Corsican

PDQ fortjöldin pakkast í poka í rennu utan á vagninum. Fljótlegt að tjalda.

Fortjöld

Fyrir fellihýsi
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 2,5 m: 59.900 kr.
PDQ 2,9 m: 79.900 kr.

Fyrir hjólhýsi
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 3,5 m: 69.900 kr.
Corsican: Verð frá 109.900 kr.

Fylgihlutir

Stútfull búð af frábærum fylgihlutum fyrir ferðalagið.



Útilegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útfatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið.

Fossháls 5-7 | Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is
Opíð laugardag 10-17 og sunnudag 12-16



Útilegu maðurinn®



FYRSTI TITILLINN Margrét Lára og félagar í Val eru búnar að vinna fyrsta titil sumarsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Deildabíkar kvenna:

Valur vann KR

FÓTBOLTI Valur er deildameistari kvenna í fótbolta í þriðja sinn eftir 2-1 sigur á KR í úrslitaleik í Egilshöllinni í gær.

Margrét Lára Viðarsdóttir kom Val yfir eftir 25. mínútu og Nína Ósk Kristinsdóttir bætti síðan við öðru marki tólf mínútum eftir hálfleik. Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir minnkaði muninn átta mínútum síðar en nær komust KR-konur ekki.

Valur vann alla sjö leiki sína í keppninni og Margrét Lára varð langmarkahæst með 17 mörk í 7 leikjum.

- óóó



RIGNING Það voru ekki glæsilegar aðstæður í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Birgir Leifur Hafþórsson:

Kláraði bara fimm holur

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukyflingur í GKG, náði bara að klára fimm holur á öðrum hring á opna Ítalíumótinu í golfi í Mílanó í gær.

Það varð að gera níu klukkutíma hlé á keppninni vegna veðurs en það er búið að rigna mikið á Ítalíu síðustu daga. Af þeim sökum náði Birgir Leifur aðeins að spila fimm holur áður en keppni var frestað vegna myrkurs.

Birgir Leifur lék allar holurnar á pari og er því áfram fimm höggum undir pari. Birgir Leifur er í 19. sæti en var í 14. sæti þegar keppnin hófst í gær.

- óóó

Alltof stórt tap hjá strákunum í gær

Íslenska 17 ára landsliðið tapaði 0-3 fyrir Hollandi í öðrum leik sínum í úrslitakeppni EM í Belgíu. Ísland kemst ekki í undanúrslitin en sigur á Belgum í lokaleiknum kemur liðinu í leik um 5. sætið og um leið sæti á HM í Suður-Kóreu. Lúkas Kostic var ánægður með leik liðsins en dapur yfir úrslitunum.

FÓTBOLTI Íslenska 17 ára landsliðið er enn stigalaust og markalaust eftir fyrstu tvo leikina í úrslitakeppni stórmóts.

Íslensku strákarnir töpuðu 0-3 fyrir Hollandi í gær eftir 0-2 tap fyrir Englendingum í fyrsta leiknum. Íslensku strákarnir léku betur en gegn Englandi og því var sárt að tapa leiknum svona stórt. „Strákarnir spiluðu mun betur en í fyrsta leiknum og tapið var alltof stórt. Þeir áttu kannski skilið að vinna okkur en aldrei meira en 1-0. Þeir voru að skora skritin mörk og sköpuðu sér ekki eitt einasta dauðafæri í leiknum,“ sagði Lúkas Kostic, þjálfari íslenska liðsins, eftir leikinn.

„Liðið er mjög vaxandi og ég geta ekki verið annað en ánægður með frammistöðuna þó að ég sé dapur yfir því að hafa tapað þessum leik með þremur mörkum. Strákarnir voru að gera þetta vel, þeir lásu vel í þennan mikla hraða sem er í þessum leikjum og náðu að svara hollenska liðinu bæði í sókn og vörn,“ sagði Lúkas.

Daley Blind skoraði tvö fyrstu mörk hollenska liðsins í leiknum með þrumuskotum en hann hefur nýverið gert atvinnumannasamning við Ajax. Blind fetar þar í fótspor föður síns Danny sem lék með Ajax í þrettán ár og alls 42 landsleiki fyrir Holland. Blind lék ekki fyrsta leikinn þar sem hann var í leikbanni.

Íslensku strákarnir brutu alls 31 sinni af sér og fengu alls að líta sex gul spjöld hjá norður-írsku



GÁFU ALLT SITT Kristinn Jónsson hughreystir hér féлага sinn, Hólmur Örn Eyjólfsson, eftir leikinn við Holland í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

dómaranum Alan Black. Íslensku strákarnir voru spjaldalausir í fyrsta leiknum þannig að enginn er kominn í leikbann fyrir þriðja leikinn.

„Dómari leiksins dæmdi örugglega yfir 50 aukaspyrnur í leiknum og meira að segja hollensku áhorfendurnir þúðu á hann. Það var út í hött að við vorum að fá sex gul spjöld í þessum leik,“ sagði Lúkas.

Kolbeinn Sigþórsson lék sinn fyrsta leik á mótinu og kláraði hann þrátt fyrir að hafa fundið

aðeins fyrir meiðslunum í seinni hálfleik.

„Kolbeinn var öflugari og öflugari eftir því sem leið á leikinn. Hann átti þrumuskot undir lokin sem markvörðurinn rétt náði að verja. Það var kannski flottasta skotið í leiknum en fór ekki inn. Hann spilaði mjög vel og vann öll skallanávigi. Hann var mjög flottur og það er klassi yfir drengnum,“ sagði Lúkas um Kolbein.

„Ég lagði áherslu á að strákarnir myndu læra að spila betri knattspyrnu á þessu móti. Þeir eru búnir að sýna framfarir en ég set aldrei kröfur á þá að við eigum að vinna leikina. Ég myndi verða hamingjusamasti maðurinn í heiminum ef strákarnir myndu vinna Belgíu og komast til Kóreu. Þá verðum við allir svakalega glaðir,“ sagði Lúkas. Ísland mætir Belgíu í lokumferð riðlakeppninnar á mánudaginn og þarf að sigra til að komast í leikinn um 5. sætið á mótinu. Sigurvegarinn í þeim leik tryggir sér sæti á HM í Suður-Kóreu í ágúst og september. Ísland á ekki lengur möguleika á að komast í undanúrslitin eftir þessi tvö töp.

ooj@frettabladid.is



SKRÍTIN MÖRK Hollendingar höfðu heppnina með sér í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC



DAPUR Lúkas Kostic sagði tapið hafa verið alltof stórt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

Menntun er grundvöllur að sókn okkar til betri líf skjara

Fjöldi háskólanema hefur meira en tvöfaldast á síðustu 10 árum og háskólum hefur fjölgað úr þremur í átta.

Ungt fólk hefur aldrei haft fleiri og fjölbreyttari tækifæri til menntunar.

Nýir tímar - á traustum grunni

xd.is



XD

SJÁLSTÆDISFLOKKURINN

Búðakórsdagur!

Við bjóðum ykkur velkomin í nýjan verslunarkjarna að Búðakór 1. Spennandi tilboð og grillpartí.



Grillpartí í dag, þér er boðið milli klukkan 14:00 - 17:00



Samkaup/Strax

býður uppá:

	afsl.
SS Nautakótilettur pr. kg	1298 35%
SS Reykt. Grísakótilettur	1090 35%
Egils Pepsi 2L	99
Coca Cola Zero 2L	99
Vatnsmelónur	199
Græn vínber	299

Kökumeistarinn

býður uppá:

35% afslátt af
Bountytertunni vinsælu.
Verð aðeins **1.460 kr**
verð áður 2.250 kr., gildir 4-5 maí'07

Gallerí Kjöt og Fiskisaga

bjóða gestum að
smakka ljúffengan
grillmat að hætti
matreiðslumeistara

Atlantsolía

býður uppá:

2ja króna afslátt af
hverjum bensínlítra
í allan dag!

Samkaup

strax

KÖKUMEISTARINN



Í kjöti erum við bestir



Ævintýrlegar fiskbúðir



> Martin Sheen

Martin heitir í raun Ramón Gerardo Antonio Estévez og er hálf spænskur. Hann ólst upp í Ohio ásamt níu systkinum og ákvað snemma að gerast leikari. Faðir hans var afar mótfallinn áformum sonar síns og sá hann fyrst leika eftir að Martin var orðin Hollywood-stjarna. Martin hefur túlkað þrjá forseta Bandaríkjanna, meðal annars Josiah Bartlett í Vestur-álmunni í Sjónvarpinu kl. 18.10.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ JARPRÚÐUR KARLSDÓTTIR ER MISVIRKUR FRÉTTAFÍKILL

Spegill, Spegill, herm þú mér

Ég hef alltaf verið fréttafíkill. Sex ára gömul sat ég spennt fyrir framan tækið og horfði á heimsfréttirnar og fékk skýringar á flóknum orðum og hugtökum frá pabba mínum. Sjálf sagt lítaðar af stjórnmálaskoðunum hans. „Pabbi, hvað er kommúnisti?“ gefur auðvitað færi á mjög mismunandi útskýringum.

Fyrir nokkrum árum gerðist sá stórmerkilegi atburður, að minnsta kosti á íslenskan mælikvarða, að ég var sjónvarpslaus í nokkra mánuði. Sjónvarpið flutti út með fyrverandi kærasta og einhverja hluta vegna stóð ég ekkert í því að hafa upp á öðru slíku. Ég sá engar fréttir í nokkra mánuði og vissi lítið hvað var að gerast í umheiminum.

Eftir þessa reynslu á ég orðið mjög erfitt með að horfa á fréttir. Mér finnst vandræðalegt að horfa á fréttafólkið skipta stöðugt um svip eftir umfjöllunarefnum og skil illa hvernig

barnaklám, stríðsátök og skortur á sjúkrarúmum passar allt saman. Þetta er vissulega allt frétnæmt en þetta knappa form, þar sem ein fréttin rekur aðra án nokkurrar umfjöllunar um orsök og afleiðingu, gerir orðið lítið annað en að fá mig til að klóra mér í höfðinu. Mér finnst ég vita minna en ekki meira eftir fréttatímum.

Blessunarlega gerðist það á svipuðum tíma og ég gafst upp á sjónvarpsfréttunum að ég uppgötvaði útvarpsþáttinn Spegillinn. Klukkan hálf sjö á hverju kvöldi eru ýtarlegar fréttaskýringar og áhugaverð viðtöl við fólk sem tengist því sem ber hæst á baugi hverju sinni. Þar er ekki bara sagt frá því sem er að gerast heldur líka spurt af hverju. Mér finnst það voða gott.



EKKI MISSA AF



▶ **23.15 Samkoman** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.15 How I Met Your Mother** STÖÐ 2



▶ **20.00 Spider-Man 2** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05 Joan of Arcadia 1** SÍRKUS



▶ **03.45 MotoGP** SKJÁREINN



08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Fyndin og furðuleg dýr 08.06 Litil prinsessa 08.17 Halli og risaæðlufatan 08.29 Músa-hús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.18 Tígurinn Karrí 09.25 Matta fósra og ímynduðu vinir hennar 09.47 Heimskautalíf 10.12 Stundin okkar

10.40 Kastljós e.

11.30 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007 (4:4)

12.30 Tannálfurinn (Tooth)

14.00 Alþingiskosningar 2007 - Kjörðæmin (5:6)

15.00 Deildabíkar í handbolta Beint

16.25 Deildabíkar í handbolta Bein

17.10 Tákn málsfréttir

17.20 Deildabíkar í handbolta Beint

18.10 Vesturálmán (13:22)

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.40 Fjölskylda mín (1:7) (My Family)

20.15 Tímablakk (1:13) (Doctor Who)

21.05 Múmían snýr aftur (The Mummy Returns) Bandarísk ævintýramynd frá 2001. Meðal leikenda eru Brendan Fraser, Rachel Weisz og John Hannah.

▶ **23.15 Samkoman** (The Gathering) Bandarísk bíómynd frá 2002. Meðal leikenda eru Christina Ricci, Ioan Gruffudd. Atríði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

00.40 Beinásafnarinn (The Bone Collector) e.

02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BIÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Along Came Polly

08.00 New York Minute

10.00 Taxi

12.00 Spider-Man 2

14.05 Along Came Polly

16.00 New York Minute

18.00 Taxi

▶ **20.00 Spider-Man 2** Í þessari framhaldsmynd þarf hin rauðklædda hetja að glíma við ilmennið Kolkrabba. Aðalhlutverk: Alfred Molina, Kirsten Dunst, Tobey Maguire.

22.05 Cinderella Man

00.25 Picture Claire

02.00 The List

04.00 Cinderella Man



07.00 Ruff's Patch 07.10 Töfravagninn 07.35 Barney 08.00 Grallararnir 08.40 Kallí kanína og félagar 09.35 Bratz 09.55 A.T.O.M.

10.20 Cheaper by the Dozen

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Bold and the Beautiful

14.10 Leitinn að strákunum (3:9)

15.00 Todmobile og Sínfó

16.05 The New Adventures of Old Chr (9:13)

16.35 Ítaliuævintýri Jamie Olivers (1:6)

17.05 Sjálfstætt fólk

17.40 60 mínútur

18.30 Fréttir

19.00 Íþróttir og veður

19.05 Lottó

▶ **19.15 How I Met Your Mother** (8:22) Önnur sería þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta fjallar um ungt fólk á þritugsaldri sem nýtur tilhugalfísins til hins ýtrasta en er samt farið að fluga hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn. (8:22) Gengið skellir sér til Las Vegas þegar tvennt úr hópnum ákveður að gifta sig í flyti.

19.40 Joey (14:22) Bandarískir gamanþættir um skrautleg ævintýri og frambrótt Joeys Tribbiani í Hollywood. Flestir þekkja Joey sem einn af Vinunum traustu en eftir að leiðir þeirra skildu ákvað Joey að freista gæfunnar og flytja til bíoborgarinnar.

20.05 Stelpurnar (18:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum sem tvisvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni.

20.30 Elizabethtown Romantísk gamanmynd með þeim Orlando Bloom og Kirsten Dunst í aðalhlutverkum. Drew er á barmi sjálfsmorðs eftir að hafa valdið gifurlegu fjárhagslegu tjóni í fyrirtæki sínu en líf hans breytist til hins betra þegar hann kynnist lífs-glaðri flugfreyju.

22.35 Monsieur N (Herra N) Dramatísk kvikmynd um síðustu daga Napoleons á St. Helenu og þá dulúð sem umlukt dauðadag hans. Aðalhlutverk: Richard E. Grant, Philippe Torreton, Jay Rodan. Leikstjóri: Antoine de Caunes. 2003. Lítið hrædd.

00.40 The Perez Family (e)

02.30 The Fighting Temptations

04.30 Down Periscope (e)

06.00 Fréttir

06.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SÍRKUS TV

17.15 Trading Spouses (e)

18.00 Bestu Strákarnir Strákarnir Auði, Sveppi, Pétur Jóhann og meðreiðarsveinar þeirra Hugi, Atli og Gunni tóku upp á ýmsu í vikunni. Í þessum þætti eru rífuð upp mörg ógleymanleg atriði en af nógu var að taka.

18.30 Fréttir

19.10 American Inventor

▶ **20.05 Joan of Arcadia 1**

21.00 Live From Abbey Road

22.00 Leitinn að strákunum (3:9) Eins og nafnið gefur til kynna gengur Leitinn að strákunum út á að finna sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar og það verða hinir einu sönnu Strákar sem koma til með að stjórna leitinni og velja þá efnilegustu. 10 þáttakendur urðu fyrir valinu eftir áhæmarprufur og munu Strákarnir leggja fyrir þá hinar ótrúlegustu þrautir og áskoranir, sem allir ættu að þekkja úr gömlu góðu Stráka- og 70 mínútna þáttunum. Strákarnir þurfa síðan að dæma um það hverjir standa sig best og hverjir falla úr keppni. Keppendumir tyna töl-einn einn af öðrum, einn í hverjum þætti, þar til þeir standa eftir sem sigurvegarar í Leitinni og fá að launum sinn eigin sjónvarpsþátt á Sirkus.

22.45 Beach Girls

23.35 Gene Simmons. Family Jewels

00.00 Supernatural (12:22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.

00.45 Dr. Vegas (e)

01.30 Joan of Arcadia 1

02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttavikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

10.20 Vörutorg

11.20 Rachael Ray (e)

15.05 Top Gear (e)

16.00 Psych (e)

16.50 World's Most Amazing Videos (e)

17.40 Fyrstu skrefin (e)

18.10 Survivor. Fiji (e)

19.10 Game tívi (e)

19.40 Everybody Hates Chris (e)

20.10 World's Most Amazing Videos (7:26)

21.00 Stargate SG-1 - NÝTT Afar vandadír þættir byggðir á samnefndri kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sersveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu „stjörnuhlíð“ sem opn- aði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum.

21.50 The Dead Zone (4:12) Johnny Smith sér ýmslegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun.

22.40 Hack (7:18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse, á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekin úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri. Fljótlega kemst hann að raun um að starf leigubílstjórans er ekki síður erilsamt en lögreglumannsins og gráu svæðin fullt eins mörg. Og eftir sem áður dansar hann á línunni.

23.30 Dexter (e)

00.20 Kidnapped (e)

01.10 House (e)

02.00 Jay Leno (e)

02.45 Vörutorg

▶ **03.45 MotoGP** – bein útsending

SKJÁR SPORT

10.50 Upphitun (e)

11.15 Man. City - Man. Utd. (beint)

13.35 Á vellinum með Snorra Má

13.50 West Ham - Bolton (beint)

15.50 Á vellinum með Snorra Má

16.05 Aston Villa - Sheff. Utd. (beint)

18.30 Wigan- Middlesbrough (frá í dag)

20.30 West Ham - Bolton (frá í dag)

22.30 Newcastle - Blackburn (frá í dag)

00.30 Fulham - Liverpool (frá í dag)

02.00 Dagskrárlök



Stórsýning

5. maí laugardag 11-18



Smáralind

6. maí sunnudag 13-18



Tilboð á veiðivörum Kastsvæði Skotsvæði Veiðiferðir Spennandi fyrirlestrar

Bjarnarhaus uppstoppaður á staðnum Veiðibílar Veiðifórhjól Veiðihappadrætti

I. Vinningur „Veiði í Laxá á Ásum“

Frítt fyrir yngri en 14 ára í fylgd með fullorðunum ... annars kr. 1000, kr. 850 öryrkjar og ellilífeyrisþegar

... stimpill gildir alla helgina ...

ÓMISSANDI FYRIR ALLA VEIÐIMENN



Í KVÖLD

SÝN KL. 01.00

Box

Bein útsending frá bardaga ársins, á milli stórstjarnaanna Oscar De La Hoya og Floyd Mayweather. Þeir berjast um heimsmeistaratítilinn í millþungavigt en De La Hoya hefur títil að verja. De La Hoya er spennur en hann segist hafa samþykkt bardagann vegna þess að hann vilji ávallt berjast við þá bestu og Mayweather er talinn sá besti í heiminum. Þetta er tvö stærstu nöfnin í boxheiminum í dag og verður þetta því einn stærsti viðburður í sögu íþróttarinnar. Íþróttáhugamenn mega alls ekki missa af því þegar „gulldrengrinn“ mætir „sæta stráknum“ í beinni útsendingu á hnefaleikastöðinni Sýn.



► Við mælum með **Tímaflakk Sjónvarpið kl. 20.15**

Bresk þáttaröð um ævintýri tímaflakka sem keppast við að bjarga mannkyninu frá aðsteðjandi ógnum. Þetta er sú vísindaskáldskaparsería sem lengst hefur lifað í sjónvarpi en hún var sýnd í Bretlandi á árunum 1963 til 1989, sjónvarpsmynd var gerð með söguhetjunum árið 1996 og árið 2005 var síðan framleidd þessi sýra sem Sjónvarpið sýnir nú.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Laugardagur til lukku
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Músik að morgni dags
- 09.03 Út um græna grundu
- 10.15 Krossgötur
- 11.00 Vikulokin
- 12.00 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 13.00 Laugardagsþátturinn
- 14.00 Til allra átta
- 14.40 Dostojevskí
- 15.30 Með laugardagskaffinu
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Orð skulu standa
- 17.05 Fimm fjórðu
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Auglýsingar
- 18.26 Laumuspil
- 18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Kríngum kvöldið
- 19.30 Stefnumót
- 20.10 Íslensk þjóðmenning - Þjóðleg menning og alþjóðlegir straumar
- 21.05 Pipar og salt
- 21.55 Orð kvöldsins
- 22.15 Flakk
- 23.10 Danslög
- 00.10 Útlarpáð á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SÝN

- 08.50 PGA Tour 2007 - Highlights (EDS Byron Nelson Championship)
- 09.45 Það helsta í PGA mótariðinni
- 10.10 Pro bull riding (Albuquerque, NM - Ty Murray Invitational) Nautareid er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar keppast menn við að halda sér á baki nauts eins lengi og þeir geta að hætti kúreka.
- 11.05 World Supercross GP 2006-2007 (Qwest Field)
- 12.00 NBA 2006/2007 - Regular Season (NBA 2006/2007 - Playoff games)
- 14.00 Meistaradeild Evrópu (Liverpool - Chelsea)
- 15.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 16.50 Meistaradeild Evrópu fréttabáttur
- 17.20 Spænski boltinn - upphitun
- 17.50 Spænski boltinn
- 19.50 Spænski boltinn
- 21.50 Íslandsmótið í hnefaleikum 2007

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignimar á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

- 6.50 Frikvarter 7.15 Australiens Perle 7.35 Yu-Gi-Oh! 8.05 Trolspejlet 8.35 Lovens vogtere 9.00 Børneblæksprutten 9.15 Ungdomsprogram 9.30 Viften 10.00 TV Avisen 10.10 Poul Martinsen kavalkade 10.55 Nationen 11.15 Kløvedal i Indonesien 12.15 Dig og mig 12.45 Før melodi grand prix 13.45 Den skønne Helena af Troja 15.10 Før søndagen 15.20 Held og Lotto 15.30 Kaj og Andrea 16.00 De store katte 16.30 TV Avisen med vejret 16.55 SportNyt 17.30 Når tomatfrøen er på frøerfodder 18.00 Matador 19.25 Agatha Christie 21.00 Conviction 21.45 Molly 5.30 Gurli Gris 5.35 Zoe Kezako 5.50 Troldein

NK1

- 6.00 Mikkes klubbhus 6.40 Skrimmel Skrammel 7.30 Kámi og Bømi 8.00 Mánáid-TV - Samisk barn-tv 8.15 Dunder 8.45 Fabrikken 9.15 Frokost-tv 10.15 Creature Comforts: hvordan har vi det? 10.25 Hjarte i Afrika 11.10 Det multinasjonale selskap 12.10 VM ishockey 2007 15.00 Adresse Helsingfors 16.00 Skrimmel Skrammel 16.25 En gul en og en grønn en 16.30 Amigo 17.00 Lördagsrevyen 17.45 Lotto-trekning 17.55 'Allo, 'Allo! 18.30 "Jeg vet en vind" - Erik Byes viser fra sjøen 19.30 Med hjartet på rette staden 20.15 Fakta på lørdag: Haute coutures indre sirkel 21.15 Kveldsnytt 21.30 The Long Kiss Goodnight 5.30 Stå opp! 5.31 Den lille røde traktoren 5.40 Lisa 5.50 Teddy og Annie 6.00 Kalle og Molo

SVT 1

- 6.00 Bolibompa hálsar þá 6.01 Meckar-Micke 6.15 Dagens visa 6.20 Zoé Kézako 6.35 I Mumindalen 7.00 Karamelli 7.30 Sagotrædet 7.45 Klister 8.00 Amigo 8.25 Hjámkontoret 9.00 Vædrets makter 9.30 Saras kök 10.00 Hundkoll 10.30 Uppdrag Granskning 11.30 Anslagstavlan 11.35 SM-final í handboll 16.00 Disneydags 17.00 Bröderna Lejonhjärta 17.25 Wallace & Gromit: Magnifika máckapärer 17.30 Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Stína! 19.00 Brottskod: Försvunnen 19.45 Stuart Sutcliffe - den femte Beatlen 20.45 Rapport 20.50 Christian Dior - mannen bakom myten 21.45 Rounders - sista spelet 23.45 Sändningar från SVT24 6.00 Bolibompa



Saab 93



Ertu ekki örugglega í þotuliðinu?

Það er klassi yfir Saab 9-3 ARC bílunum, enda á Saab sér áratugalanga sögu sem einn stílhreinasti og öruggasti bíll sem völ er á. Saab 9-3 er margverðlaunaður bíll þar sem öryggi og múkt í akstri eru í fyrirrúmi. Stórkostleg hönnun, öflug vél og ríkulegur staðalbúnaður gera Saab 9-3 að góðum kosti fyrir þá sem gera miklar kröfur!

Komdu og reynsluaktu, finndu muninn!



3.590.000 kr.

Saab 9-3 ARC

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opíó: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 7940	Höfn í Hornafirði 478 1990
	Njardvík 421 8808	Reyðarfirði 474 1453

PERSÓNAN



Grétar Baldursson

Aldur: 57 ára.

Starf: Eigandi Kós-leðurvara.

Fjölskylda: Kvæntur Kristínu Ellý Egilsdóttur verslunarstjóra, þrjú börn.

Foreldrar: Baldur Einarsson vörubílstjóri og Sigríður M. Guðmundsdóttir húsmóðir, bæði látnir.

Búseta: Háaleitisbraut í Reykjavík.

Stjórnumerkir: Tvíburi.

Grétar Baldursson hannaði og saumaði leðurfatnað Eiríks Haukssonar fyrir Eurovision-keppnina.

Arna í aðstoðarritstjóraalimbói

„Aldrei hefur staðið annað til en borga blaðamönnum Krónikunnar uppsagnarfrest þann sem þeir eiga inni. Þetta er því alger misskilningur hjá þeim Mannlífsmönnum,“ segir Sigríður Dögg Auðunsdóttir, aðstoðarritstjóri DV og fyrrum ritstjóri tímaritsins Krónikunnar.

Sigríður Dögg íhugar nú í fullri alvöru að kæra Mannlífsmenn til síðanefndar Blaðamannafélags Íslands (BÍ). Á vef

tímaritsins, undir þætti sem nefnist Orðrómur, birtist í gær moli þess efnis að fyrrum blaðamenn Krónikunnar hygðust beita BÍ fyrir sig til að sækja rétt sinn hvað varðar ógreiddan uppsagnarfrest. Allt er þetta mál hið snúasta því formaður BÍ er Arna Schram sem jafnframt er fyrrum aðstoðarritstjóri Krónikunnar.

ARNA SCHRAM
Tekur væntanlega við kærnu um skrif sem hverfast um hana sjálfa.



ar. Og þannig ein þeirra sem ætlar samkvæmt molanum að sækja rétt sinn í gegnum félagið. Og til að flækja málin enn, ef Sigríður Dögg kærir, þá tekur við kærinni Arna, en kærnan varðar skrif sem hverfast um hana sjálfa.

Aðstoðarritstjóri Mannlífs er Þórarinn Þórarinsson: „Klausan er ekki áfelligsdómur yfir einum né neinum. Aðeins verið að greina frá væringum sem við höfum traustar heimildir fyrir. Síðan má deila um orðalag og

framsetningu og sjálfsagt að telji fólk á sér brotið að það leiti til síðanefndar. Til þess er hún. En rétt er að vekja athygli á stigsmuni á molum sem þessum og svo stöðluðum fréttum.“ -jbg

ÞÓRARINN

Stigsmunur er á molum sem flokkast undir orðróm og stöðluðum fréttum.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. plat, 6. frú, 8. ferð, 9. eyða, 11. leita að, 12. flatfótur, 14. karlmannsnafn, 16. skóli, 17. fæða, 18. for, 20. tveir eins, 21. andvari.

LÓÐRÉTT 1. ofstopi, 3. frá, 4. pakki, 5. hrökk við, 7. stílltur, 10. flýtir, 13. sveigur, 15. svall, 16. starfsgrein, 19. slá.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. ofsi, 3. af, 4. böggull, 5. ala, 18. aur, 20. ll, 21. græð.

LÁRÉTT: 2. gabb, 6. fr, 8. for, 9. sða, 11. gá, 12. íslig, 14. eioður, 16. f, 17.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- Lucia Celeste Molina Sierra.
- Svavar Örn Svavarsson.
- Einar Árni Jóhannsson.

Akureyri

LR-Henning heilsu og megrunarkúrinn hefur slegið í gegn í Skandinavíu. Verðum á Akureyri í dag og á sunnudag

Upplýsingar í síma 662-5599



„Sko, það er með allt þetta Idol og ógeð. Í öllu þessu hverfa textarnir einhvern veginn. Verða að sösu og skipta engu máli. svo fyrir tilviljun, heyrir maður gamla Bjartmarsstöfíð...“ segir Erpur Eyvindarson rappari með meiru.

Erpur er einn talsmanna nýstofnaðra samtaka – Bjartmars-klúbbsins – sem er í raun aðdáendaklúbbur tónlistarmannsins Bjartmars Guðlaugssonar.

Að sögn Erps eru eintómir toppmenn í þessu félagi og nefnir að handahófi Helga Seljan sjónvarpsmann, Andra Frey Viðarsson útvarpsmann, Þröst Heiðar Jónsson bassafant úr Mínus og Gústa Pink.

„Hvað heitir Gústi Pink? Hann heitir bara Gústi Pink. Við höfum það þannig. Síðan er fullt af gaurum úr Mosfellsdalnum. Heil herdeild þar.“

Bjartmarsklúbburinn vill hefja tónlistarmanninn Bjartmar til vegs og virðingar. Helgi Seljan segir Bjartmar hafa staðið á hátindi frægðar sinnar þegar þeir voru að komast til tónlistarlegs þroska.

„Við ólumst upp við þessa tónlist.



BJARTMAR GUÐLAUGSSON Er að sögn Erps búinn að rokka með sömu Lionel Richie hárgreiðsluna síðan í Vietnamstríðinu.

Svo var Bjartmar bara þurrkaður út úr íslenski tónlistarsögu. Mjög ómaklega. Okkur finnst hann í það minnsta ekki hafa fengið að njóta sanmmælis.“

Klúbburinn er nýstofnaður. Haldnir hafa verið nokkrir undirbúningsfundir og er ýmislegt á þrjónunum. Til dæmis er von á Bjartmari á mölina, en hann er búsettur á Eiðum fyrir austan, og mun hann þá afhenda klúbbmeðlimum

áritað eintak af plötunni í fylgd með fullorðnum sem til stendur að endurútgefa.

„Svaðaleg plata. Við í klúbbnum fáum fyrstu eintökin árituð. Það er náttúrlega öfgavel unnið,“ segir Erpur og upplýsir að drengur í þeirra röðum hafi hringt í Bjartmar reglulega og tilkynnt honum um hvað sé í deiglunni. Og er Bjartmar að sögn ánægður með þróun mála. Fréttablaðið náði hins vegar ekki í Bjartmar sem mun vera þessa dagana að jafna sig eftir aðgerð en er á góðum batavegi.

„Bjartmar er alvöru „kíp it ríl“ gæi. Hann er bara úti í sveit að spila á gítar. Mála og góður á því. Þú veist hvað ég er að meina?“ útskýrir rapparinn Erpur. Og heldur áfram:

„Bjartmar er enginn lobbíasti að troða sér í dómnafnd í idol. Honum er fokk sama enda búinn að rokka með sömu Lionel Richie hárgreiðsluna síðan í Vietnamstríðinu. Og ef það er ekki steitment ... Hann hefur rúllað í gegnum ótal mörg tiskutímabil án þess að breyta hárgreiðslunni neitt. Það gerir hann að klassík.“

jakob@frettabladid.is

ERPUR EYVINDARSON: BJARTMAR ER ALVÖRU „KÍP IT RÍL“ GÆI

Bjartmarsklúbburinn telur bara toppmenn

Er skipaður þjóðþekktum eintaklingum sem eru miklir aðdáendur Bjartmars.

Erpur er einn talsmanna nýstofnaðra samtaka – Bjartmars-klúbbsins – sem er í raun aðdáendaklúbbur tónlistarmannsins Bjartmars Guðlaugssonar.

Að sögn Erps eru eintómir toppmenn í þessu félagi og nefnir að handahófi Helga Seljan sjónvarpsmann, Andra Frey Viðarsson útvarpsmann, Þröst Heiðar Jónsson bassafant úr Mínus og Gústa Pink.

„Hvað heitir Gústi Pink? Hann heitir bara Gústi Pink. Við höfum það þannig. Síðan er fullt af gaurum úr Mosfellsdalnum. Heil herdeild þar.“

Bjartmarsklúbburinn vill hefja tónlistarmanninn Bjartmar til vegs og virðingar. Helgi Seljan segir Bjartmar hafa staðið á hátindi frægðar sinnar þegar þeir voru að komast til tónlistarlegs þroska.

„Við ólumst upp við þessa tónlist.



BJARTMAR GUÐLAUGSSON Er að sögn Erps búinn að rokka með sömu Lionel Richie hárgreiðsluna síðan í Vietnamstríðinu.

Svo var Bjartmar bara þurrkaður út úr íslenski tónlistarsögu. Mjög ómaklega. Okkur finnst hann í það minnsta ekki hafa fengið að njóta sanmmælis.“

Klúbburinn er nýstofnaður. Haldnir hafa verið nokkrir undirbúningsfundir og er ýmislegt á þrjónunum. Til dæmis er von á Bjartmari á mölina, en hann er búsettur á Eiðum fyrir austan, og mun hann þá afhenda klúbbmeðlimum

áritað eintak af plötunni í fylgd með fullorðnum sem til stendur að endurútgefa.

„Svaðaleg plata. Við í klúbbnum fáum fyrstu eintökin árituð. Það er náttúrlega öfgavel unnið,“ segir Erpur og upplýsir að drengur í þeirra röðum hafi hringt í Bjartmar reglulega og tilkynnt honum um hvað sé í deiglunni. Og er Bjartmar að sögn ánægður með þróun mála. Fréttablaðið náði hins vegar ekki í Bjartmar sem mun vera þessa dagana að jafna sig eftir aðgerð en er á góðum batavegi.

„Bjartmar er alvöru „kíp it ríl“ gæi. Hann er bara úti í sveit að spila á gítar. Mála og góður á því. Þú veist hvað ég er að meina?“ útskýrir rapparinn Erpur. Og heldur áfram:

„Bjartmar er enginn lobbíasti að troða sér í dómnafnd í idol. Honum er fokk sama enda búinn að rokka með sömu Lionel Richie hárgreiðsluna síðan í Vietnamstríðinu. Og ef það er ekki steitment ... Hann hefur rúllað í gegnum ótal mörg tiskutímabil án þess að breyta hárgreiðslunni neitt. Það gerir hann að klassík.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Krossinn, sem **Garðar Thor** bar á rauða dreglinum á Classical Brit Awards, hefur vakið óskipta athygli enda fáheyrð að Íslendingur skuli bera djásn af þessu tagi. Eins og kom fram í Fréttablaðinu greiddi forsetafrúin **Dorrit Moussaieff** fyrir því að Garðar gæti fengið gripina lánaða. Einar Bárðarson lýsti því síðan yfir við Fréttablaðið að þetta væri verndartákn Moussaieff-ættarinnar og því voru þeir ófáir sem töldu Garðar vera í hópi útvalins hóps sem hefði fengið að skryðast þessum gripi.

Garðar og umboðsmaður hans, **Einar Bárðarson**, fóru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins saman í eina af verslunum Moussaieff-fjölskyldunnar sem er á Hilton-hótelinu á Park Lane í miðborg Lundúna. Og völdu það sem þeir töldu að færi tenórnum

best. Varð „krossinn“ góði og Monster-úr fyrir valinu en vafalítið hefur þá félagi ekki grunað að þetta myndi vekja svona mikla athygli. Enda

fræga fólkíð á hverju stráti þetta kvöld. Sting og Paul McCartney þeirra á meðal.

Óhætt er síðan hægt að segja að Garðar Thor Cortes hafi stolið senunni á Classical Brit-verðlaununum. Öll helstu blöð Bretlands fjölluðu um þessa uppskeruhátíð og var alls staðar minnst á þetta íburðarmikla glingur sem Garðar bar. Meira að segja Katherine Jenkins, sem Garðar Thor hefur sungið með bæði hér heima og erlendis, státaði ekki af jafn áberandi skrauti og íslenski tenórinn. Og voru velflest þresku blöðin sammála um að Jenkins og Cortes hefðu átt sviðið og því skotið inn að hertogynjan af Cornwall, **Camilla Parker Bowles**, hafi staðið í skugganum á óperusöngvurunum.

Og hefur nú yfirleitt hringlað í skartgripum hirðarinnar svo eftir því sé tekið. -fgg



LEGGUR MYSFACE UNDIR SIG Eiríkur Hauksson notar netið grimmt.

SUMARTILBOÐ

Íbúðir á Benidorm til leigu á ótrúlegu verði. Í maí og júní bjóðum við glæsilegar íbúðir til leigu á einum besta stað á Benidorm.

Hver íbúð hefur svefnpláss fyrir fjóra. Vikuverð í maí aðeins 27.000 kr, í júní 30.000 kr.

Upplýsingar og bókanir hjá espis@espis.net
Símar: 0034-697-586-424 og 0034-687-797-778.

www.espis.net

Eiríkur kynnr sig á Myspace

„Þetta er auðvitað bara „the way to do it“ í dag,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson Eurovision-sérfræðingur um þá nýjung Eiríks Haukssonar að nota vefsíðuna Myspace til að kynna íslenska keppnislagið. „Auðvitað á maður að hafa allar klær úti og reyna að kynna lagið eftir bestu getu. Það væri bara óskandi að þetta náti til Íslendinga erlendis svo að þeir geti kosið hann.“

Myspace er ein mest heimsotta síðan á netinu með meira en hundrað milljónir notenda. Allir notendurnir eru með sérsíðu með mynd af sér, persónuupplýsingum og því sem þá langar að deila með umheiminum. Eiríkur Hauksson biðlar nú til allra á Myspace að setja mynd af honum sjálfum sem

aðalmynd á til að sýna stuðning við íslenska framlagið.

„Nú eru aðeins örfáir dagar til Eurovision og þá skiptir máli fyrir sanna Íslendinga að standa saman til sigurs! Það sýnir ekkert samstöðu betur heldur en að láta myndina sem fylgir sem profile picture á Myspace!“ segir í fréttatilkynningu frá Eiríki.

Á myndinni sem um ræðir stendur Eiríkur bisperrtur á hlýra-



bol, með bjór í hendi og svört sólgleraugu eins og alvöru rokkara sæmir. Nánari upplýsingar um þetta má finna á Myspace.com/iceland2007. -jar

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ




Hagkaup vilja virkt neytendalýðræði

Vita frambjóðendur til alþingiskosninga hvað neytendur vilja?

Viðskiptavinir Hagkaupa vilja frjálst val

Niðurstöður 4000 viðskiptavina liggja fyrir; 59,6% eru fylgjandi sölu á léttvíni og/eða bjór í verslunum Hagkaupa.*



Leyfum neytendum að ráða !

* Þessi könnun endurspeglar eingöngu viðhorf viðskiptavina Hagkaupa á því tímabili sem könnunin var framkvæmd en ekki allrar þjóðarinnar né heldur allra viðskiptavina Hagkaupa. Capacent Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Metin okkar

Íslendingar hafa alltaf verið metnaðarfull þjóð og við höfum alltaf verið ákaflega stolt af okkar afrekum, litlum sem stórum. Leifur fann Ameríku (og skilaði henni reyndar aftur ónotaðri), Jón Páll var sterkastur, Linda Pé, Hófi og Unnur Bé rúlluðu upp fegurðarsamkeppnunum, handboltalandsliðið varð heimsmeistari – að vísu í B-keppni, en það er sama – og Bridge-landsliðið landaði Bermúdaskálinni með slíkum glans að þjóðin varð gripin bridge-æði um langa hríð á eftir allt niður í grunnskóla og leikskóladeildir.

VIÐ höfum alltaf haldið því stolt á lofti ef þjóðin hefur mælst langlífust, ríkust eða hamingjusömumst og meira að segja vorum við létt stolt þegar þjóðin mældist lauslátust allra þjóða í alþjóðlegri könnun verjuframleiðanda fyrir nokkrum árum. Um það ræddi landinn með lævísu glotti á vör. Lauslátur, ríkur, langlífur og hamingjusamur skratti, samkvæmt könnunum, með besta vatn, lambakjöt, mjólk, smjör og lýsi í heimi.

ÞÁ var hátíð í bæ. Allt að gerast. Því er ekki að neita að þetta gríðarlega þjóðarstolt nýríkrar þjóðar hafði áhrif á uppvaxtarár ungs pilts. Ég drakk í mig þetta hugarfar. Ég man meira að segja eftir mér á gjábakka Almanna-gjár (elsta þing í heimi) sem táníngi og hvernig gæsa húðin hrís-láðist niður líkamann þegar ég fann hvernig rödd Íslands, ofan af Skaldbreið og niður eftir hrauninu og upp eftir gjánni, fram hjá Lögbergi, hvíslaði að mér snöggt en undurlítt: „Ísland, drengur minn, er besta land í heimi.“

Á síðari árum hefur hvarflað að mér að þessi upplifun hafi e.t.v. verið sprottin af hormónabreytingum unglingsáranna. Ég hef ör-lítið fengið efasemdir um boðskap raddarinnar, þótt enn deili ég vissulega á ákveðinn hátt megininntakinu. Á síðari árum hef ég einfaldlega fundið hjá mér djúpa þörf til að setja fyrirvara: Ísland getur, ef rétt er á spilum haldið, verið besta land í heimi. En svo-leiðis hvísla auðvitað ekki raddir við bakka Almanna-gjár.

ENDA grunar mig að þær hvíli ekki lengur. Þótt enn sé því haldið á lofti að á Íslandi sé allt best í heimi og margir reyni að tryggja áhrif sín til valda á slíkum málflutningi, í trausti þess að meginþorri þjóðarinnar sé þessar skoðunar – og líti jafnvel á það sem svik við land og þjóð að vera annarrar skoðunar – þá verð ég að játa að ég sé ýmis teikn á lofti um það að metin sem Íslendingar hafa sett á undanförunum árum séu ekki til þess fallin að blása þjóðarstolti í brjóst ungmenna eða annarra.

LÍTUM á: Ný könnun sýnir að börnin okkar eru mest einmana af öllum börnum á Norðurlöndum, vinnudagurinn er sá lengsti, við útskrifum einna fæst af fólki úr menntaskóla, vextirnir eru þeir langhæstu, verðbólgan líka. Ójöfnur vax. Ísland er dýrast í Evrópu. Og það sem er verst af öllu: Danir eru núna þeir hamingjusömumst. Og þá er fokið í flest skjól.

Sumarið er tíminn...



FÄNÖ blómápotur
Ø38 H65 cm 2.990,-

TÄRNÖ borð m/2 stólum
stál/gegnheill akasíuviður

BLANKÖ svalaborð
L40xB60 cm 1.590,-



1.290,-

GRENÖ púði
Ø25 L53 cm ýmsir litir



IKEA/PS BETSÖ grill
Ø35 H50 cm 4.990,-



KVARNÖ stóll
L59xB61xH83 cm 7.990,-/stk.
KVARNÖ borð
L100xB100xH72 cm 12.990,-
gegnheill akasíuviður



APPLARÖ sólbekkur
L199xB71xH33 cm
gegnheill akasíuviður 11.990,-



GRENÖ stólsessa
L50xB50xH14 cm 1.490,-



BJURÖN blómakassi
L51xB19xH17 cm
gegnheill akasíuviður 1.490,-



APPLARÖ borð/kollur
L50xB50xH27 cm
gegnheill akasíuviður 2.495,-



295,-
SOMMAR kertir
H12 cm verð pr. stk.



BOLLÖ bekkur
L90xB49xH86 cm
gegnheill akasíuviður 6.490,-



3.990,-

HEMSÖ borð m/2 stólum ýmsir litir

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga



195,-

IKEA Restaurant & Café

Kryddbakaður lax
með graslaukssósu, kartöflum
og grænmeti



490,-

IKEA Restaurant & Café



Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrir en verslun

www.IKEA.is